



Bændablaðið

13. tölublað 2014 ● Fimmtudagur 3. júlí ● Blað nr. 422 ● 20. árg. ● Upplag 31.000



Mosfellingarnir Kristján Andri Hreinsson og Sigríður Sara Káradóttir voru sæl og ánægð með sig á dögunum í heimsókn hjá ömmu og afa á Grjóteyri í Kjós. Þau voru boðin og búin að aðstoða á bænum og að gefa heimalningunum, þeim Botnín og Sibbu, örlítinn sopa úr pela. /ehg

Costco fáir ekki að flytja inn ófrosið kjöt

Ekki stendur til að breyta lögum um bann við innflutning á hráu kjöti til að liðka fyrir komu smásölukeðjunnar Costco til Íslands.

Bandaríska smásölukeðjan Costco hefur áhuga á að opna stórverslun á Íslandi og hefur í því skyni átt fundi með fulltrúum úr stjórnsýslunni auk þess að senda fjölmörg erindi inn í mismunandi ráðuneyti.

Í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins í gær var fjallað um málefni fyrirtækisins og meðal annars sagt að heimildir væru fyrir því að Costco vildi fá undanþágu frá banni við innflutningi á hráu kjöti. Rætt var við Ragnheiði Elínu Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem sagði að hún gæti lítið tjáð sig um viðræðurnar sem væru á borði margra ráðuneyta. Hún sagði þó eftirfarandi: „Ég sé fyrir mér að við getum látið þetta ganga, það eru augljóslega atriði sem þarf að greiða úr en á meðan þeir sýna þessu eins mikinn áhuga og mér finnst þeir gera erum við á þessum enda tilbúin að gera það sem í okkar valdi stendur til að greiða úr þeim úrlausnarefnum sem fyrir hendi eru.“

Í samtali við Bændablaðið sagði Ragnheiður Elín að hún væri ekki að boða innflutning á hráu kjöti að kröfu Costco. „Það sem ég var að vísa til í þessu viðtali var einfaldlega það að til þess að af komu þessa fyrirtækis megi verða eru ákveðnir hlutir sem þeir óska eftir að við tökum til skoðunar. Ég vil ekki tjá mig um þau atriði sem ekki eru á mínu borði. Almennt er ég mjög hlynnt komu þessa fyrirtækis þegar við erum að horfa á samkeppni í verslun. Ég sé ekki fyrir mér að reglum verði breytt fyrir þetta fyrirtæki eingöngu. Ég er ekki að boða innflutning á hráu kjöti með orðum mínum heldur það að yrði af þessu myndi það leiða til aukinnar samkeppni og aukins vöruúrvals almennt í verslun.“

/fr

Eurostat með nýjan neysluverðssamanburð Evrópuþjóða:

Matarverðið á Norðurlöndum er lægst á Íslandi

– Tólf ESB-þjóðir eru með svipað eða hærra verð en Ísland á neysluvörum og þjónustu

Samkvæmt nýrri samanburðar-könnun Eurostat á verð á neysluvörum innan Evrópulanda er Ísland enn með lægsta neysluverð af öllum Norðurlöndunum eins og í síðustu könnunum stofnunarinnar. Það á bæði við hvað varðar meðaltal allra neysluvara og þjónustu og eins neysluvara fyrir utan áfengi.

Í könnuninni, sem gerð var fyrir síðasta ár og birt var 19. júní, kemur fram að mikill munur er á verðlagi á milli ríkja innan Evrópusambandsins. Þá eru sex ESB-þjóðir með hærra neysluverð en Ísland, en sex ESB-þjóðir til viðbótar eru með

svipað verð og þekkist á Ísland og tvær Evrópuþjóðir utan ESB eru með umtalsvert hærra verð. Þá er verið að tala um margvíslegar vörur og ýmsa þjónustu, en á þeim lista voru tekin fyrir 2.400 þættir í vöru og þjónustu. Þar eru matvörur, fatnaður, raftæki af öllum toga, m.a. myndavélar, bílar, mótorkjól, varahlutir, viðgerðarþjónusta á farartækjum, eldsneyti, áfengi sem og verðlag á veitingastöðum og hótélum. Í þessari könnun var þó ekki tekið inn í dæmið verðlag á opinberri þjónustu eins og á skólakostnaði og heilbrigðisþjónustu. Er þetta gert í samstarfi Eurostat og OECD. Þar

er Ísland með 12 prósentustigum hærra verð en meðaltal 28 ESB-þjóða, sem er með vísitöluna 100.

Danmörk með hæsta verðlag ESB-þjóða

Langhæst er verðlagið í ESB-löndunum í Danmörku eða 140% sem er 40 prósentustigum fyrir ofan meðaltal. Þá kemur Svíþjóð með 130%, Finnland með 123%, Lúxemborg er líka með 123%, Írland með 118% og Bretland er með 114%. Í kjölfarið kemur svo Holland með 110%, Frakkland með 109%, Belgía með 109%, Austurríki með 107%, Ítalía með

103% og Þýskaland með 102%. Spánn er þarna rétt neðan við meðaltalið eða með 95%. Í þessum löndum er yfirgnæfandi fjöldi íbúa Evrópusambandsins.

Lægsta verðlagið er í Austur- Evrópu

Þau lönd sem draga hlutfallslega meðaltalið niður í tölum Eurostat eru öll í Austur- og Suður- Evrópu og vega í raun mun minna í heildarneyslunni. Þar sker Búlgaría sig úr með vísitöluna 48%, eða 52 prósentustigum fyrir neðan meðaltal 28 ESB-ríkja. Síðan kemur Rúmenía með 57%, Ungverjaland

með 60% og Slóvení, Lettland og Tékkland eru með 71% hver þjóð.

Hæsta verðlagið er í Sviss og í Noregi

Hæsta verðlagið í Evrópu samkvæmt könnun Eurostat er að finna í velmegunarlöndunum Sviss og Noregi. Í Sviss er það 156% miðað við meðaltal ESB og í Noregi er það 155%. Í báðum þessum löndum hefur verið töluverð þensla. Reyndar hefur þenslan verið svo mikil í Noregi að þar eru menn farnir að hafa talsverðar áhyggjur af alvarlegu bakslagi. /HKr.

- Sjá nánar í úttekt á bls. 18.

Fréttir

Úrhelli á Landsmóti

Úrhellisrigning var á Gaddstaðflötum á Hellu þar sem Landsmót hestamanna fer fram í gær, á þriðjudag og mánudag. Fresta þurfti keppnishaldi á þriðjudag og í gær.

Sigurður Ævarsson mótsskjóti segir að unnið sé að því að finna tíma fyrir þær greinar sem frestað var. Ekki komi til greina að fella niður keppnishald í neinum greinum. „Þetta er búið að vera erfitt og snúið. Við erum að vinna í því að breyta tímasetningum, í góðu samstarfi við keppendur. Þetta verður leyst, það er ekki í boði að fella neitt niður. Það spáir betra veðri á morgun [í dag] og það verður bara byrjað fyrr og verið að lengur.“

Veðrið hefur að mati Sigurðar haft einhver áhrif á þá dóma fram til þessa en allir sitji þó við sama borð. Hann segir mestu furðu hversu góðar brautirnar á Gaddstaðflötum séu, þrátt fyrir það mikla vatnsveður sem verið hefur. „Sérstaklega er kynbótavöllurinn góður, hann hefur alls ekki orðið sleipur.“

Gestir eru orðnir nokkuð hraktir eftir bleytuna síðustu daga en Sigurður segir að þó sé engan bilbug á þeim að finna. Í viðtali hér til hliðar sem tekið var fyrr í vikunni lofaði Sigurður góðu veðri á laugardaginn. Hann segist standa við það. „Ég sagði í viðtali við Bændablaðið fyrir mánuði að langtímaspár lofuðu góðu veðri á mótinu. Ég verð að éta það ofan í mig en ég vonast til að þetta fari að lagast og verði gott um helgina.“*/fr*

Hollvinafélag Lbhí: Þórir Haraldsson kosinn formaður

Þórir Haraldsson, framkvæmdastjóri Líflands, hefur verið kosinn nýr formaður Hollvinafélags Landbúnaðarháskóla Íslands. Hann segir að félagið muni hér eftir sem hingað til reyna að styðja við bakið á skólanum.

„Það sem er helst á döfinni hjá okkur er að horfa á hvað við getum gert til að hlúa að Landbúnaðarháskólanum. Við ætlum að reyna að láta aðeins í okkur heyra hvað varðar framtíð háskólans á staðnum sem nú er í talsverðri óvissu. Ég veit að menn hafa verið að funda um framtíð skólans en ég hef ekki heyrt að það væri komin um það nein endanleg niðurstaða. Það er að vænta yfirlýsingar frá félaginu vegna þessa en spurning hvort ráðamenn taki eitthvað mark á okkur. Það er okkar skoðun í Hollvinafélaginu að þarna eigi að starfrækja sjálfstæðan og öflugan háskóla. Það ætti að hjálpa okkur við að framleiða meiri landbúnaðarvörur á Íslandi og við höfum nægt landrými til þess.

Við þurfum að búa okkur undir það að verða verulega mikill valkostur fyrir Evrópu einkum hvað varðar græna, vistvæna og einnig lífræna framleiðslu á matvælum. Þó að Íslendingar séu kannski ekki mikið að sækjast eftir lífrænt framleiddum matvælum fara hópar fólks sem sækjast eftir slíku í Evrópu stöðugt stækkandi. Þar eigum við tækifæri,“ segir Þórir. */HKr.*



Þórir Haraldsson



Sigurður Ævarsson mótsskjóti er hvergi banginn í veðurspá sinni fyrir síðustu daga Landsmóts hestamanna. Þó að rignt hafi duglega í vikubyrjun með snörpum vindi segist hann lofa frábæru veðri á laugardagskvöldið. Mynd / HKr.

Sigurður Ævarsson, mótsskjóti Landsmóts hestmanna á Hellu:

Lofar blíðskaparveðri og veislu aldarinnar klukkan hálf tíu á laugardagskvöldið

– með veglegri keppni knapa og hesta og að lágmarki tíu til tólf þúsund gestum í brekkunni

Landsmót hestamanna verður formlega sett á Gaddstaðflötum við Hellu í kvöld. Sigurður Ævarsson mótsskjóti segir mótssvæðið vel til þess fallið að taka við svo umfangsmiklu móti sem stendur nú í átta daga, eða degi lengur en verið hefur. „Það verður blíðuveður hér klukkan hálf tíu á laugardagskvöldið. Þá verður veisla aldarinnar og mikið fjör með fjölda hesta og að lágmarki um tíu til tólf þúsund manns í brekkunum.“

Telur ekki þörf á að stytta mótið sem nú stendur í átta daga

Nokkur umræða hefur verið um hvort umfang Landsmótsins sé ekki að verða of mikið og kostnaðarsamt og vangaveltur um hvort ekki þurfi að breyta forminu og stytta mótstímamann niður í fjóra daga eða svo. Ljóst er að mikill tími fer í hrossadóma sem sumir vilja meina að eigi að klárast á félagsmótum í héraði. Um þetta eru þó mjög skiptar skoðanir.

„Mér finnst ekki rétt að stytta þetta. Sjö daga er bara fín veisla

og reyndar átta dagar núna af því að það bættust við kynbótahross,“ segir Sigurður.

„Það hefur margoft komið til tals að stytta mótshaldið en það eru ekki mörg mót síðan við bættum við einum degi og nú erum við búin að bæta við enn einum degi frá því sem var síðast. Þetta er í stanslausri þróun og það er ekkert mót alveg eins og mótið á undan. Samt er ekkert heilagt í þessu í sjálfum sér og fullkomlega eðlilegt að ræða þessa hluti.

Á þessu eru þó tvær hliðar. Það væri hægt að fækka hrossum og stytta þetta, en á móti kemur að það er gríðarleg veisla að vera hér með upp undir þúsund hross. Hér er öll flóran í hestamennsku og mjög þroskandi fyrir þá sem eru að byrja nýir í greininni. Þeir eru að keppa við þessa stóru og reyndari, sem er mjög gaman. Þá er þetta bara haldið á tveggja ára fresti og fyrstu dagar mótsins eru úrvinnsludagar. Frá fimmtudeginum er þetta bara hörð keppni bestu hesta í heimi. Fólk getur svo bara skammtað sér þann tíma sem það vill vera hérna.

Hér er mikið af úrvalshrossum sem koma með topp Einkunnir inn

á mótið. Það eru hestar heimsmet í kynbótahrossum og A-flokkurinn er með mikinn fjölda úrvalshesta. Úrvalið er því gríðarlegt.“

Fyrst og fremst nýliðunarhvetjandi

– Skiptir þetta mót þá ekki talsverðu máli upp á sölu á hrossum?

„Auðvitað skiptir það máli, en það stendur þó hvorki né fellur með því hvort einhver selji hesta á herra eða lægra verði. Þetta er fyrst og fremst hestamannasamkoma. Engin einn viðburður er eins sterkur í að hvetja nýliða til þátttöku og þetta mót. Þó ekki séu allir í hæsta flokki í einkunnum, þá fá menn þarna viðmið og þetta er mjög nýliðunarhvetjandi.

Ekki má heldur gleyma því að þetta mót er mikil innspýting fyrir sveitarfélagið og samfélagið allt, en hér er sett upp tíu til tólf þúsund manna þorp sem starfrækt er í rúma viku.“

Sigurður segir að mótsvæðið á Hellu sé mjög gott á margan hátt þó öll mótsvæði á landinu hafi hvert sinn sjarna. „Hér er hægt að fylgjast með öllu með stuttum fyrrvara þar

sem mjög stutt er á milli valla.“

Sigurður segir að Landsmótið sé klárlega alþjóðlegur viðburður og af þeim ástæðum sé ekkert að því að það standi í sjö eða átta daga. Þá sé líka allt tekið upp og sent út á netið í beinni útsendingu af tveim völlum framan af mótinu og af einum velli í restina. Óvenju mikið sé nú um að útlendingar séu að streyma sjónvarpsefni af mótinu sem hljóti að vera til góðs.

Nauðsynlegt að allir standi saman

Í gegnum tíðina hafa iðulega komið fréttir af ágreiningi um hvar eigi að halda næstu mót. Þar hafa jafnvel komið upp hugmyndir um að binda mótshaldið við tvo til þrjá staði og aðrar um að halda fleiri stöðum inni í myndinni. Sigurður segir það mjög jákvætt að slegist sé um að fá að halda mótið og það sýni best stöðu þessa viðburðar. Sárindi sem verði oft til upp úr slíkum slag séu þó ekki góð. Segir hann því nauðsynlegt að allir beri gæfu til að standa saman eftir að ákvörðun er tekin um næsta mótsstað. */HKr.*

Garðyrkja gegn losun gróðurhúsalofttegunda

Garðyrkja á Íslandi bindur tífalt magn gróðurhúsalofttegunda á við það sem hún losar. Samkvæmt mati er binding garðyrkjunnar á koltvísýringi um 4.000 tonn á ári á meðan losun í greininni er um 440 tonn.

Þetta kemur fram í mati Verkfræðistofu Jóhanns Indriðasonar sem gert var að beiðni Sambands garðyrkjubænda. Matíð byggir á erlendum rannsóknum og upplýsingum frá sambandinu og Sölufélagi garðyrkjumanna. Niðurstaða matsins er að flutningur matjurta frá framleiðendum á markað valdi losun á koltvísýringi sem nemur 220 tonnum. Losun vegna annarra þátta framleiðslunnar sé jafnmikil. Á



sama tíma bindi ræktunin um 4.000 tonn af koltvísýringi.

Fram til ársins 2020 þarf Ísland að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 31 prósent. Rætt hefur verið um mikilvægi aukinnar skógræktar og landgræðslu í þeim efnum, þ.e. hvað varðar bindingu á gróðurhúsalofttegundum umfram losun. Hins vegar hefur samdráttur í framlögum skógræktar frá efnahagshruni valdið því að dregið hefur úr skógrækt sem hafa mun áhrif á framtíðarbindingu. Því er ljóst að garðyrkja hefur hlutverki að gegna í þessum efnum og hugsanlega væri hægt að auka vægi hennar enn frekar til framtíðar. */fr*



Í 9^{AF} EFSTU SÆTUNUM*



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG




SAMSUNG



ANNAÐ MERKI



SAMSUNG



LOFORÐ ERU EITT - STAÐREYNDIR ANNAÐ

SAMSUNG SJÓNVÖRP HAFA FENGIÐ MJÖG LOFSAMLEGA DÓMA UM HEIM ALLAN FYRIR NÝSTÁRLEGA OG FULLKOMNA TÆKNI OG FRÁBÆR MYNDGÆÐI. VIÐ HJÁ **SAMSUNG SETRINU** OG **ORMSSON** HÖFUM ÞESS VEGNA LEYFT OKKUR AÐ FARA MEÐ HÁSTEMMT LOF UM SAMSUNG SJÓNVÖRPIN Í AUGLÝSINGUM OKKAR - ENDA FULL ÁSTÆÐA TIL!



SÍÐUMÚLA 9
REYKJAVÍK
SÍMI 530 2900

LÁGMÚLI 6-8
REYKJAVÍK
SÍMI 530 2800

VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

* BIRT Á MBL.IS 16.6.2014 - [HTTP://WWW.MBL.IS/FRETTIR/TAEKNI/2014/06/16/SAMSUNG_I_NIU_AF_TIU_EFSTU_SAETUNUM/](http://www.mbl.is/frettir/tækni/2014/06/16/samsung_i_niu_af_tiu_efstu_saetunum/)
BIRT Á VB.IS 17. JÚNÍ 2014 - [HTTP://WWW.VB.IS/EFSTIRVINNU/106449/](http://www.vb.is/efstirvinnu/106449/)

Fréttir

Bændasamtök Íslands skora á FEIF:

FEIF að einagrast

Stjórn Bændasamtaka Íslands hefur farið fram á að FEIF, alþjóðasamtök íslenska hestsins, banni notkun á mælum með tunguboga og vogaraflí í keppnum á vegum samtakanna. Landssamband hestamannafélaga (LH) hefur þegar bannað notkun slíkra mæla og verða þau til að mynda óleyfileg á komandi landsmóti.

Ákvörðun LH er í samræmi við áskorun yfirdýralæknis um bann við notkun mælanna og er byggð á rannsóknum Sigríðar Björnsdóttur, dýralæknis hrossasjúkdóma, og Þorvaldar Kristjánssonar, kennara við Landbúnaðarháskóla Íslands. Rannsóknir þeirra hafa sýnt að notkun slíkra mæla eru afgerandi áhættuþáttur fyrir áverka á kjálkabeini hjá keppnishestum.

Stjórn Bændasamtakanna óskaði eftir afstöðu Fagráðs í hrossarækt hvað viðkemur banni á notkun umræddra mæla. Niðurstaða Fagráðs er að beina því til FEIF að banna notkun einjárnunga og einbrotinna mæla með tunguboga og vogaraflí. Undir þá afstöðu tekur stjórn Bændasamtakanna og hefur stjórnin



Mél með tunguboga.

sent formanni FEIF bréf þar sem farið er fram á að málið verði tekið til umfjöllunar í kynbótanefnd FEIF.

FEIF virðist því vera að einagrast í afstöðu sinni hvað varðar notkun mæla með tunguboga og vogaraflí, en bæði Félag tamningamanna og Félag hrossabænda hafa sent áskorun á til FEIF um að banna notkun mælanna. Þá hafa 39 sænskir hestaþróttadómarar skorað á FEIF að banna mælin, en rannsóknir í Svíþjóð hafa gefið líkar niðurstöður og koma fram í rannsókn Sigríðar og Þorvaldar.



Jón Albert Kristinnsson, formaður Landssambands bakameistara, telur að landsmenn geri sér almennt ekki grein fyrir því að rúnnstykki, snittubrauð og sætabrauð af hinu og þessu tagi sem keypt eru í stórmörkuðum eigi sér ekki íslenskan uppruna. Stór hluti þess brauðs sem seldur er í stórmörkuðum og víða annars staðar kemur bæði frá Austur- og Vestur-Evrópulöndum og er fluttur til landsins frosinn.

Mynd / HKr.

Vaxandi hluti brauðmetis landsmanna framleitt í útlöndum:

Um 1.800 tonn af innfluttu frosnu deigi og brauði flutt inn á rúmu ári

– Viðskiptavinir vita lítið um hvar í heiminum brauðið er hrært saman

Innflutningur hingað til lands á frosnu brauði og/eða deigi sem m.a. er notað til að baka snittubrauð, rúnnstykki eða sætabrauð af ýmsu tagi hefur aukist mikið undanfarin ár. Alls nam innflutningur á slíku deigi á 14 mánaða tímabili, frá mars árið 2013 til loka apríl í ár, um 1.800 tonnum. Tollskráarnúmer tóku breytingum 1. mars 2013 þegar sykurskattur í núverandi mynd tók gildi og því er ekki hægt um vik að nálgast upplýsingar um sömu tollskrárnúmer lengra aftur í tímann. Upplýsingar um innflutningstölur eru fengnar af vef Hagstofunnar og gefa vísbendingar um umfang þessa innflutnings.

Keppum ekki á jafnræðisgrundvelli

Jón Albert Kristinnsson, formaður Landssambands bakameistara, segir að um sé að ræða þróun sem orðið hafi á all löngum tíma, líklega staðið yfir í um tvo áratugi, en hafi undanfarin ár aukist til muna.

„Þetta er ákveðin þróun sem orðið hefur í þessum efnum og ekki neitt við henni að gera. Við bakarar erum talsmenn frjálsrar samkeppni en það er vissulega alvarlegt fyrir okkur sem í greininni störfum að við höfum ekki tækifæri á að keppa við þennan innflutning á jafnræðisgrundvelli. Ástæðan er sú að Ísland er lítill markaður og við framleiðum ekkert af því hráefni sem notað er í brauð ef frá er talið vatnið sem er íslenskt.“

Gjaldeyrismálin skekkja samkeppnisstöðuna

Jón Albert segir íslenska bakara bera sig vel og þeir séu almennt hlynntir því að samkeppni ríki á þessum markaði. „Það skekkir

niðurstöðuna hins vegar í þessu máli að við sitjum alls ekki við sama borð, krónan er á eilífu flökti á meðan gjaldmiðill þeirra landa sem okkur er ætlað að keppa við er stöðugur. Ef sú væri raunin hér á landi, stöðugri gjaldmiðill og sambærilegir vextir, yrði okkur betur gert kleift að keppa við þennan mikla innflutning á frosnu brauði og deigi,“ segir hann.

Verksmiðjubakarí framleiða úr eigin hveiti

Formaður Landssambands bakameistara telur að landsmenn geri sér almennt ekki grein fyrir því að rúnnstykki, snittubrauð og sætabrauð af hinu og þessu tagi sem keypt eru í stórmörkuðum eigi sér ekki íslenskan uppruna.

„Eflaust halda margir að þeir séu að borða „íslenskt og nýbakað“ brauð þegar þeir grípa þetta með sér en svo þarf ekki að vera.“

Mikið er um innflutning á þessu frosna deigi og brauði frá Evrópulöndum, bæði Austur- og Vestur-Evrópulöndum. Þetta eru lönd þar sem gjarnan er mikil hveitiframleiðsla og verksmiðjubakarí hafa verið sett upp samhliða til að nýta eigið hveiti. Þessi bakarí selja svo framleiðslu sína um allan heim. Það er í raun saman hvort þú borðar rúnnstykki á hóteli í Reykjavík eða Kúala Lúmpúr, uppruninn er sá sami,“ segir Jón Albert.

Jón Albert segir vissulega umhugsunarefni að hægt sé að bjóða brauð á því verði sem raunin er í stórmörkuðum í ljósi þess að búið er að senda brauðið eða deigið frosið um langan veg frá meginlandi Evrópu og yfir hafið hingað til lands. Auk stórmarkaða er algengt að hótél og veitingastaðir bjóði upp á innflutt brauð, sem flutt hefur verið frosið hingað til landsins.

Viðskiptavinir afgreiða sig sjálfir og enginn fylgist með

Jón Albert nefnir einnig annað atriði sem skekki samkeppnisstöðu íslensku bakaríanna, en það eru heilbrigðismálin. Bakarí sitji fráleitt við sama borð og t.d. stórmarkaðir þegar kemur að heilbrigðiseftirlitinu. Ríkar kröfur séu gerðar til hollustuhátta þegar kemur að starfsemi íslenskra bakarí, en svo virðist sem þær reglur gildi ekki um stórmarkaði þar sem brauð er bakað í töluverðum mæli og viðskiptavinir afgreiða sig gjarnan sjálfir.

„Við höfum alls ekki á móti því að gerðar séu til okkar kröfur um að heilbrigðismálin séu í lagi hjá okkur, en þykir líka eðlilegt að sama gildi um aðra. Fólk afgreiðir sig sjálf, gjarnan úr opnum rekkum. Enginn fylgist með hvort farið er með hendurnar í brauðið eða menn jafnvel hnerri óvart yfir það. Einnig finnst okkur bókurum undarlegt að það skuli vera leyfilegt að afgreiða opna ópakkaða vöru, eins og brauð á bensínstöðvum, oft af sama fólki og á sama tíma er að sýsla með olíu og aðra óþrifavöru. Mér vitanlega hefur heilbrigðiseftirlit ekki gert athugasemdir við þessa afgreiðsluhætti,“ segir Jón Albert.

Engin leið að stöðva þróunina

Hann segir enga leið að stöðva þá þróun sem orðið hafi í þessum efnum, flestir stórmarkaðir og stóru hótélir og veitingastaðirnir hér á landi hafi fyrir löngu dregið saman viðskipti sín við íslenska bakara. Brauðið er flutt inn sem frosið deig og/eða óbakað frosið brauð og viðskiptavinir hafa litla hugmynd um hvar í heiminum það hefur verið hrært saman. Töluverður gjaldeyrir fer einnig í kaup á þessari vöru og þá má leiða að því líkur að einhver störf yrðu til ef allt það brauð sem landsmenn neyta yrði framleitt hér á landi.

/MDD



Guðbjörg Jónsdóttir.



Guðrún Stefánsdóttir.

Breyting á stjórn Bændasamtakanna

Breyting varð á stjórn Bændasamtakanna á síðasta stjórnarfund, sem haldinn var í Bændahöllinni 18. júní síðastliðinn. Guðbjörg Jónsdóttir frá Læk í Flóahreppi sat þá sinn síðasta stjórnarfund en í stað hennar kemur Guðrún Stefánsdóttir, bóndi í Hlíðarendakoti í Fljótshlíð.

Guðbjörg hefur hætt búskap og samkvæmt samþykktum Bændasamtakanna geta einungis þeir einstaklingar og lögaðilar sem stunda búrekstur í atvinnuskyni eða til eigin nota átt aðild að samtökunum. Af þessum ástæðum vikur Guðbjörg

nú úr stjórn. Bændablaðið þakkar Guðbjörgu fyrir góð störf og ánægjuleg samskipti og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Guðrún Stefánsdóttir, bóndi í Hlíðarendakoti í Fljótshlíð, er varamaður Guðbjargar í stjórn Bændasamtakanna og tekur hún því sæti hennar. Því er meirihluti stjórnar eftir sem áður konur, en aðrir stjórnarmenn eru Sindri Sigurgeirsson formaður, Einar Ófeigur Björnsson, Fanney Ólöf Lárusdóttir, Guðný Helga Björnsdóttir, Vigdís Sveinbjörnsdóttir og Þórhallur Bjarnason.

/fr

Garðtraktorar

mikið úrval

	Reykjavík: Krókháls 16 110 Reykjavík Sími 568-1500	Akureyri: Lönsbakka 601 Akureyri Sími 568-1555	Vefsíða: www.thor.is
--	--	--	--------------------------------

Rúlluplastið sem bændur treysta



Verð á rúlluplasti

	Litur	Verð*	Magn á bretti
Teno Spin – 750 x 0,025 x 1500	Hvítt	11.800	15 rúllur
Westfalia Net – 123cm x 3000m		25.530	
Randofil Garn – 3500 m pr. rúllu		3.500	

*Verð án vsk. – kr/rúllu



Sláturfélag Suðurlands svf. • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 6000 • www.ss.is



Propionsýra
fyrir kornbændur
Aukið geymslupól og minni afföll.



Móttaka pantana hjá Olís
í síma 515 1100 eða hjá næsta útibúi.

Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði.

Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu.

Árgangurinn kostar kr. 7.200 en sjötugir og eldri og lifeyrisþegar greiða kr. 3.600.

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is

Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Freyr Rögnvaldsson fr@bondi.is – Sigurður M. Harðarson smh@bondi.is

Auglýsingastjóri: Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Sími: 563 0303 – Myndvinnsla og frágangur: Prentsnið.

Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is Netfang auglýsinga er augl@bondi.is Vefsíða blaðsins er www.bbl.is

Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

LOKAORÐIN

Veljum íslenskt

Notkun á gróðureyðingarefnum, fúkkalyfjum og öðrum hjálparefnum í landbúnaði á Íslandi er einhver sú allra minnsta sem þekktist í heiminum. Þar af leiðir eru landbúnaðarvörur sem hér eru framleiddar einhverjar þær heilnæmustu sem mögulegt er að fá og lausar við óæskileg aukaefni sem víða eru fylgifiskur stórfraðleikslu í landbúnaði í öðrum löndum.

Eftir þessu er tekið í útlöndum og hingað hafa verið sendir erindrekar til að læra af íslenskum bændum. Samt vinna ákveðin öfl í samfélaginu stöðugt að því að gera framleiðsluvörur íslenskra bænda tortryggilegar.

Það þarf ekki að fara í graf götur með að á bak við neikvæða umfjöllun um íslenska landbúnaðarframleiðslu standa öflug hagsmunaflokkar sem vinna leynt og ljóst að óheftum innflutningi landbúnaðarvara. Þannig geta sömu menn komist í kjörstöðu til að stýra allri verðlagningu á landbúnaðarvörum. Menn vita sem er að án verndar af einhverjum toga eins og í nágrannalöndunum mun íslenskur landbúnaður ekki standast samkeppni við erlenda stórfraðleikendur. Við slíkar aðstæður yrðu innflytjendur í yfirburðstöðu. Það er því langur vegur frá að þessi áróður sé af sérstakri væntumþykju fyrir íslenskum neytendum. Það hefur sannast best á könnunum Eurostat, reiknistofu Evrópusambandsins, og er nýjasta könnun stofnunarinnar á verðlagi í Evrópuríkjum þar engin undantekning.

Í nýrri verðkönnun Eurostat sem birt var 19. júní kemur greinilega fram að það er íslenskt matvælaframleiðsla sem viðheldur lægsta matarverði á Íslandi af öllum Norðurlandarárkjunum. Sama hefur verið uppi á teningnum í síðustu könnunum Eurostat. Þar kemur líka fram að sala raftækja á Íslandi, þar sem engin samkeppni ríkir við íslenska framleiðslu, er sér á báti á evrópskan mælikvarða. Hér er verð raftækja það hæsta sem þekktist í Evrópu þó að samkeppnin við óheftan innflutning sé engin og tollar mjög lágir. Þetta sýnir svart á hvítu að án samkeppni við íslenska framleiðslu haga innflytjendur sér eins og þeim sýnist. Væntumþykjan fyrir íslenskum neytendum er þá greinilega það fyrsta sem fýkur út um gluggann. Þetta mættu ýmsir þeir sem lagst hafa á sveif með andstæðingum íslensks landbúnaðar hafa í huga næst þegar þeir munda pennann. Varla lýgur Eurostat. /HKr.

LEIÐARINN

Þið fáid aldeilis veðrið!

Það er alþekkt í sögu okkar Íslendinga og reyndar annarra þjóða að ræða manna á milli um veðrið. Þegar bændur hittast er mjög algengt að ræða um tíðarfarið enda fullkomlega skiljanlegt þar sem bændur eiga allt sitt undir sól og regni. Best er þó að þetta sé allt í hæfilegu hlutfalli og í hófi.

Undan vorinu er ekki hægt að kvarta. Víðast hvar um landið var frábært veður, hlýtt og gott, gróður fór mjög vel af stað sem auðveldaði öll vorverk, t.d. sauðburð og jarðrækt. Júnímánuður var hins vegar mjög misjafn eftir landshlutum. Mánuðurinn fór reyndar vel af stað í byrjun og þeir sem áttu tún sem voru tilbúin til sláttar í júníbyrjun náðu úrvalshyjum. Megnið af júnímánuði hefur þó verið votviðrasamt á suður og vesturlandi en mun betri á norðanverðu landinu.

Knapar og gestir á Landsmóti hestamanna á Hellu hafa ekki farið varhluta af veðrabrigðum undanfarna daga. Mótið byrjaði í góðu veðri á sunnudag en rigning og rok urðu þess valdandi að fresta þurfti dagskrá mótsins á þriðjudag eftir að unglingarnir höfðu riðið eins og hetjur við erfið skilyrði. En eins og við vitum þá stytta öll el upp um síðir og því ekkert til fyrirstöðu að drífa sig á Gaddstaðaflatir við Hellu og skoða bestu kynbótahross og gæðinga landsins.

Hestakostur Landsmótsins nú í ár er nefnilega magnaður, einkunnir úr forkeppnum gæðinga á mótinu staðfesta framför í ræktun og reiðmennsku og sá fjöldi kynbótahrossa sem skráður er til leiks sýnir að mikil framför á sér stað í ræktun kynbótahrossa í landinu.

Hrossaræktin er öflug búgrein innan vébanda

Bændasamtaka Íslands og ljóst að mikil gróska er í ræktun íslenska hestsins og í hestamennsku almennt. Aldrei hafa fleiri kynbótahross unnið sér rétt til þátttöku á Landsmóti Það er hins vegar áhugaverð staðreynd, þó svo að kynbótahrossin séu fleiri nú en á síðasta landsmóti, þá komu færri hross til dóms í ár heldur en árið 2012. Samkvæmt samantekt Ráðgjafarmíðstöðvar landbúnaðarins ná 22% sýndra hrossa lágmörkum inn á Landsmót í ár en þetta hlutfall var 14% árið 2012.

Íslenski hesturinn hefur vanist því í gegnum tíðina að vera brúkaður við ýmsar aðstæður og í öllum veðrum. Hann kippir sér því ekki upp við það þó svo að lítilliga blotni og blási þegar hann er tekinn til kostanna. Það sama má segja um gesti Landsmóts, áhugamenn um íslenska hestinn mæta til að fylgjast með sínum hestum og knöpum alveg óháð veðursþá.

Gæðastýring og vistvæn vottun

Það er að verða árlegt og alveg óháð veðráttu að Fréttablaðið og aðrir miðlar 365 noti sumarmánuði til að fjalla um landbúnaðarmál, sem er fagnaðarefni. Undanfarna daga hafa miðlarnir fjallað um merkingar og vottanir á landbúnaðarvörum. Gagnrýnt hefur verið að íslenskir búvöruframleiðendur séu að nota vottun um vistvæna framleiðslu sem ekki sé innstæða fyrir.

Þegar reglugerð um þetta var sett á sínum tíma var af hendi BÍ lögð áhersla á að aðgreina vistvæna framleiðslu skilmerkilega frá lífrænni framleiðslu, enda áhugi á þeim tíma að kvikna

áhugi á hvers konar merkingum og vottunum á búvörum.

Það verður hins vegar að viðurkennast að á seinni árum hefur þessi vottun orðið merkingarlítill, bæði vegna þess að reglubundnu eftirliti hefur ekki verið haldið uppi af opinberum aðilum og ekki hefur verið fylgt eftir þróun og nýjum viðhorfum í merkingum slíkra afurða. Það er því mikilvægt að staldra við og endurskoða slíkar merkingar á búvörum. Bændasamtökin hafa lagt mikla áherslu á upprunamerkingar matvæla og skorast ekki undan ábyrgð í að skoða þessi mál ofan í kjölinn. Mikilvægt er að neytendur geti treyst öllum slíkum merkingum, viti hverjir framleiðsluhættirnir eru og jafnframt hvernig eftirlitinu er háttað. Þar fara hagsmunir bænda og neytenda vissulega saman.

Gæðastýring í sauðfjárrækt hefur einnig verið til umræðu og þar hefur verið gagnrýnt að það skorti á aðgreiningu lambakjöts til neytenda, hvort um sé að ræða gæðastýrt kjöt eður ei. Þessi umræða er eðlileg og rétt að skýra út hvernig gæðastýringin er til komin.

Í samningi við ríkið um starfskilyrði sauðfjárræktar sem tók gildi 2001 er samið sérstaklega um gæðastýrða sauðfjárramleiðslu er taka átti gildi árið 2003. Markmið gæðastýringar voru að framleiða dillakjöt eftir kröfum um skilgreindan framleiðsluferil, hollustu og umhverfisvernd.

Með tilkomu gæðastýringar í sauðfjárrækt var lagður grunnur að aukinni fagmennsku og betri búskaparhættum í framleiðslu lambakjöti með því að beina stuðningi ríkisins að hluta til í þann farveg. Á þeim tíma var ekki lagt upp með að aðgreina vöruna til neytenda heldur fyrst og fremst að nýta hluta að fjármunum sauðfjársamnings til að tryggja ákveðna framleiðsluhætti. Umræða undanfarinna daga vekur hins vegar um upp spurningar um hvort ekki sé komið að þeim tímamarki að aðgreina gæðastýrða framleiðslu frá annarri framleiðslu eða hreinlega að ganga alla leið, og framleiða eingöngu lambakjöt sem stenst kröfur um gæðastýrða framleiðslu? /SSS

Í útreiðartúr

Bjarni Alexandersson er hreint ekki af baki dottinn í hestamennskunni þótt aðeins séu fimm mánuðir í 82 ára afmælið. Hér ríður hann hinum 23 vetra Streng, sem virðist heldur ekkert vera að gefa eftir þrátt fyrir aldur. Umhverfið er síðan ekki amalegt í hinna fallega gulu sandfjöru á Stakkhamarsnesi á sunnanverðu Snæfellsnesi. Bjarni þekkir fjöruna vel enda var hann bóndi um áratuga skeið á bænum Stakkhamri þarna skammt fyrir ofan.

Mynd / Selma Ramdani



Líf og starf



Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra var vígalegur með klippurnar þegar hann klippti á borðann og vígði þar með formlega nýju réttirnar að viðstöddu fjölmenni.

Vígsla nýrra Tungnarétta – réttað í nýjum réttum 13. september

Í febrúar 2012 stofnuðu heima-menn í Biskupstungum félagið Vini Tungnarétta gagngert til að endurbyggja réttirnar í uppruna-legri mynd. Stofnfélagar voru um 100 talsins. Á stofnfundinum kom strax í ljós að mikill áhuga var fyrir verkefninu og fjöldi stofnfélaga fór fram úr björtustu vonum. Rúmlega tveimur árum síðar, eða laugardaginn 21. júní 2014 fór fram vígsla á nýjum og glæsilegum réttum með borðaklippingu Sigurðar Inga Jóhannssonar landbúnaðarráðherra.

Fyrsta embættisverk nýs oddvita

„Það var mér afskaplega mikil ánægja að vera í Tungnaréttum þennan laugardag og taka formlega við réttunum frá Vinum Tungnarétta en þetta var fyrsta embættisverk mitt, sem nýkjörinn oddviti Bláskógabyggðar,“ segir Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar, þegar hann var spurður út í vígsluna. Frá gamalli tíð stóðu Tungnaréttir á bakka Tungufljóts í landi Holtakota, rétt ofan við Koðralæk. Þær voru hlaðnar úr hraungrjóti eins og algengast var á þeim tíma. Árið 1955 var ráðist í



Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur var fenginn til að blessa nýju réttirnar. Hér er hann að spjalla við Kristján Val Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti.



að endurnýja réttirnar og þá voru þær færðar niður með fljótinu og reistar við fossinn Faxe eða á þeim stað þar sem þær eru núna. Á næsta ári verður haldið upp á 60 ára afmæli réttanna.

Vinir Tungnarétta og sjálfboðavininn

Vinir Tungnarétta er hópur fólks úr Biskupstungum og víðar, sem hefur endurgert réttirnar á síðustu tveimur



Að sjálfsögðu var boðið upp á söngvatn og lagið tekið við vígsluna, en Tungnaréttir eru einna þekktastar fyrir mikinn og raddaðan söng.



Oddviti og varaoddviti Bláskógabyggðar, þau Helgi Kjartansson og Valgerður Sævarsdóttir, afhentu Brynjari Sigurðssyni, formanni Vina Tungna-rétta, þakklætisskilti sem verður komið fyrir á góðum stað í réttunum. Bláskógabyggð á nú réttirnar.

árum, allt unnið í sjálfboðavinnu. Stjórn félagsskaparins hélt vel utan um allar þær vinnustundir sem unnar hafa verið í sjálfboðavinnu en þær eru samtals 2.750 klst. Þá hefur mikil vélavinna verið gefin og samkvæmt bókhaldi félagsins voru þær samtals 627 klst. Efni hefur verið gefið af einstaklingum og fyrirtækjum fyrir tæpar þrjár milljónir. Einnig hafa einstaklingar gefið fjármuni beint

til félagsins. „Ég er mjög ánægður með enduruppbyggingu réttanna og þá miklu vinnu, sem fólk hefur lagt á sig, það er stórkostlega að finna samtakamáttinn í sveitinni og langt fyrir utan hana, nú á Bláskógabyggð réttirnar og mun sjá um þær um ókomna tíð,“ segir Brynjar Sigurðsson, formaður Vina Tungnarétta og bóndi á Heiði.

/MHH

MÆLT AF MUNNI FRAM

Eftir góðviðri genginna vikna verður þáttur þessi helgaður veðurvísium. Það er næsta merkilegt hvað sælir sólardagar eru fljótir að fá okkur til að gleyma hinum grimmu illviðradögum. Ekki þarf nema lítinn sólargeisla til að auka okkur bjartsýni og blásandi byr undir vængi. Veðurspáin fyrir næstu daga er heldur hryssingsleg, djúpar lægðir ganga yfir landið í sporaslóð. Fyrsta vísa þáttarins er eftir **Guðmund Sigurjónsson** frá Valbjarnarvöllum:

Yfir okkur laumast lægðir, leiðum veðrum stýra þær, en nú verð ég að hafa hægðir. „Hvar er Mogginn frá í gær?“

En aðeins það að vita af batnandi veðurútliti léttir lundina. **Ásmundur Guðmundsson** frá Auðsstöðum orti næstu vísu á útmánuðum:

Þó að fönn í frosti braki fegri og betri gefur heit, að vita senn af vængjataki vorsins upp í Hálsasveit.

Erlingur Jóhannesson orti í einhverju kuldakastinu:

Kuldagrimmd var linnulaus, líka rokur harðar, bunan oft hjá bændum fraus, bara á leið til jarðar.

Í gegnum aldirnar hefur veðrið verið skáldunum hugleikið. Í ljóðabréfi **Jóns Þorsteinssonar** frá Arnarvatni frá þeim harða vetri 1881-1882 er að finna smá vonarglætu um veðrabrigði:

Ekki er fyrir enda að sjá enn að fari betur, þó er mesti munur á, mörgu, eða í vetur.

Feginn varð ég sól að sjá, svo það færi að hlýna um, það hefur heldur húsað frá, hjartastöðvum mínum.

Leyfi ég hverjum þíðuþyt þægum gott að vita, tek ég sérhvert geislaglit, og geri mér allt að hita.

Þetta er lífsins leyndarmál, laust af öllum beislum, mín in hinsta hestaskál, húrra öllum geislum!

Og hver kannast ekki við þessar fleygu vísur **Stephans G. Stephanssonar**:

Ekki þarf í það að sjá -þér ég aftur gegni- ég er bóndi, allt mitt á undir sól og regni.

Þó að einhver þykktist mér, það er smátt í tapi. Veðuráttin aldrei fer, eftir manna skapi.

Og í góðviðri genginna daga byrjaði **Einar Kolbeinsson** í Bólstaðarhlíð að slá. Uppnuminn yfir ágætisverkum sínum offraði hann hringhendu á fyrsta sláttudegi:

Sumars máttur seður trú, seint þó háttu megi, fús og sáttur fagna nú, fyrsta sláttudegi.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com

Fréttir

Bústólpi setur á markað nýjar kjarnfóðurlöndur

Hjá Bústólpa hafa nú verið þróaðar og settar í sölu tvær nýjar kjarnfóðurlöndur sem ætlað er að tryggja hámarksefnamagn í mjólk, bæði fitu og prótein, um leið og nýtt er hámarkuð. Með þessu fóðri eru sameinaðir kostir hefðbundinna fiskimjölsblandna Bústólpa og sérblandna sem ætlað er að vinna sérstaklega gegn lágu fituinnihaldi í mjólk.

Nafnið „Premium Pro-Fit“ (Pemium-Prótein-Fita) er lýsandi fyrir fóðurlönduna sem stuðlar að auka premíu fyrir mjólkina og vinnur að háu prótein- og fituinnihaldi samtímis.

Frá því að upp kom sú staða að verulegt magn mjólkur vantaði, og þá sérstaklega fitu, til að sinna þörfum markaðarins hefur verið leitað allra leiða til að ná aukinni nýtt og aukinni fitu í mjólk með aukinni kjarnfóðurgjöf. Frá þeim tíma hafa verið reyndar hjá Bústólpa ýmsar sérblöndur sem innihalda hátt hlutfall sykkurófuhrats og einnig Megalac og Megafat húðaða fitu. Jafnhliða hefur verið unnið að þróun á nýju fóðurlöndum sem nú eru komnar á markað.

Mikilvægt að glata ekki góðum árangri

Við þessar aðstæður er mikilvægt að glata ekki þeim góða árangri

sem náðst hefur í mjólkurmagni og próteininnihaldi mjólkurinnar með gjöf á fiskimjölsríkum fóðurlöndum Bústólpa. Þegar hækka á fituna er því mikilvægt að horfa til allra efnaþáttanna og mjólkurmagnsins í einu, með því móti einu ná bændur að hámarka afurðir sínar og afkomu.

Tilraunir hafa sýnt að fóðrun með kúafóðri Bústólpa sem inniheldur ríkulegt magn af hágæða fiskimjöli (háprótein kolmunnamjöl) gefa besta raun. Þannig hafa samanburðartilraunir sýnt að gefa þarf 10-12% meira magn af jurtapróteinblöndum okkar til að ná sama árangri í mjólkurmagni. Þetta skiptir nú enn meira máli þegar auka á kjarnfóðurgjöf til að ná hámarks nýtt þar sem augljóslega er hægt að auka gjöf af fiskimjölsblöndunum meira án þess að það valdi truflun á meltingarstarfsemi kúnna.

Við þróun blandanna hefur því sérstaklega verið horft til þess að hámarka fitu, prótein og mjólkurmagn samtímis. Við þessa vinnu hefur Bústólpi m.a. notið aðstoðar frá sérfræðingateymi Volac á Englandi og 3CF (Three Counties Feeds) sem annars vegar eru framleiðendur húðuðu fitunnar og hins vegar sjálfstætt starfandi teymi fóðurfræðinga. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Bústólpa.



Helgi Sveinbjörnsson með eina af myndum sínum á sýningunni í Slakka. Helgi er reyndur ljósmyndari sem hefur þó ekki mikið verið að flagga verkum sínum í gegnum tíðina. Fleiri kannast eflaust við handbrögð hans sem kvikmyndatökumanns hjá Sjónvarpinu fyrir þó nokkuð mörgum árum.

Tvær ljósmyndasýningar opnaðar í Slakka

Saga Slakka

Helgi Sveinbjörnsson opnaði tvær ljósmyndasýningar í dýragarðinum Slakka í Laufási í gær, 2. júlí, að viðstöddum mörgum þekktum einstaklingum og fjölda gesta. Þar er annars vegar um að ræða ljósmyndir sem Helgi hefur sjálfur tekið af uppbyggingunni í Slakka frá upphafi. Hins vegar er sýning á ljósmyndum Gunnars Steins Ólafssonar.

Sýning Helga er sett upp í gamla burstabænum og lýsir eins og fyrr segir sögu Slakka frá stofnun árið 1993. Þá hefur hann einnig sett þar upp ýmsa muni sem tengjast sögunni. Segir hann að sér hafi þótt tilvalið að nýta þetta 60 fermetra rými til að gleða augu gesta og veita þeim innsýn í sögu

dýragarðsins. Þarna getur fólk tyllt sér niður, notið myndanna og jafnvel keypt sér eitthvert lítillræði til að narta í sjoppunni sem þar er.

Sýning Gunnars Steins er sett upp í golfskalanum og er af talsvert öðrum toga. Gunnar er m.a. þekktur fyrir norðurljósamyndir og svokallaðar „Time lapse“-myndir sem hafa m.a. verið notaðar í kynningum Sjónvarpsins. /HKr



Ungi bóndi ársins 2014

Keppnin Ungi bóndi ársins verður haldin á tóninu fyrir utan Félagsgarð í Kjós samhliða fjölskylduhátíðinni Kátt í Kjós 19. júlí klukkan 14.

Félag ungra bænda á Vesturlandi

og Vestfjörðum, FUBVV, stendur fyrir keppninni þetta árið.

Að keppni lokinni verður Ungi bóndi ársins krýndur með pompi og prakt. Stjórn FUBV vill hvetja sem flesta til að mæta og hafa gaman.

Óvissa ríkir um áframhaldandi starfsemi Austurlambsh. ef. sökum þess að ekki er lengur fyrir hendi vottuð kjötvinnsla á Austurlandi sem getur sinnt úrvinnslu afurða. Þá hefur umsjónarmaður verkefnisins ekki lengur tök á að sinna verkefninu vegna breyttra aðstæðna og ekki hefur verið fundinn annar í hans stað.

Austurlamb var stofnað árið 2007 og tók yfir söluverkefni sem sláturfélag Austurlands hafði sinnt, það er sala sauðfjárbænda á afurðum sínum beint til neytenda. Neytendur sem keypt hafa lambakjöt í gegnum Austurlamb hafa getað keypt upprunamerkt kjöt beint af framleiðendum á nokkrum bæjum á Austurlandi. Sex framleiðendur buðu lambakjöt til sölu síðasta haust en fleiri framleiðendur hafa í gegnum tíðina tekið þátt í verkefninu sem allt í allt hefur staðið í tæp tólf ár.

Sláturfélag Austurlands, sem rak kjötvinnsluna Snæfell á Egilsstöðum, var úrskurðað gjaldþrota síðasta haust og þar með var kjötvinnslunni lokað. Því er ekki lengur aðstaða til vinnslu og pökkunar á Héraði.

Aðalsteinn Jónsson í Klausturseli á Jökuldal er einn þeirra sem selt hafa kjöt í gegnum Austurlamb. Hann segir að ljóst sé að kalla þurfi saman félagsfund í sumar til að ákveða hvert framhaldið verði. Lokun Snæfells hafi ákveðin vandamálið í för með sér.



Aðalsteinn Jónsson.



„Við getum auðvitað leyst þetta samt. Ég veit að einn aðili, sem reyndar var komin út úr þessu formlega samstarfi okkar, hefur fengið Norðlenska til að saga og

pakka fyrir sig. Ég á fastlega von á því að Sláturfélag Vopnfirðinga myndi gera það líka ef í það færi en hluti af þeim bændum sem eru í verkefninu slátra þar en aðrir hjá Norðlenska á Vopnafirði.“

Hyggst kanna hug sinna viðskiptavina

Aðalsteinn hefur tekið þátt í Austurlambsverkefninu frá upphafi. Hann segir að ef verkefnið mynd detta upp fyrir þá myndi það ekki breyta afsetningu á hans afurðum.

„Ég hef verið með innan við 10 prósent af framleiðslunni í þessu og get lagt inn allt hjá Norðlenska þannig að það mun ekki breyta miklu.“ Aðalsteinn segir að hann telji að um tíu prósent herra verð hafi fengist fyrir lambsskrokkin í gegnum Austurlamb heldur en fengist hafi fyrir hann á venjulegu afurðastöðvaverði og auk þess hafi fallið til afurðir sem ekki hafi farið í sölu. Það hafi því verið búðót en verkefnið hafi ekki vaxið með þeim krafti sem til hafi þurft svo að það hafi skipt sköpum í rekstri búans. Aðalsteinn segir að hann muni hafa samband við sína viðskiptavina og kanna hug þeirra hvað varðar kaup á kjöti í haust, fari svo að ekki verði framhald á starfi Austurlambsh.

Þorsteinn Bergsson á Unaósi er formaður stjórnar Austurlambsh. Hann var staddur í erlendis og ekki náðist í hann við vinnslu fréttarinnar.

/fr

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

REKSTRARVÖRUR – GOTT ÚRVAL

HAGSTÆTT VERÐ

Sjá nánar í vefverslun okkar á VBL.is undir beislislutir

VB
LANDBÚNAÐUR ehf.
NB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Náttúruparadís

Lóðir fyrir frístundahús




Til sölu eru fimm lóðir fyrir frístundahús í skóglendi á einum besta stað á Suðurlandi, 67 km frá Reykjavík, 13 km austan við Selfoss.

Landið er skógi vaxin hlíð á móti suðri „þar sem er víðust sýn í byggð á Íslandi“. Þetta er 25 hektara skipulagt skógarsvæði.

Hver lóð er um hálfur hektari að stærð. Lóðirnar falla vel að landinu, hver út af fyrir sig. Athafnasvæðið er því margfalt á við afmarkað eignarland. Leitað er eftir kröftugum aðila, félagi eða samtökum sem vilja byggja upp einstaka tilveru í þessari náttúruparadís.

Áhugasamir eru beðnir að senda tölvupóst á gislib@gislib.is.

Sjón er sögu ríkari!



GLUGGAVINIR

ALLAR TEGUNDIR AF GLUGGUM OG HURÐUM
S: 571-0888 • GLUGGAVINIR.IS

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



Þær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf

Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Góður heyfengur er gulli betri



Rúlluplast í hæsta gæðaflokki

Allar nánari upplýsingar um verð er að finna á www.lifland.is



Advance
íblöndunarefni



Megastretch
rúlluplast



Megaplast Power
stæðuplast



Netex rúllunet

Lifland, Brúarvogi 1-3
Sími 540 1100
lifland@lifland.is

Lynghálsi, Reykjavík
Sími 540 1125
www.lifland.is

Lónsbakka, Akureyri
Sími 540 1150

Efstubraut, Blönduósi
Sími 540 1155



VERKFERA SALAN



TILBOÐ
KR. 169.900,- M/vsk.

MILWAUKEE MONSTERSETT M18 PP6D-402B

HD18 PD – Höggborvél,	HD18 SX – Sverðsög,
HD18 CS – Hjólsög,	HD18 JS – Stingsög,
C18 ID – Höggskrúfvél,	C18 WL – Vinnuljós,
2 x M18 4,0 Ah Red Li-Ion Rafhlöður,	C18 C hleðslutæki,
Verkfærataska. MW 4933 4474 00	

MILWAUKEE HÖGGBORVÉL M12 BPD-402C

Mesta átak 38 Nm.
Vinnuhraðar:
0-400/0-1500 Sn/mín.
Patróna: 10mm.
Högggtíðni: 22.500 mín.
Fylgir: 2 x M12 4.0 Ah REDLithium rafhlöður, Hleðslutæki, handfang, beltishanki og taska.
MW 4933 4419 35

TILBOÐ
KR. 36.900,- M/vsk.



Síðumúla 11 - 108 Reykjavík Sími 568-6899
Póstfang: vfs@vfs.is Netsíða: www.vfs.is

Fréttir

Mikið kalið á Jökuldal

Mikið kal er í túnnum á Jökuldal og er það sums staðar allt upp í 60 prósent. Bændur þar hafa þurft að endurrækta tugi hektara túna vegna þess.

Búnaðarsamband Austurlands samdi við Þórarín Lárússon ráðunaut um að meta kaltjónið. „Ég tók út tjón á þremur bæjum og það hafa myndast þar einhverjar þær veðurfarsaðstæður sem gerðu að verkum að það hefur safnast svell á flest túnin. Þau eru illa kalin, frá 50 og upp í 60 prósentu kal. Þetta er afgerandi á þessum þremur bæjum en það er kal víðar en þar. Þetta eru bæirnir Merki, Hákonarstaðir og

Klaustursel, þar er einna mest kal.“

Túnin sem um ræðir eru flest í um 250 metra hæð yfir sjávarmáli og má segja að þar hafi myndast einhvers konar kalpottur. Bændur hafa þegar endurræktað talsverðan hluta þeirra túna sem kól. Á Klausturseli er til að mynda þegar búið að endurrækta 20 hektara túna sem kól. „Á 600 kinda búi er það ansi mikið,“ segir Aðalsteinn Jónsson, bóndi í Klausturseli. Tíð hefur verið með eindæmum góð á Austurlandi í vor og það sem af er sumri. Mun það hjálpa til við uppskeru en ljóst er að mikill kostnaður hefur hlotist af kalskemmdunum. /fr

Beingreiðslur í garðyrkju

Samþykkt hefur verið nýtt beingreiðsluverð á gúrkur, papriku og tómata.

Samkvæmt reglugerð um beingreiðslur í garðyrkju ber að endurskoða spár um framleiðslumagn ársins fyrir 1. júlí og á grundvelli þess gera tillögur til framkvæmdanefndar búvörusamninga um breytingar á fyrirframgreiðslu á selda einingu.

Framkvæmdanefndin hefur samþykkt eftirfarandi:

	Kr./kg
Gúrkur.....	51,32
Paprika.....	149,26
Tómatar.....	75,06

Greidd eru 88% af samþykktu einingaverði frá og með 1. júlí að telja.

Jökulsá á Fjöllum:

Stefnt að útboði á nýrri brú í haust

Stefnt er að því að bjóða út byggingu nýrrar brúar yfir Jökulsá á Fjöllum í haust þannig að framkvæmdir gætu hafist næsta vor, 2015 og að þeim ljúki árið 2016.

Hönnun og annar undirbúningur brúarinnar er langt kominn en kostnaður er áætlaður ríflega einn milljarður króna í heild. Gamla brúin er komin til ára sinna og burðarþolið lélegt. Eitt af markmiðum framkvæmdarinnar er einmitt að tryggja þungaflutninga og greiðar samgöngur á milli Norður-



Gamla brúin yfir Jökulsá á Fjöllum er barn síns tíma þó hún þyki tignarlegt mannvirki.

og Austurlands auk þess að auka umferðaröryggi. Gamla brúin fær að standa en óheimilt verður að aka yfir hana eftir að nýja brúin er risin, en hún mun nýtast gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarendum. /MPB



Háskólinn á Hólum

Auglýst er til umsóknar staða reiðkennara við Háskólann á Hólum

Um er að ræða 100% starf sem felst aðallega í reiðkennslu nemenda í BS námi við hestafræðideild. Hluti starfsins er fölginn í þjálfun á hestakosti skólans auk rannsókna- og þróunarvinnu.

Hæfni- og menntunarkröfur

Reiðkennaramenntun og reynsla af reiðkennslu, keppni og sýningum. Umsókn skal fylgja afrit af prófskírteinum og ferilskrá. Launakjör samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við ríkið. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Vinsamlegast sendið umsóknir til Háskólans á Hólum, 551 Sauðárkróki eða á netfangið umsoknir@holar.is fyrir **18. júlí 2014**. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í ágúst.

Nánari upplýsingar veita Sveinn Ragnarsson deildarstjóri í síma 861-1128 eða Mette Mannseth í síma 898-8876. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nýstárlegar fódurlausnir væntanlegar:

Bygggras sem valkostur við kjarnfóður og hey

Fyrirtækið Fódurlausnir var stofnað í desember 2013. Það sérhæfir sig í sölu á fódurkerfum sem gerir bændum kleyft að rækta bygggras allan ársins hring – í sérstaklega einangruðum gámum.

Erna Sif Smáradóttir er framkvæmdastjóri Fódurlausna. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á lífrænni ræktun og sjálfbærni – og hef starfað á þeim vettvangi hér á landi og erlendis. Mér hefur fundist sorglegt hvernig við fódra skepnurnar okkar hérna heima á erfðarbreyttu korni í formi fódurbætis, sem ekkert endilega hentar meltingarkerfi grasbíta. Þegar ég rakst á þetta ástralska fyrirtæki fannst mér tilvalið að reyna að ná samningum við það og hefja innflutning á fódurkerfunum sem gera bændum kleyft að rækta sitt eigið gras allan ársins hring óháð veðri – sér í lagi eftir að heyskortur fór að vera viðvarandi um land allt í kjölfar kala í túnnum og eyjafjallagossins,“ segir Erna um tildrög þess að fyrirtækið var stofnað.

Kerfin bjóða upp á möguleika á lífrænni ræktun

Að sögn Ernu bjóða kerfin upp á mikinn sparnað fyrir bændur. „Ef við tökum dæmi um kúabönda sem gefur mikið þurrfóður eins og fódurbæti eða bygg. Sá getur með því að sá átta kg af byggi framleitt 50 kg af bygggrasi á dag og margfaldað magnið í gæða grænfóðri, með hæstu mögulegu fódureinginum á kílógrammið, sem hann væri annars að gefa í þurrfóðri. Við flytjum inn byggfræ sem er með mjög hátt spírunarhlutfall og myndar góða rótarmottu – sem er sterkjurikt og fallett gras og mjög próteinríkt. Við bjóðum bæði upp á korn ræktað eftir hefðbundnum leiðum, en einnig lífrænt ræktað byggfræ – og aukum þannig möguleika bænda á lífrænum búskap. Við höfum einnig gert samning við fyrirtæki sem framleiðir 100 prósent lífrænan áburð og steinefni fyrir skepnur sem er væntanleg viðbót við vöruúrvalið okkar. Áburðurinn inniheldur 85-92 steinefni og fimmtíu þúsund lífræn snefilefnasambönd. Rannsóknir hafa sýnt gríðarlegan mun á búfé á aðeins tveimur vikum eftir inntöku á þessum steinefnum.



Sævar Geir Hallvarðsson tæknistjóri, Erna Sif Smáradóttir framkvæmdastjóri og Einar Nielsen þjónustustjóri.



Bygggrasið er ræktað í sérstaklega einangruðum gámum sem eru til í ýmsum stærðum.

Þær lausnir sem við bjóðum henta öllum sem halda skepnur; fyrir hesta, svín, kýr og jafnvel alifugla sem neyta spíraða bygggrassins á 3 degi spírunar þegar grasið er ekki orðið of hátt.

Beitilönd geta orðið næsta óþörf

Erna segir að vel megi hugsa

/smh

Umsóknir á Bændatorgi:

Opnað fyrir skráningu á tjóni af völdum gæsa og álfta

– framhaldið ræðst af þátttöku bænda í verkefninu

Nú hefur verið opnað fyrir skráningu á tjóni af völdum gæsa og álfta í ræktunarlandi bænda. Tilkynningarform er nú aðgengilegt fyrir bændur inn á Bændatorginu undir liðnum „Umsóknir“. Upplýsingarnar verða jafnharðan skráðar í gagnagrunn, sem nýtast á við frekari úrvinnslu og til ákvörðunartöku fyrir stjórnvöld, sem taka ákvörðun um framhaldið.

Framhaldið mun ráðast af þátttöku bænda í verkefninu við að tilkynna tjónið með rafrænum hætti í gegnum Bændatorgið. Verkefnið er unnið í samstarfi Bændasamtakanna, umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytisins, og mun Umhverfis-

stofnun koma að mati á tjón og vinna úr niðurstöðum. Rétt er að benda á að krafa er gerð um að spildur séu skráðar í JÖRD.IS með stafrænu tunkorti frá Loftmyndum, á þeim spildum sem tjón hefur orðið á. Þeir bændur sem ekki eru með stafræn tunkort eru hér með hvattir til að gera átak í þeim málum.

Að sögn Eiríks Blöndal, framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands, þá eru í gangi viðræður við stjórnvöld um næstu skref málsins. Næsta skref yrði þá að búa til aðgerðaáætlun til að byggja upp áhrifaríkar forvarnir svo og að leita leiða til að bæta tjón. Gert er ráð fyrir að búnaðarsambönd sjái um úttektir á tilkynntu tjóni í samráði við Umhverfisstofnun ef samningar

um það nást. Eiríkur benti á að ályktun Búnaðarþings 2014, en Búnaðarþing taldi mikilvægt að draga skipulega úr tjóni af völdum álfta og gæsa á ræktunarlandi bænda. Búnaðarþing 2014 lagði til „Safnað [yrði] frekari upplýsingum um tjón sem áлтtir og gæsir valda á ræktarlöndum bænda. Á grundvelli þeirra gagna verði ákveðið hvort heimildarákvæði verði sett í lög um tímabundna skotveiði á álft og gæs í tilraunaskyni á ræktarlöndum bænda,“ eins og segir orðrétt í ályktuninni. Með því að opna fyrir skipulega skráningu nú í Bændatorginu væri fyrsta skrefið stigið í þessu mikilvæga hagsmunamáli bænda, sagði Eiríkur að lokum.

SKATA
1959

sígild íslensk hönnun....
...og elsti íslenski stóllinn, sem enn er í framleiðslu

Eik: Kr. 29.500 /-
Tekk: Kr. 31.500 /-
Svart: Kr. 33.500 /-

Random-ark ehf | Grenimel 9 | IS - 107 Reykjavík | Sími + 354 562 0551 | + 354 899 0551 | info@skata.net | www.skata.net

Bændablaðið smáauglýsingar **56-30-300**

Plast, garn og net

Rúlluplast

VISQUEEN

VISQUEEN rúlluplast 75 cm

Hvít / Grænt / Svart
Staðgreiðsluverð kr. 11.100,- án vsk
Greiðsluskilmálar kr. 11.600,- án vsk

VISQUEEN rúlluplast 50 cm

Hvít / Grænt
Staðgreiðsluverð kr. 8.900,- án vsk
Greiðsluskilmálar kr. 9.400,- án vsk



Rúllunet

PIIPPO

Piippo rúllunet 123x3100 m

Staðgreiðsluverð kr. 22.100,- án vsk
Greiðsluskilmálar kr. 23.430,- án vsk

Piippo rúllunet 130x3100 m

Staðgreiðsluverð kr. 21.500,- án vsk
Greiðsluskilmálar kr. 22.790,- án vsk

Piippo Hybrid 123x4000 m

Staðgreiðsluverð kr. 27.300,- án vsk
Greiðsluskilmálar kr. 28.940,- án vsk



Bindigarn

PIIPPO

Piippo bindigarn 1000 m/kg

Staðgreiðsluverð kr. 2.020,- án vsk
Greiðsluskilmálar kr. 2.140,- án vsk

Piippo bindigarn 400 m/kg

Staðgreiðsluverð kr. 2.020,- án vsk
Greiðsluskilmálar kr. 2.140,- án vsk

Piippo bindigarn 130 m/kg

Staðgreiðsluverð kr. 3.470,- án vsk
Greiðsluskilmálar kr. 3.680,- án vsk



ATH: Flytjum plastið þér að kostnaðarlausu á næstu afgreiðslustöð Landflutninga.



Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is



Starfsþjálfunar – og enduhæfingar vinnustaður

**Lokað frá og með
21. júlí til og með 8. ágúst**

Vegna sumarlokunar
eru bændur
minntir á að panta
nautgripamerkin
tímanlega.



Plastiðjan Bjarg - Iðjulundur

Furuvöllum 1, 600 Akureyri.

Opnunartími:

Mánudaga – föstudaga, kl. 08.00-16.00

Sími 461-4606, Fax 461 2995

Netfang pbi@akureyri.is

Bændablaðið
Kemur næst út **17. júlí**

SAMASZ HEYVINNUTÆKI

MegaCut - vinnslubreidd 8,6 m
kr. 3.833.000,- án. vsk



FRÁBÆR REYNSLA Á ÍSLANDI

Tveggja stjörnu rakstrarvél
- vinnslubreidd 7,8 m
kr. 2.562.000,- án. vsk



Búvís
Akureyri

Samasz
góð reynsla - góð kaup

Búvís ehf. : Akureyri : Sími 465 1332

www.buvís.is

Fréttir



Grænmetismarkaðurinn í Hveragerði allar helgar í sumar

Hjörtur Benediktsson garðyrkjubóndi í Hveragerði hefur opnað sinn árlega sumar-grænmetismarkað, sem verður opinn allar helgar í sumar á bílastæði Leikfélags Hveragerðis við hliðina á gamla Eden.

„Ég verð með nýtt grænmeti úr gróðurhúsum og nýupptekið útigrænmeti verður í boði um leið og það þroskast en það er óvenju

snemma á ferðinni þetta árið. Kínakál, salat, hnúðkál, steinselja, grænkál og gulrætur er það fyrsta sem kemur þetta sumarið. Síðar bætist við hvítkál, spergilkál,blómkál, sellerí, púrra, rófur og kartöflur Bleikja, hrossabjúgu, andaregg og broddur verða á sínum stað eins og venjulega,“ segir Hjörtur. Opið er frá kl. 12.00 til 18.00 föstudaga, laugardaga og sunnudaga. /MHH



Garðyrkjuráðunautar RML hafa farið með Jensen í heimsóknir til kartöflubænda þar sem þeir hafa sameiginlega veitt kartöflubændum ráðgjöf. Hér eru þeir frá vinstri; Guðmundur Helgi Gunnarsson ráðunautur, Eiríkur Loftsson, Sigurður Jarlsson og Benny Jensen. Myndir / Borgar Páll.

Danskur kartöflu- og kornráðunautur á ferð í Eyjafirði: Farið yfir varnarefnanotkun, illgresi, sjúkdóma og skortseinkenni

Benny Jensen, kartöflu- og kornráðunautur, var á ferðinni hér á landi á dögunum, en hann starfar hjá BJ Agro í Danmörku. Hann var hér við störf ásamt Magnúsi Ágústssyni hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Fóru þeir víða og skoðuðu meðal annars kartöflugarða við Eyjafjörð ásamt ráðunautunum Eiríki Loftssyni, Sigurði Jarlssyni og Borgari Páli Bragasyni. Saman skoðuðu þeir kartöflur og korn í Eyjafirði og farið var yfir atriði eins og varnarefnanotkun, illgresi, sjúkdóma og skortseinkenni.

„Benny Jensen hefur komið hingað til lands í mörg ár og er kostaður af ferð hans hingað til lands greiddur af Aðlögunarsjóði garðyrkjunnar sem Samband garðyrkjubænda hefur umsjón með. Garðyrkjaáðunautar RML hafa farið með honum í heimsóknir til kartöflubænda þar sem þeir hafa sameiginlega veitt kartöflubændum ráðgjöf,“ segir Borgar Páll Bragason.

„Örendurmenntunarnámskeið“ Í þessari ferð Benny Jensen var ákveðið að ráðunautar hjá RML myndu nýta ferð hans aðeins betur og haldin voru nokkurs konar „örendurmenntunarnámskeið“ fyrir nokkra ráðunauta. „Þá fengum við Benny meðal annars til að skoða með okkur kornakra á Möðruvöllum í Hörgárdal, en korn og kartöflur er



Benny Jensen skoðar kartöflugrös í Eyjafirði.



Benny Jensen, Sigurður Jarlsson, Helgi Örylgsson bóndi Þórustöðum, Eiríkur Loftsson, Magnús Á. Ágústsson ráðunautur.

það fagsvið sem Benny leggur stund á í ráðgjöf í Danmörku.“ Borgar Páll segir að ferðin hafi bæði verið skemmtileg og gagnleg fyrir alla aðila. /MÞÞ



Gömlu skólabyggingarnar á Hvanneyri.

Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri: Góð aðsókn í starfsmenntanám – Óvissa um framtíð LBHÍ hugsanleg ástæða fyrir minni aðsókn í háskólanám

Góð aðsókn er í starfsmenntanám við Landbúnaðarháskóla Íslands fyrir komandi vetur, ekki síst í búfræðinám. Aðsókn í háskólanám er nokkru minni. Kennslustjóri leiðir líkum að því að óvissa um starfsemi skólans hafi þar áhrif.

„Við vorum með eilítið fleiri umsóknir í búfræðinám í fyrra en þetta virðist hins vegar mjög sterkur hópur sem sækir um nú í ár. Umsækjendur hafa meiri námsundirbúning í ár en var í fyrra og eru langflest ýmist úr sveit eða með mikla reynslu af sveitastörfum. Okkur líst bara mjög vel á komandi vetur hvað þetta varðar,“ segir Álfheiður Marinósdóttir, kennslustjóri Landbúnaðarháskólans.

Eftir bankahrunið fjölgaði umsóknum í búfræðinám verulega að sögn Álfheiðar.

„Það varð eiginlega algjör sprengja þarna á árunum 2009 til 2010. Það hafði verið svolítill deyfð yfir þessu námi í kringum 2005 en nú er þetta gjörbreytt. Undanfarin ár höfum við fengið mun fleiri umsóknir heldur en við höfum getað annað. Sum árin höfum við verið með allt að tvöfalda aðsókn að náminu miðað við það sem við höfum getað tekið inn.“

Vantar kennara

Í vor útskrifuðust 37 nemendur úr búfræðinámi. Álfheiður segir að skólinn ráði ekki við mikið stærri hópa en svo vegna niðurskurðar í mannahaldi.

„Það hefur ekki verið ráðið starfsfólk til skólans. Við þurfum að segja upp ellefu manns í hruninu og það hefur ekki verið dregið úr þjónustu. Við erum að manna þetta að talsverðu leyti með aðkeyptri kennslu, stundakennurum, og því er mun meiri aukavinna á örfáum



Eftir bankahrunið fjölgaði umsóknum í búfræðinám verulega.

aðilum sem eru fastráðnir. Við höfum ekki bolmagn í meira sökum þess hve við erum fáliðað og vegna slæmrar fjárhagsstöðu er ekki hægt að ráða inn fólk. Við höfum nóg húsnaði, bæði fyrir nemendur og til kennslu, en okkur vantar mannskap í kennslu.“

Hvað varðar aðrar námsbrautir er ágætis aðsókn að öðru starfsmenntanámi að því er Álfheiður segir. „Við gátum að vísu ekki boðið upp á nám á námsbrautinni skógur og náttúra. Á blómaskreytingabraut er lágmarksfjöldi, 11 manns og á öðrum brautum stendur þetta bara vel.“

Minni aðsókn að háskólanámi

Hvað varðar háskólanám segir Álfheiður að þar væri pláss fyrir talsvert fleiri nemendur. Meðal annars hafi ekki nægilega margir sótt um nám í hestafræði til BS-prófs til að hægt væri að bjóða upp á það nám á komandi vetri. Þá verður ekki boðið upp á meistaranám í um skipulagsfræði í vetur. Þeim sem sóttu um nám í þessum greinum hefur verið boðið að taka annað nám sem að gagnast þeim þegar boðið verður upp á umræddar námsbrautir að nýju.

Nokkur óvissa hefur ríkt um framtíð skólastarfs Landbúnaðarháskólans en menntamálaráðherra boðaði síðastliðinn vetur að skólinn yrði hugsanlega sameinaður Háskóla Íslands. Verulega andstaða var við þau áform hjá sveitarstjórnarmönnum í Borgarfirði, þingmönnum Norðvesturkjördæmis og forystu bænda sem olli því að þau áform voru slegin af, í það minnsta um sinn. Hins vegar er fjárhagsstaða skólans afleit og ljóst að áfram verður að beita miklu aðhald við reksturinn nema að fjármagn komi til frá hinum opinbera.

Álfheiður segir að hún gæti trúað, án þess að hún hafi haldbær gögn sem styðji það, að sú óvissa sem ríkt hefur um framtíð skólans hafi að einhverju leyti bitnað á aðsókn að háskólanáminu. „Ég er ekki viss um að þetta hafi komið niður á starfsmenntanáminu en ég get vel ímyndað mér að öll þessi umræða og óvissa hafi haft áhrif á aðsókn í háskólanámið. Þá ekki endilega búvísindanámið en frekar þessar nýrri greinar okkar eins og skógræðin og umhverfisskipulagið. Ég held að þessi óvissa hafi haft neikvæð áhrif.“ /fr

Hátíð á Hvanneyri laugardaginn 12. júlí

Hinn árlegi fornvéla- og Safnadagur verður haldinn á Hvanneyri laugardaginn 12. júlí næstkomandi. Aðgangur að Landbúnaðarsafninu verður ókeypis en frjáls framlög gesta til safnsins eru þegin með þökkum.

Leiðsögn verður veitt í safninu og um Halldórsfjós, sem brátt mun hýsa aðalsýningu safnsins. Sagnaganga verður um Gamla staðinn á Hvanneyri sem er dæmasafn íslenskrar húsagerðarlistar frá öndverðri síðustu öld.

Félagar úr Fornbifreiðafjelagi Borgarfjarðar munu koma á ökutækjum sínum og aðrir forndráttarvéla-eigendur eru hvattir til að mæta og sýna gripi sína.

Í ár eru liðin 125 ár síðan fyrsti nemandi innritaðist við



Búnaðarskólann á Hvanneyri. Síðan hefur margt gerst á staðnum, skólahald hefur þróast og vaxið. Í dag eru starfræktir skólar á öllum skólastigum en á staðnum er leikskólinn Andabær, deild Grunnskóla Borgarfjarðar, Bændadeild Lbhí er á framhaldsskólastigi og síðan býður Lbhí nám á öllum stigum háskóla.

Slíkt er einstakt á heimsmaelikvarða í ekki stærra þorpi, og vilja heimamenn fagna þessum merku tímamótum með hátíðahöldum.

Stór veislutjöld verða á staðnum sem munu hýsa líflegan bændamarkað, Kvenfélagið 19. júní mun sjá um veitingasölu, handverksfólk mun sýna afurðir sínar, húsdýr verða á staðnum og nokkur tónlistaratriði verða flutt af tónlistarfólki úr ýmsum áttum, bæði heimamönnum og öðrum. Ullarselið verður opið sem og Skemman Kaffihús.

Glæsilegri hátíðardagskrá lýkur síðan með tónleikum Brother Grass í Leikfimiðhúsinu um kvöldið.

Nánar verður greint frá hátíðinni á heimasíðu Landbúnaðarsafnsins www.landbunadarsafn.is



Gluggar og Gler verða með kynningartilboð á hesthúsa og gripahúsagluggum út júlí.

Gluggar og Gler bjóða gæða plastglugga á frábærum verðum. Koma gluggarnir með háeinangrandi gleri og lausafögum sem opnast inn að ofan.

Hestar og kýr eiga einnig erfitt með að ná í húnana á gluggunum til að naga þar sem þeir eru staðsettir efst í lausafaginu.

Gluggar & Gler óska Jón Árnasyni á Litlu-Fellsöxl til hamingju með nýju gluggana frá okkur í nýju reiðhöllina

Þessir PVC gluggar hafa reynst frábærlega í hverskyns gripahúsum og þarf ekki að skrapa og mála né hafa áhyggjur af rakaskemmdum í þeim.



Allir gluggar eru smíðaðir eftir þínum málum!



Fornubúðum 5 Hafnarfirði - Sími 519-5600 - www.gluggarogkler.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 17. júlí

Aðeins það besta fyrir barnið þitt...

Eitt mesta úryal landsins af BARNABÍLSTÓLUM



MAXI-COSI

BRIO

Britax

Tryggingahafar Varðar og Tryggingamiðstöðvarinnar fá 20% afslátt af öllum bílstólum og base-um hjá okkur Við höfum 35 ára reynslu í sölu á barnavörum

Settu barnið í fyrsta sæti

Bíldshöfða 20 - Húsgagnahöllinni
110 Reykjavík - Sími: 552 2522

Opið: Mánud. til föstud. 10-18 / Laugard. 10-16
Kaupvangsstræti 1 - Akureyri - Sími: 462 6500

Allt fyrir barnið **fifa**

Dr. Brown's Simo Britax STOKKE deemo MAXI-COSI Quinny BABYBORN BRIO

Hannyrða-vörur í úrvali



Amma mús - handavinnuhús
Ármúla 18, 108 Reykjavík • Sími 511 3388
Opið mán - fös 9 - 18, Lokað er á laugardögum til 31. ágúst.

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI

HÆGT ER AÐ KAUPA STAKA HLUTI Í DRIFSKAFTAHLÍFAR



GOTT ÚRVAL Í BODI

ERU ÖRYGGISMÁLIN Í LAGI?
ÖRYGGISHLÍFAR Á
MJÖG HAGSTÆÐU VERÐI

BENZI & DI TERLIZZI...

VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Kjarni málsins Ekkert viðhald




Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða gluggar@kjarnagluggar.is



Kjarnagluggar

Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is



Notendur Bíó-dísel olíu !

Blöndun Bíó-olíu við smurolíu (t.d. leka spíssa) getur haft slæmar afleiðingar fyrir vélina (úrbræðslu) og minnkar gæði smurolíunnar verulega.

Triple-R er frumkvöðull í migro olíuhreinsibúnaði. TRIPLE-R leysir vandann. Sjá : <http://www.triple-r-europe.com/tr-series>

VÉLTAK ehf.
Hvaleyrabraut 3
220 Hafnarfjörður Iceland
Sími 5651236 / 8923673
www.veltak.is / veltak@veltak.is



Fréttaskýring – TÓMATAFRAMLEIÐSLA Í RISAGRÓÐURHÚSI VIÐ GRINDAVÍK TIL ÚTFLUTNINGS



Sams konar hús og fyrirhugað er að reisa á Reykjanesi. Áætluð ársframleiðsla af tómötum er tíu þúsund tonn.

Er risagróðurhús við Grindavík raunhæft verkefni?

Stefnt að því að fjárfestingarsamningar liggi fyrir í lok júlí

– skilmálar eru um að öll framleiðslan fari úr landi og ekkert verði sett á innanlandsmarkað

Í Fréttablaðinu 6. júní er fjallað um verkefni sem lýtur að því að reist verði risagróðurhús, í níu kílómetra fjarlægð frá Grindavík, sem ætlað er að framleiða tómata til útflutnings. Þar kom fram að fyrirbyggjandi væri fjárfestingarsamningur milli íslenskra stjórnvalda og hollenska fyrirtækisins EsBro, sem stendur að verkefninu, um ívilnanir. Hann yrði hins vegar ekki undirritaður fyrr en verkefnið hefði verið fjármagnað. Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda (SG), veltir upp nokkrum atriðum varðandi þetta verkefni á vef SG sama dag. Þar efast hann um að verkefnið verði að veruleika og spyr einnig hvort það sé yfirhöfuð æskilegt sé farið sé út í slíkar framkvæmdir á Íslandi. Hann veltir því upp hvað yrði um núverandi starfsemi ylræktenda á landinu ef af þessu verkefni yrði og framleiðslan seld innanlands.

Óraunhæft verkefni?

Í viðtali við Bændablaðið segir Bjarni að það sé hans mat, miðað við kynninguna á verkefninu, að það sé óraunhæft. „Ég lagði fram rökstudda gagnrýni á forsendur sem gefnar voru og snerta fjármögnun og benti á að kostnaðarauki sem af hlytist yrði um einn milljarður króna. Það hlýtur að hafa sett verulegt strik í þá útreikninga. Upphafleg fjárfestingaráætlun gerði ráð fyrir fimm til sex milljarða króna



Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda.

fjárfestingu, svo þarna munar um. Sama gagnrýni hefur síðan áhrif á rekstur og reiknaði ég það út að árlegur viðbótarkostnaður yrði um 150 milljónir króna.

Eina gagnrýnin sem ég setti á markaðshlutann var sú að í upphafi var talað um lífræna ræktun og samkvæmt þeim gögnum sem lögð voru fram stenst ekki að um lífræna ræktun geti verið að ræða samkvæmt skilgreiningum vottunaraðila.“

Áhyggjur af innlendum markaði

„Áhyggjur garðyrkjubænda snúa hins vegar fyrst og fremst að þeirri hættu að framleiðslu slíks gróðurhúss verði skyndilega að hluta skellt inn á markað hér á landi. Ef slíkt gerist mun það hafa alvarleg

áhrif á rekstur ylræktenda og íbúðarbyggð til dæmis í uppsveitum Suðurlands þar sem framleiðslan er mest.“

Aðilum í garðyrkju yrði mismunað

„Mig langar líka að benda á að garðyrkjubændur hafa í langan, langan tíma reynt að fá stjórnvöld hverju sinni til þess að sjá ljósið í málefnum garðyrkjunnar. Við höfum reitt fram hverja útreikningana á fætur öðrum og sýnt fram á að rafmagnskostnaður sem garðyrkjan greiðir er of hár. Við höfum einnig hafið vinnu að því að fá að dreifa rafmagninu með hagkvæmari hætti á svæði ræktenda á Flúðum, Reykholti og Laugarási í uppsveitunum og sýnt fram á það með óhrekjanlegum hætti að við getum gert það hagkvæmara en RARIK býður upp á í dag.

Ég spyr bara hvers vegna stjórnvöld geta ekki klárað þetta mál með okkur með því að efna þau loforð sem höfð eru uppi. Af hverju er hægt að gera ívilnunar samning við einn garðyrkjuaðila en hunsaða garðyrkjubændur?“ segir Bjarni Jónsson.

Skilningur á afstöðu garðyrkjubænda

Kristján Eysteinnsson, talsmaður EsBro á Íslandi, segir að stefnt sé að því að endanlegir



Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri í Grindavík í ívilnunar samningum eru skyldur lagðar á sveitarfélög

„Í lögum um ívilnanir eru skyldur lagðar á sveitarfélög um afslætti af fasteignasköttum ef ráðherra gerir ívilnunar samning. Sveitarfélög gera það ekki beint, heldur í gegnum atvinnuvegaráðuneytið.“ segir Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri í Grindavík.

Hann segir að á meðan ívilnunar samningur liggi ekki fyrir sé erfitt að áætla fasteignagjaldatekjur. Eins sé erfitt að áætla hve margir starfsmenn muni eiga lögheimili í Grindavík og þar með greiða útsvar.

Reykjanesið sé eitt atvinnusvæði og ljóst að fólk allsstaðar að af svæðinu muni sækja atvinnu í gróðurhúsið í Mölvík.

Í staðfestu aðal- og deiliskipulag fyrir Grindavík er gert ráð fyrir gróðurhúsi í Mölvík, í um níu km fjarlægð frá Grindavíkurbæ.

Þóður Reynisson, formaður ívilnunarnefndar:

Fjárfestingarsamningur við EsBro liggur ekki fyrir

Að sögn Þóðar Reynissonar, lögfræðings í atvinnu- og nýsköpunar-ráðuneytinu og formanns ívilnunarnefndar, liggur ekki fyrir fjárfestingarsamningur milli íslenskra stjórnvalda og hollenska fyrirtækisins EsBro, eins og fullyrt var í frétt Fréttablaðsins hinn 6. júní síðastliðinn.

„Þegar umsókn um ívilnun berst ráðuneytinu er hún send til sérstakrar nefndar sem hefur það verkefni að meta hverja umsókn sérstaklega, þar með talið að meta efnahagsleg og samfélagsleg áhrif viðkomandi fjárfestingarverkefnis. Umsóknir innihalda vanalega viðkvæmar viðskiptaupplýsingar og því veitir ráðuneytið ekki eða takmarkaðar upplýsingar um einstaka verkefni,“ segir Þóður.

fjárfestingarsamningar liggi fyrir í lok júlímánaðar. „Verkefnið er um sex mánuðum á eftir áætlun. Í ferlinu gerðist það að fyrirtæki sem hafði ætlað að sjá um sölu- og dreifingarhlíð framleiðslunnar gekk úr skaftinu og það tafði framgang verkefnisins. Nú er búið að gera samningsdrög við nýja aðila.“

Hann vill ekki tjá sig um gagnrýni Bjarna á fjárfestingaráætlunina, enda séu forsendur þar gefnar sem ekki séu réttar. „Ég skil hins vegar alveg afstöðu garðyrkjubænda varðandi ívilnunar samninginn, sem liggur fyrir í drögum, og geri mér grein fyrir

að þeir hafa áhyggjur af því að þeim verði mismunað í raforkukostnaði. Staðreyndin er hins vegar sú að um hefðbundinn ívilnunar samning yrði að ræða, þar sem farið er eftir þeim reglum sem þeim er boðið sem vilja fjárfesta hér á landi. Ég get auðvitað ekki upplýst um raforkuverðið en ég get þó sagt að það verður ekki á neinum spottprís. Ívilnunin yrði til að byrja með fyrst og fremst skattaleg – til fyrstu tveggja áranna,“ segir Kristján.

Hann segir að áhyggjur Bjarna af innanlandsmarkaði séu enn fremur óþarfar. „Þarna verður eingöngu um tómataframleiðslu að ræða. Í

Massey Ferguson sláttutraktorar
Frábær sláttugeta. Margar útfærslur.
Með eða án safnkassa

MTD sláttutraktorar
Odýr kostur og mikil sláttugeta.
Með eða án safnkassa

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 · 800 Selfoss Lónsbakki · 601 Akureyri 700 · Egilsstaðir
Sími 480 0400 jotunn@jotunn.is www.jotunn.is

Norðurþing um uppbyggingu á Bakka: Neikvæðri byggða- og atvinnuþróun verði snúið við

„Undanfarin ár hefur Norðurþing, í samstarfi við sveitarfélög í Þingeyjarsýslum, unnið að uppbyggingu iðnaðar á Bakka við Húsavík. Meginmarkmið þessarar vinnu hefur verið að snúa við þeirri neikvæðu byggða- og atvinnuþróun sem átt hefur sér stað í Þingeyjarsýslum undanfarna tvo áratugi. Á þessari vegferð hafa Þingeyingar, í samstafi við hlutaeigandi aðila, lagt mikið undir

í orkurannsóknum á háhitasvæðum, skipulagi fyrir virkjanir, vegi, línulagnir, hafnaframkvæmdir og iðnaðarlóðir svo eitthvað sé nefnt,“ segir í ályktun sem samþykkt var á fundi bæjarráðs Norðurþings í liðinni viku. Staðan er sú, segir enn fremur, að unnið er að fullum krafti með þýska fyrirtækinu PCC að uppbyggingu kísilverksmiðju í landi Bakka. Endanleg ákvörðun um framkvæmdir mun að

líkindum liggja fyrir á næstunni. Þingeyingar hafa átt gott samstarf við stjórnvöld og í samvinnu við þau tryggt fjármögnun á uppbyggingu nauðsynlegra innviða. Eftirlitsstofnun ESA hefur samþykkt aðkomu stjórnvalda að málinu án fyrirvara.

Fleiri fyrirtæki fjárfesti í uppbyggingu á svæðinu

Núverandi bæjarstjórn Norðurþings

leggur áherslu á að unnið verði áfram af fullum hug að uppbyggingu PCC á Bakka og því verkefni lokið. Jafnframt verður unnið að því að fá fleiri fyrirtæki til að fjárfesta í uppbyggingu á svæðinu. Stefnt er að því að iðnaðarsvæðið á Bakka verði vettvangur meðalstórra og minni iðnfyrirtækja. Fyrirtæki verði valin inn á svæðið m.t.t. til viðunandi áhrifa á umhverfi, samfélag og aðra atvinnuvegi. Markmiðið er að orka í Þingeyjarsýslu sé nýtt í héraðinu.

Norðurþing: Skoða uppbyggingu á Reykjaheiði

Sölutilboð á átta kílómetra löngum aflstreng sem sent var inn til Orkuveitu Húsavíkur ofh á dögnum var kynnt á síðasta fundi Bæjarráðs Norðurþings. Til skoðunar hefur verið að leggja rafstreng frá Húsavík að Höskuldsvatni. Tórstunda- og æskulýðsnefnd hefur verið með til umfjöllunar og skoðunar að byggja upp skíða- og útivistarsvæði á Reykjaheiði. Fyrir liggur gróft kostnaðarmat á plægingu og rafvæðingu á svæðinu og nemur það um 25 milljónum króna. Bæjarráð fól bæjarstjóra að koma málinu í formlegan farveg í samvinnu við RARIK, Orkusamskipti og Orkuveitu Húsavíkur ohf. og leggja fyrir bæjarráð að nýju.

forsendum þessa verkefnis er gert ráð fyrir að hver einast tómatur fari úr landi, á erlendan markað. Um það eru ákveðnir skilmálar og yfirlýsingar í samningagerðum. Ef af einhverjum ástæðum ekki tekst að selja framleiðsluna á erlendum mörkuðum, þá verður það skaði framleiðandans.“

Vistvænt í stað lífrænnar ræktunar

Að sögn Kristján verða húsín framleidd í Hollandi í einingum. Framleiðandinn hefur gert samskonar hús áður sem hafa verið reist hér og hvar um alla Evrópu. Um tvö glerhús er að ræða sem hvort um sig nær yfir sjö og hálfan hektara, með tengibyggingu á milli fyrir pökkun, afgreiðslu og þjónustu. Gert er ráð fyrir um tíu þúsund tonna framleiðslu á ári, en fallið hefur verið frá hugmyndinni um lífræna ræktun eins og fyrst var lagt upp með. Kristján segir hins vegar að lögð verði áhersla á vistvæna ræktun – eins og tíðkist víðast hvar í ylrækt á Íslandi. Einhverjir kunna að hafa áhyggjur af ljósmengun frá svo stórum gróðurhúsum. Kristján segir hins vegar að starfsemin verði undanþegin umhverfismati. „Það er meðal annars vegna þess að gerðar eru ráðstafanir til að koma í veg fyrir hana. Það er gert með því að bygja hana inni með sérstökum tjöldum sem verða sett í þak og hliðar. Þetta er tölvustýrður búnaður eftir ljósmagni úti. Þar sem þetta er fyrst og fremst hugsað sem vetrarframleiðsla hérna – til að mæta eftirspurn eftir góðri vöru á þeim tíma í Evrópu – verður ljósið nánast alfarið byrgt inni hér yfir kaldasta og dimmasta tímann. Þá er tilgangurinn tvíþættur; að koma í veg fyrir varmatap og koma í veg fyrir ljósmengun.“ Kristján bætir því við að lokum að framleiðslan sjálf, eða ræktunin, verði leigð út. Um breskt fyrirtæki sé þar um að ræða, en það hefur reynslu af svipuðu fyrirkomulagi annars staðar. EsBro mun hins vegar sjá um reksturinn á gróðurhúsumum og allt sem viðkemur þeim. /smh

TamaNet™

EDGE to EDGE™

Með tveggja daga notkun á öxlinni

Lengsta rúllunet í heimi - 4500 m

Búvís

Akureyri

Líklega ódýrustu heyvinnuvélar landsins

Samsetning kaupendum að kostnaðarlausu!

Heyvinnuvélar

Vélar í hæsta gæðaflokki á lágmarks verði

Heypyrlur

Diskaslátturvélar

Múgavélar

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

HVERS VEGNA KAUPIR ÞÚ TAMA RÚLLUNET?

„Tama netið slitnar ekki, heldur vel utan um rúllurnar og hægt að nota færri metra án þess að rúllurnar springi, virkar vel í alla staði. Gott að hafa það 4500 metra langt svo maður þarf sjaldan að skipta um rúllu.“

Vignir Sigurðsson
Kolugili

„Rúllur springa aldrei með Tama netinu og ég nota minna af neti. Vandamálalaust og reynist vel.“

Magnús Sigurðsson
Víkingsstöðum

„Tama netið er eina netið sem gengur í rúlluvélina hjá mér og er greinilega sterkara. Það koma ekki tægiur sem fara saman við heyið og lenda ofan í skepnurnar. Ekkert drama með Tama!“

Einar Guðmundur Þorláksson
Svalbarði

„Tama netið hefur reynst mér best og þetta er eina netið sem ég get þrætt rúlluvélina eins og á að þræða hana.“

Grétar Sigurjónsson
Smjördölum

Búvís

Akureyri

Sími 465 1332

www.buvis.is

16 18 26

Bændablaðið

BÆNDABLAÐIÐ ER MEST LESNA BLAÐIÐ Á LANDSBYGGÐINNI

Í NÝRRI KÖNNUN CAPACENT MÆLIST BÆNDABLAÐIÐ MEÐ 48% LESTUR Á LANDSBYGGÐINNI Á MEBAL FÓLK Á ALDRINUM 12-80 ÁRA.

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 33 HÓLANDI DÖNTUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI.

HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?

LESTUR PRENTMIÐLA Á LANDSBYGGÐINNI

Kemur næst út

17. júlí

STEEKUR

Bölvun hestamannamótanna

Verandi Skagfirðingur að ætt og uppruna er ég oft spurður hvort ég sé ekki hestamaður. Ég svara því játandi en bæti þó yfirleitt við að ég hafi lítið stundað hestamennsku síðustu ár, frá því að ég flutti til höfuðborgarinnar um aldamótin síðustu. Það kemur þó ekki í veg fyrir að ég fylgist með hestamennsku, í það minnsta með öðru auganu.

Ég hef farið á allnokkur hestamannamót um dagana. Flest hafa þau verið á Vindheimamelum í Skagafirði enda stutt að fara heiman að frá mér á sínum tíma. Það getur verið gaman á hestamannamótum, þegar sól skín og hross sýna sparihliðarnar. En það er líka jafn andskoti ömurlegt þegar veðrið leikur mótsgesti grátt.

Fyrir rúmum 20 árum var ég mættur á fjórðungsmót norðlenskra hestamanna á Vindheimamelum. Mótið var haldið dagana 30. júní til 4. júlí 1993. Það mót er mér minnstætt umfram önnur mót sem ég hef farið á. Ekki vegna þess að hestakosturinn hafi verið með slíkum ósköpum góður eða stemmingin hafi verið slík heldur vegna þess að veðrið var með slíkum og því líkum endemum ömurlegt að ég hélt að ég yrði úti.

Þegar ég skoða veðurkort frá þessum tíma staðfesta þau alveg upplifunina. 1. júlí hefur verið um 6 stiga hiti á hádegi, rigning og norðvestanátt upp á 7 metra á sekúndu. Þó að það komi ekki fram á kortinu er ég nærri öruggur um að þegar kvöldaði breyttist úrkoman í slyddu. Á þessum árum var ég nú ekki farinn að smakka áfengi en ég man þó að veðrið var með þeim ósköpum að mestu brennivínsberserkir höfðu ekki einu sinni úthald í að drekka á kvöldin. Ekki man ég hvort gestir gistu í tjöldum en köld hefur sú vist verið.

Á Landsmóti hestamanna á Gaddstaðflötum árið 2008 gerði slíkt og því líkt aftakaveður að ræsa þurfti út björgunarsveitir til aðstoðar. Vindhviður fóru allt upp í 50 m/s á Suðurlandi þarna í byrjun júlí og á Gaddstaðflötum var gjörsamlega allt á tjá og tundri. Tjöld fuku, tjaldvagnar rifnuðu í sundur og ekki sást út úr augum fyrir moldroki. Reynt var að keyra knapa og hesta áfram í vitlausu veðri og var það gagnrýnt harkalega. Ekki man ég hvað ég var að gera þessa júlíbyrjun fyrir sex árum en mikið er ég feginn að ég var ekki á Gaddstaðflötum.

Ög nú stendur yfir Landsmót á Gaddstaðflötum enn á ný. Nú er það ekki rokið sem gerir fólki lífið leitt heldur úrkoman. Það er búið að rigna eldi og brennisteini í þrjá daga á landsmóti þegar þetta er skrifað. Einn landsmótsgestur fullyrði við mig að hann hefði séð silung synda framhjá öxlinni á sér í gær. Dagskrá er öll úr skorðum gengin og ljóst að mótshaldarar og keppendur þurfa að halda gríðarlega vel á spöðunum til að takast megi að klára mótið með eðlilegum hætti. Sem betur fer er veðurspá þó nokkuð betri fyrir næstu daga og komandi helgi.

Í þessu ljósi hlýtur að vera borðleggjandi að þegar farið verður að huga að næsta landsmóti verði það fyrsta verk framkvæmdaaðila að semja við nýja styrktaraðila. Mætti ég stinga upp á 66°Norður, Ellingsen og Cintamani, svona til að byrja með. /fr

Margir Íslendingar með umhverfismeðvitund kannast við vefinn Náttúran.is. Frá 2007 hefur þannig þenkjandi fólk getað sótt sér upplýsingar og leiðbeiningar um margar hliðar umhverfismála. Guðrún Arndís Tryggvadóttir myndlistarmaður er frumkvöðull þessa verkefnis og var frumhugmyndin með stofnun vefsins sú að með honum fengist tæki til að skapa sjálfbært samfélag í þágu umhverfisvæns lífsstíls. Ný útgáfa vefsins (Náttúran.is 3.0) var tekin í gagnið fyrir skemmstu þar sem ýmsar forvitnilegar nýjungar er að finna.

Hugsjónafólk með reynslu og menntun

Guðrún og maður hennar, Einar Bergmundur Arnbjörnsson, eru helstu aðstandendur vefsins en fjöldi fólks hefur komið að vinnslu efnis, þýðingum og hönnun á þeim tíma sem vefurinn var í undirbúningi og eftir að hann tók til starfa.

Guðrún er myndlistarmaður sem hlaut sérstök heiðursverðlaun í meistaranámi sínu við Akademie der Bildenden Künste í München, hún rak um nokkurra ár skeið auglýsingastofuna Art-Ad í Þýskalandi og síðar hér á Íslandi.

Einar lærði heimildaljósmyndun í Biskops Arnö í Svíþjóð og starfaði lengi við kvikmyndagerð og leikhús en tók til við tölvuumbrot og hönnun í lok níunda áratugarins og var í eldlínunni þegar vefurinn hóf innreið sína. Hann hefur starfað sjálfstætt og fyrir marga stóra aðila hér á landi og erlendis og lokið framhaldsnámi í upplýsingatækni við Háskólann í Liverpool.

Leiðir þeirra lágu aftur saman eftir að bæði fluttu aftur heim, en þá tóku sig upp gamlar ástir. Þau segja skort á upplýsingum um vistvænan lífsstíl, náttúru Íslands og umhverfismál almennt hafi verið þeim þyrnir í augum og þau hafi séð að það gat, sem myndast þegar upplýsingatækni hins opinbera dregst aftur úr upplýsingaþörf samfélagsins, varð að fylla. Með þekkingu þeirra, reynslu af framsetningu upplýsinga – og viljann að vopni – gerði Guðrún viðskiptaáætlun á Brautargengisnámskeiði. Þessi áætlun hlaut mikið lof og opnaði dyr að fjármagni til að hefja rekstur og undirbúning vefsins Náttúran.is. Þegar hæst bar í undirbúningi voru átta manns á launaskrá hjá þeim, auk aðila í sérverkefnum enda gríðarlega mikið verk að vinna. Þau segja það ávallt hafa verið stefnu þeirra að fá fagfólk til að vinna eða rýna það efni sem unnið er á vefinn og þannig hafa um 30 einstaklingar með viðtæka menntun og reynslu lagt hönd á plóg.

Verkefni og verkfæri Náttúrunnar

Þau segja að markmið Náttúrunnar hafi verið nálgast viðfangsefni sín frá sjónarhóli neytenda, hins almenna borgara. Reynt sé að sjá hlutina með augum þess sem kemur að utan og hefur ekki sérþekkingu eða reynslu. Þannig er reynt að setja hluti fram með því viðmóti sem hentar hverri nálgun. Oft eru sömu hlutir settir fram með ólíkri nálgun, allt eftir því hvaðan notandinn kemur og hvers hann leitar. Með miðlægu gagnasafni sem nú telur vel á annað tugþúsundið, greinasafni með um sjöþúsund greinum og fjölbreyttum venslum má leiða notandann gegnum þennan hafsjó upplýsinga eins og hann væri að skoða lítið barnakver.

Verkfærin til þess eru, auk almennra greina, **Húsið**, **Græna kortið** og **Grænar síður** auk **Endurvinnslukortsins** – en þessi verkfæri hafa öll nýverið farið í gegnum endurnýjunarferli.

Húsið er einfölduð mynd af heimili og umhverfi þar sem hægt er að fara inn í afmarkaðar einingar og allir hlutir hafa skilgreiningu og upplýsingar um hvað hafa ber í huga við innkaup, notkun og förgun. Við allar efnisgreinar hússins eru svo tengdar fleiri greinar og upplýsingar um aðila eða staði sem tengjast viðkomandi



Einar Bergmundur Arnbjörnsson og Guðrún Arndís Tryggvadóttir.

Náttúran.is uppfærir í 3.0 og gengur í endurnýjun lífdaga



Græna kortið er eins konar flaggskip Náttúrunnar.



Náttúran.is

efnisorði. „Húsið“ kom nýverið út sem app fyrir iOS- og Android-stýrikerfin. Í appinu er einnig leikjabanki og töl fyrir neytendur um allar helstu merkingar og vottanir sem hafa með heilsu, orku, náttúru og umhverfi að gera, og nýttast appið þannig sem uppflettiról í innkaupaleiðangrinum.

Græna kortið er á vissan hátt flaggskip Náttúrunnar. Það er gagnvirk kort og á því eru staðir og aðilar flokkaðir með aðferðafræði Green Map® Systems, kerfis sem upprunnið er í New York og hefur að markmiði að kortleggja umhverfið með upplýsingum sem gagnast þeim sem lifa vilja með umhverfi sínu og gæta vistspora sinna.

Dr. Anna Karlsdóttir, lektor við ferðamálafræði við HÍ, hefur leitt faglega vinnu við kortið. Nú eru um 150 flokkar og tæplega 4.000 skráningar á kortinu sem spanna aðila sem falla undir græna hagkerfið og áhugaverða staði í byggð og náttúru.

Allar skráningar eru samkvæmt viðmiðum Green Map-kerfisins og eru án endurgjalds en þeim aðilum sem vilja bæta við grunnskráningu gefst nú kostur á að bæta við myndum og texta gegn vægu gjaldi. Gagnasafn og kortagrunnar Náttúrunnar býður einnig upp á þann möguleika að gera staðbundin kort, til að mynda fyrir sveitarfélög eða svæði sem vilja bjóða gestum sínum upp á gagnlegar upplýsingar.

Græna kortið hefur verið gefið út á prenti í 60.000 eintökum og þeim hefur verið vel tekið og eru eftirsótt af ferðamönnum enda er



Náttúran.is er skalanleg fyrir handtæki og á fimm málum; íslensku, ensku, þýsku, ítölsku og frönsku.

flest fólk sem ferðast til landsins umhverfismeðvitað, með áhuga á náttúru og mannlífi.

Endurvinnslukortið er samantekt á öllum stöðum sem taka við úrgangi til flokkunar. Þar má finna hvaða þjónusta er í næsta nágrenni við notandann út frá heimilisfangi eða GPS staðsetningu tölvunnar. Hægt er að skilgreina umfang leitarinnar enda ólíku saman að jafna í þéttbýli og dreifbýli. Í Reykjavík er t.d. miðað við að grenndargámar séu ávallt innan 500 metra frá hvaða heimilisfangi sem er. En þegar farið er til sveita má búast við að slíka þjónustu þurfi jafnvel að sækja tugi kílómetra. Kortið skilgreinir líka tunnubjónustu sveitarfélaga og skýrir endurvinnsluflokkana.

Til að finna Hús-appið á iTunes og Google Play er einfaldlega slegið inn leitarorðið „Húsið“. Fyrir Endurvinnslukortið í iTunes er orðið „Endurvinnslukort“ slegið inn.

Marghátuð samvinna

Einar og Guðrún segja að endurvinnslumál hafi almennt legið nokkuð óbætt hjá garði, nema hjá stóru sveitarfélögunum sem hafa haft bolmagn til að sinna fræðslu og kynningu til sinna íbúa. En í minni

sveitarfélögum hafa aðstæður verið aðrar og úr minna að móða. Þau segja að í nýsamþykktum lögum um úrgang sé lögð fræðsluskylda á stofnanir og sveitarfélög í þessum málum og Endurvinnslukort Náttúrunnar geti verið svar við þeirri kvöð. Náttúran á í viðræðum við þessa aðila og standa vonir þeirra til að hægt verði að finna hagkvæma leið sem nýtist öllum til betri þjónustu við íbúa og betri árangurs í endurvinnslu.

Frá upphafi hefur það verið stefna Náttúrunnar að eiga gott samstarf við alla hlutaðeigandi aðila. Upplýsa um verkefni, leita ráða og álits og öllum er frjálst að koma með athugasemdir og greinar á vefinn svo lengi sem efnið er innan almennra velsæmismarka. Einar bendir hins vegar á að afstaða vefsins sé skýr; með náttúru Íslands og heimsins alls.

Aðilar sem Náttúran.is hefur átt í formlegu samstarfi við telja hátt á fjórða tuginn; ráðuneyti, stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök. Vefurinn er nú formlegur samstarfsaðili Vistbyggðaráðs.

Árið 2012 fékk Náttúran.is Kuðunginn, Umhverfisverðlaun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins fyrir árið 2011.

/smh

REYKJAVÍK S: 414-0000 / AKUREYRI S: 464-8600 / www.VBL.is



Sennilega besta rúlluplastið að sögn bænda sem nota það

Rúlluplast – Verðlisti

Vörunúmer	Vörulýsing	Breidd	Lengd	Fjöldi rúlla á bretti	án vsk.	m/vsk.	Greiðsluskilmálar
202601112	Hvítt plast, 5 laga	75 sm	1500 m	40	kr. 11.600 kr. 11.900	kr. 14.558 kr. 14.935	Hefðbundin reikningsviðskipti Greiðslufrestur til 15. október
202600218	Grænt plast, 5 laga	75 sm	1500 m	40	kr. 11.980 kr. 12.280	kr. 15.035 kr. 15.411	Hefðbundin reikningsviðskipti Greiðslufrestur til 15. október
202601112	Svart plast Siloglass	75 sm	1500 m	40	kr. 11.500 kr. 11.800	kr. 14.433 kr. 14.809	Hefðbundin reikningsviðskipti Greiðslufrestur til 15. október
4600	Hvítt plast Siloglass 3 laga	50 sm	1800 m	48	kr. 9.600 kr. 9.900	kr. 12.048 kr. 12.425	Hefðbundin reikningsviðskipti Greiðslufrestur til 15. október

Bindinet – Verðlisti

Vörunúmer	Vörulýsing	Breidd	Lengd	án vsk.	m/vsk.
123000	Bindinet	123 sm	3000 m	kr. 21.900	kr. 27.485

Bindigarn – Verðlisti

Vörunúmer	Vörulýsing	án vsk.	m/vsk.
G400	Bindigarn fyrir bagga 400 m/kg - Hvítt	kr. 5.800	kr. 7.279





www.VBL.is
LANDBÚNAÐUR ehf.
Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Mjólkurduft fyrir folöld



Nýtt í KB
Folaldamjólkurduft, fæst í 10kg pokum



BÚREKSTRARDEILD
BORGARNESI
Egilsbolti 1
310 Borgarnesi
Verslun opin 8-18 virka daga
11-16 laugardaga, sími: 430-5500

Sendum um land allt

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 17. júlí



Dekkin í verkin

Traktorinn, jeppinn, fjórhjólið og mótorhjólið

Erum með dekk í öllum verðflokkum. Góð ráð og tilboð veita sölumenn okkar í síma **590 2045**




Umboðsmenn um land allt



Upplýsingar á benni.is



Cultor Gæðadekk fyrir íslenskan landbúnað



MAXXIS Fyrir jeppann, fjórhjólið og mótorhjólið



BF Goodrich
TAKE CONTROL



TOYO TIRES
driven to perform



Bilabúð Benna
Vagnhöfða 23
110 Reykjavík
Sími: 590 2000

Sérfræðingar í bilum

Eigum tinda og hnífa í flestar gerðir véla





KRAFTVÉLAR
Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Fréttaskýring

Eurostat birtir nýjan neysluverðssamanburð Evrópuþjóða:

Lægsta matarverðið á Norðurlöndum er á Íslandi

– Verð á raftækjum er þó langhæst hér á landi og fatnaður sem og áfengi er einnig dýrt miðað við meðaltalið í ESB

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Samkvæmt nýrri samanburðar-könnun Eurostat sem birt var 19. júní síðastliðinn á verð á neysluvörum innan Evrópulanda er Ísland enn með lægsta neysluverð af öllum Norðurlöndunum eins og í síðustu könnunum stofnunarinnar. Það á bæði við hvað varðar meðaltal allra neysluvara og þjónustu og eins neysluvara fyrir utan áfengi.

Í könnuninni sem gerð var fyrir síðasta ár kemur fram að mikill munur er á verðlagi á milli ríkja innan Evrópusambandsins. Þá eru sex ESB-þjóðir með hærri neysluverð en Ísland, en sex ESB-þjóðir til viðbótar eru með svipað verð og þekkist á Ísland og tvær Evrópuþjóðir utan ESB eru með umtalsvert hærri verð. Skýtur þetta skökku við þá miklu umræðu sem haldið hefur verið á lofti um hátt matraverð á Íslandi og gagnrýni á verð íslenskra landbúnaðarvara.

Í úttektinni eru teknir fyrir 2.400 þættir í vöru og þjónustu. Þar eru matvörur, fatnaður, raftæki af öllum toga m.a. myndavélar, bílar, mótörhjól, varahlutir, viðgerðarþjónusta á farartækjum, eldsneyti, áfengi sem og verðlag á veitingastöðum og hótelum. Í þessari könnun var þó ekki tekið inn í dæmið verðlag á opinberri þjónustu eins og á skólakostnaði og heilbrigðisþjónustu. Er þetta gert í samstarfi Eurostat og OECD. Þar er Ísland með 12 prósentustigum hærri verð en meðaltal 28 ESB þjóða sem er með vísitöluna 100.

Lægsta matarverð Norðurlandanna er á Íslandi

Ef rýnt er nánar í einstaka vöruflokka má sjá að í matvörum án áfengis og tóbaks eru Norðurlandþjóðirnar Danmörk, Svíþjóð, Finnland og Noregur allar með hærri matvöruverð en Ísland. Nokkrar ESB þjóðir eru með hærri verðlag á matvöru en Ísland en alls eru 12 ESB þjóðir yfir meðaltali matarverðsvísitölunnar. Þar er jafnframt um að ræða lang fjölmennustu ríki álfunnar.

Áfengi og tóbak dýrast í Noregi, Írlandi og á Íslandi

Þegar litið er á verðlag á áfengi og tóbaki þarf ekki að koma á óvart að þær vörur eru dýrari á Íslandi en í flestum öðrum Evrópulöndum og er verðlag á þeim vörum er einungis hærri í Noregi og á Írlandi. Reyndar er verð á þessum vörum í Noregi 159 prósentustigum umfram meðaltalsverð á sömu vörum í ríkjum Evrópusambandsins. Til samanburðar er verðið 78 prósentustigi hærri á Írlandi og 71 prósentustigi hærri á Íslandi en að meðaltali í ESB samkvæmt tölum Eurostat. Bretland fylgir svo í kjölfarið með 61 prósentustigi yfir meðaltalinu, Svíþjóð með 41 prósentustig, Finnland með 35 prósentustig og Danmörk með 24 prósentustig yfir meðaltalsverði ESB. Áfengi og tóbak er hins vegar langdýrast í Makedóníu sem áður tilheyrði gömlu Júgóslavíu. Þar er verðið 62 prósentustigum undir meðaltalinu í ESB.

Bílar, varahlutir og þjónusta misdýr milli landa

Bílar eru víða dýrir í Evrópu og ræðst mismunandi verðlag þeirra að verulegu leyti af tolla- og

Eurostat-úttekt á verði á neysluvörum og þjónustu í Evrópulöndum

	Ríki	Vísitala % Heild	Vísitala % Án alkóhóls	Vísitala % Alkóhól tóbak	Vísitala % Fatnaður	Vísitala % Raftæki	Vísitala % Farartæki	Vísitala % Veitingar og hótél
	ESB - 28	100	100	100	100	100	100	100
	Belgía	109	112	96	106	107	103	116
	Búlgaría	48	69	59	82	95	85	47
	Tékkland	71	84	78	91	92	81	58
	Danmörk	140	140	124	124	113	155	149
	Þýskaland	102	108	90	102	94	98	97
	Eistland	80	88	83	106	104	87	77
	Írland	118	117	178	98	105	111	128
	Grikkland	89	102	92	94	103	94	88
	Spánn	95	93	87	87	99	101	91
	Frakkland	109	108	108	104	104	104	111
	Króatía	68	93	77	94	103	94	74
	Ítalía	103	112	98	107	99	97	110
	Kýpur	86	108	97	89	113	92	97
	Lettland	71	87	84	103	97	88	75
	Litháen	65	78	73	101	100	88	64
	Lúxemborg	123	118	86	101	94	95	107
	Ungverjaland	60	80	66	75	94	86	53
	Malta	80	100	99	94	113	101	89
	Holland	110	97	108	105	103	117	115
	Austurríki	107	122	90	97	95	104	106
	Pólland	57	62	73	90	86	85	75
	Portúgal	86	90	86	95	99	116	77
	Rúmenía	57	69	74	87	101	87	52
	Slóvenía	83	99	83	98	101	88	86
	Slóvakía	71	88	80	99	94	84	68
	Finnland	123	123	135	118	109	114	128
	Svíþjóð	130	125	141	130	110	108	146
	Bretland	114	101	161	93	102	97	108
Ríki utan ESB:								
	Sviss	156	150	120	119	94	106	152
	Noregur	155	177	259	141	111	160	189
	Ísland	112	120	171	137	141	117	123
	Svartfjallaland	56	78	57	96	97	87	63
	Makedónía	47	59	38	77	92	85	42
	Serbía	54	75	53	98	90	84	50
	Tyrkland	64	85	100	68	96	108	78
	Albanía	51	69	42	69	103	79	42
	Bosnía og Hersegóvína	53	75	50	92	97	85	59

skattlagningu í viðkomandi ríkjum. Á Íslandi eru bílar, varahlutir og þjónusta við bíla 17 prósentustigum yfir meðaltali ESB landanna, eða 117% sem er sama vísitala og í Hollandi. Samsvarandi úttekt á verðlaginu í Noregi gaf töluna 160% og 155% í Danmörku. Í Finnlandi er hún 114% og 108% í Svíþjóð.

Raftæki eru dýrust á Íslandi

Samkvæmt úttekt Eurostat eru raftæki dýrust á Íslandi af öllum þjóðum Evrópu eða 141% miðað við meðaltal ESB-ríkjanna. Hér á landi eru nær öll raftæki fyrir almenna neyslu innflutt, öfugt við umtalsverðan hluta matvælna sem helst hafa samt verið í umræðunni í gagnrýni á verðlag. Hlýtur hátt verðlag á þessum vörum hér á landi að vekja sérstaka athygli þar sem innflutningsgjöld eru yfirleitt á bilinu 0 til 7,5%. Næstdýrust eru raftækin í Danmörku, Kýpur og á Möltu, eða 113%. Noregur er með 111%, þá kemur Svíþjóð með 110% og Finnland með 109%.

Föt næstdýrust á Íslandi

Verð á fatnaði var næst hæst á Íslandi af öllum löndum Evrópu, eða 37 prósentustigum yfir meðaltali ESB-ríkjanna. Mest allur fatnaður á Íslandi er fluttur inn líkt og í öðrum Evrópulöndum. Varla getur skýringin þó bara legið í háum innflutningsgjöldum sem eru yfirleitt ekki nema 10 til 15%. Aðeins Noregur er með hærri verð en Ísland á fatnaði eða 141%. Þá er verðlag á fatnaði í Svíþjóð líka hátt eða 130%. Það er 124% í Danmörku og 118% í Finnlandi miðað við meðaltal í ESB ríkjunum.

Ísland lægst Norðurlandanna í veitingum og hótelkostnaði

Þegar litið er á verðlag á veitingahúsum og á hótelum er það lægst hér á landi af öllum Norðurlöndum eða 123% miðað við meðaltal ESB-ríkjanna. Hæst er verðlagið í þessum greinum í Noregi eða 189%. Þá kemur Sviss með 152%, síðan Danmörk

með 149%, Svíþjóð með 146%, Finnland og Írland eru svo með 128%. Lægstar eru veitingar og gisting í Makedóníu og í Albaníu eða 42% miðað við meðaltalið í ESB en bæði þessi lönd standa utan sambandsins.

Danmörk með hæsta verðlag ESB-þjóða

Lang hæst er verðlagið á öllum þáttum að meðaltali í ESB löndunum í Danmörku eða 140% sem er 40 prósentustigum fyrir ofan meðaltal. Þá kemur Svíþjóð með 130%, Finnland með 123%, Lúxemborg er líka með 123%, Írland með 118% og Bretland er með 114%. Í kjölfarið kemur svo Holland með 110%, Frakkland með 109%, Belgía með 109%, Austurríki með 107%, Ítalía með 103% og Þýskaland með 102%. Spánn er þarna rétt neðan við meðaltalið eða með 95%. Í þessum löndum er yfirgnæfandi fjöldi íbúa Evrópusambandsins. Til samanburðar er Ísland með 112%

Lægsta verðlagið er í Austur- Evrópu

Þau lönd sem draga hlutfallslega meðaltalið niður í tölum Eurostat eru öll í Austur- og Suður- Evrópu og vega í raun mun minna í heildarneyslunni. Þar sker Búlgaría sig úr með vísitöluna 48%, eða 52 prósentustigum fyrir neðan meðaltal 28 ESB ríkja. Síðan kemur Rúmenía með 57%, Ungverjaland með 60% og Slóvenía, Lettland og Tékkland eru með 71% hver þjóð.

Hæsta verðlagið er í Sviss og í Noregi

Hæsta meðaltalsverðlagið í Evrópu samkvæmt könnun Eurostat er að finna í velmegunarlöndunum Sviss og Noregi. Í Sviss er það 156% miðað við meðaltal ESB og í Noregi er það 155%. Í báðum þessum löndum hefur verið töluverð þensla. Reyndar hefur þenslan verið svo mikil í Noregi að þar eru ýmsir farnir að hafa talsverðar áhyggjur af alvarlegu bakslagi. /HKr.

Kortlagning á auðlindum ferðapjónustunnar:

Alta átti hagstæðasta tilboðið

Alta ehf. átti hagstæðasta tilboðið í kortlagningu á auðlindum ferðapjónustunnar sem aðdráttarafls fyrir ferðamenn á landsvísi, en 15 tilboð bárust í verkið. Lokaafurð verkefnisins er gagnagrunnur sem nýst getur hagsmunaaðilum við þróun og uppbyggingu í greininni. Í útboðslýsingu kom fram að leitast á við að fá sem flestar lýsingar/ fullunnin stök skráð í gagnagrunn fyrir ráðstöfunarfjárhæð og var tilboð Alta sýnu hagstæðast að því leyti. Verkið fer af stað á

næstu dögum og er gert ráð fyrir verklokum í byrjun nóvember. Þetta kemur fram á vef Ferðamálastofu.

Leitað til heimafólks um samstarf

Um viðamiknið og metnaðarfullt verkefni er að ræða sem nýst mun þeim sem að íslenski ferðapjónustu koma, bæði opinberum stofnunum sem og einkaaðilum. Til að grunnurinn verði skilvirkur og gagnsemi hans sem mest er nauðsynlegt að

þær upplýsingar sem í hann eru skráðar séu réttar. Því mun á næstu dögum verða leitað til sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila um tilnefningu fulltrúa í svæðisbundna samráðshópa verkefnisins. Hlutverk samráðshópafulltrúa er að fara yfir skráningu staða í hverju sveitarfélagi/ landsvæði fyrir sig og meta þá staði m.a. út frá aðgengi og aðdráttarafl. Matið fer fram í gegnum vefviðmót sem er mjög einfalt í notkun. Mat samráðshópsfulltrúa er svo lagt til grundvallar við áframhaldandi vinnu verkefnisins.

Dekkjainnflutningur

15% afsláttur af öllum dekkjum til 15. júlí 2014

Eigum á lager flestar stærðir traktora-, vagna-, vinnuvéla- og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla- og jeppadekkja.



Vinsamlegast hafið samband við
Ármann Sverrisson 896-8462 e-mail jasondekk@simnet.is
Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124

Jason ehf.
Hafnarstræti 88
Akureyri



www.solning.is

MEST SELDU LANDBÚNAÐARDEKKIN Í ÞÝSKALANDI!



Gerðu verð- og gæðasamanburð. Það er ekki að ástæðulausu að BKT eru mest seldu landbúnaðardekkjin í Þýskalandi, en þjóðverjar eru þekktir fyrir að vilja mikil gæði á sanngjörnu verði

Einstök gæði - góð ending - Gott verð

Söluaðilar á landsbyggðinni:

Húsvík | Bílapijónustan ehf | Garðarsbraut 52 - 464-1122
Ísafjörður | Bílaverið ehf | Sindragötu 14 - 456-3501
Borgarnes | Bifreiðapjónusta Harðar | Borgarbraut 55 - 437-1192
Sauðárkrúkur | Hjólabarðapjónusta Óskars | Borgartúni 6b - 453-6474
Blönduós | N1 píparinn ehf | Efstubraut 2 - 452 4545
Stykkishólmur | Dekk og Smur | Nesvegi 5 - 438-1385
Kirkjubæjarklaustur | Bílaverkstæðið | Löjuvellir 5 - 487-4630
Vík í Mýrdal | Framrás ehf | Smiðjuvegi 17 - 487 1330
Hveragerði | Bílaverkstæði Jóhanns | Austurmörk 13 - 483-4299
Hvolsvöllur | Hvolsdekk | Hlíðarvegi 2-4 - 487 5995
Hella | Varahlutaverslun Björns | Lyngási 5 - 487 5995
Ólafsvík | Dekkjaverkstæði G.Hansen | 436-1111
Hvammstangi | Kaupfélag V-Húsvetninga | Strandgötu 1 - 455-2325
Ólafsfjörður | Múlatindur | Múlavegi - 466 2194



SÓLNING
Renndu við

Sími: 544-5000 | Smiðjuvegi 68-72, Rvk | Hjallahrauni 4, Hfj
Fitjabraut 12, Njarðvík | Eyraarvegi 33, Selfossi | Barðinn, Skútuvogi 2

Færibanda- reimar

Eigum á lager
færibandareimar
í flestar gerðir rúlluvéla




**GÚMMISTEYPA
Þ. LÁRUSSON EHF.**

Gytlafliót 3 - 112 Reykjavík - Sími 567 4467 - Fax 567 4766 - gummisteypa@gummisteypa.is - www.gummisteypa.is

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is



**HNÍFAR
GOTT ÚRVAL**



NB

www.VBL.is

LANDBÚNAÐUR ehf.
NB Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK

Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI

Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

friendtex®

praxis®

... Þegar þú vilt þægindi

Fatnaður og skór
til vinnu og fristunda



**Vandaður tiskufatnaður
í miklu úrvali
með 40% afslætti**



Vatteraðir jakkar fyrir
dömu og herra í 5 litum
Verð 14.900

00314 - Boston
Litir: Svartur/hvítur
Str. 36-47
Verð 12.900,-



Verið velkomin



Bonito ehf. • Friendtex • Praxis
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.friendtex.is • www.praxis.is
Opíð mánudag - föstudag 11:00-17:00, lokað laugardaga


Hitaveitu & gasskápar

fyrir sumarbústaði og heimili

Gæði • Þjónusta • Öryggi

Hitaveituskápar

Við sérsmiðum og eigum líka hitaveitukassa á lager. Einnig smiðum við mikið af kössum á kerrur, bíla ofl. Fáanlegir í mörgum litum.



Gasskápar

Eigum gasskápa á lager. Læsanlegir og smíðaðir úr ál.

Láttu ekki stela af þér kútnum!



VTK
BLIKKSMÍÐJA

Blikksmiðjan Vík ehf / Skemmuvegur 42, 200 Kópavogi / kt. 4309850279 / Sími: 557-1555 / blikkvik@blikkvik.is

Bókin Aldingarðurinn eftir Jón Guðmundsson er nýkomin út: Afrakstur 15 ára reynslu af ávaxtatrjáa- og berjarunnaræktun

Þeir sem eitthvað hafa kynnt sér ræktun ávaxtatrjáa á Íslandi hin síðustu ár ættu að kannast við Jón Guðmundsson garðyrkjufræðing á Akranesi. Óhætt er að segja að hann sé frumkvöðull í þeirri ræktun hér á landi og hefur starf hans skilað mikilvægri þekkingu til almennings um hvaða ávaxtatré séu vænleg til að þroska aldin hér á landi. Fyrir tæpum hálfum mánuði var gefin út bók eftir Jón sem heitir Aldingarðurinn, en það er Sumarhúsið og garðurinn sem er útgefandi.

Líklegur efniviður prófaður

Viðfangsefni bókarinnar er ræktun ávaxtatrjáa og berjarunna á Íslandi og að sögn Jóns er efnið í raun samantekt á starfi hans og reynslu síðastliðin 15 ár, en bókina er búin að vera í um tvö ár í vinnslu. „Starfið hefur gengið útá það að fá líklegan efnivið erlendis frá og prófa við íslenskar aðstæður. Oft þarf að leita vel og víða bæði að upplýsingum og efnivið og skoða hvert yrki frá ýmsum hliðum áður en það er tekið í prófun. Bæði þarf yrkið að vera snemmproska, harðgert og helst að það sé þolið gegn umhleyppingum og óútreiknanlegu tíðarfari. Jón segir ekki ljóst hvort starf hans sé komið af frumbersku-stigi, en ljóst sé að töluverð reynsla hafi safnast upp síðastliðin 10-15 ár. „Við búum eftir




Jón Guðmundsson hefur unnið gott starf síðustu 15 árin í þágu ávaxtatrjáa- og berjarunnaræktunar á Íslandi.

sem áður við frekar takmarkaðar aðstæður hér á suðvestur horninu. Við erum komin með reynslu úr sunnlensku rigningarsumri – eins og var í fyrra – og það af verra taginu.“

Í bókinni er lítillega farið yfir reynslu og sögu af ræktun

á berjarunnum og ávaxtatrjám hér og erlendis. Leiðbeiningar fyrir almenning eru einfaldar og auðskyldar fyrir alla. Líka er góð lýsing á þeim yrkjum sem mest og best reynsla er komin af hér á landi. Bókin er áferðarfalleg og ríkulega

myndskreytt. „Nánast allar myndir eru teknar hér á landi og við fengum einn besta teiknara sem völ er á til þess að teikna skýringarmyndir í bókina,“ segir Jón, en það var Jón Baldur Hlíðberg sem teiknaði 43 teikningar og skýringarmyndir fyrir



útgáfuna – sem gefa efninu aukið vægi.

Eplatré í almenningsgarða

Mikill uppgangur hefur verið í ávaxtatrjáarækt á síðustu árum meðal almennings. Jón segist sjá það vel fyrir sér einnig að ávaxtatrjám fari fjölgandi í almenningsgörðum á næstu árum. „Ég hef aðeins komið að slíkum gróðursetningum með hvatafélaginu Á-vexti sem hefur verið að gefa tré í leikskóla og opinbera garða.“

Aldingarðurinn er er sjötta ritið í bókaflokknum Við ræktum sem Sumarhúsið og garðurinn gefur út. Í fyrri hluta bókarinnar fjallar Jón um sögu, ræktun og reynslu sína af 50 epla-, peru-, kirsuberja- og plómuyrkjum sem hann og aðrir hér á landi hafa fengið reynslu af. Í síðari hluta bókarinnar er fjallað um 71 yrki berjarunna sem gefa af sér æt ber og reynslu af þeim hér á landi. /smh

Álfagalleríið í sveitinni:

Fyrirhugað að efna til markaðsdaga í sumar

„Það er nauðsynlegt að hafa eitthvert áhugamál, það er ekki gaman að sitja bara og gera ekki neitt í ellinni,“ segir Þorgerður Jónsdóttir, Gerða í Teigi, sem ásamt fleirum rekur Galleríið í sveitinni, sem jafnan er nefnt Álfagalleríið. Það er spölkorn frá þjóðveginum fram í Eyjafjarðarsveit, neðan við bæinn Teig. Að starfseminni stendur 12 manna hópur handverksfólks sem ýmist býr í Eyjafjarðarsveit eða á Akureyri og selur handverk sitt í galleríinu.

„Það skortir ekki hugmyndir, þær eru alltaf að koma fram, stundum er höfuðið aðeins á undan skrokknum,“ segir Gerða, sem er aldursforseti hópans en lætur engan bilbug á sér finna, sinnir handverki sínu og tekur þátt í rekstri Álfagallerísins.

Ekki hægt að bakka út

Galleríið var opnað fyrir tæpum sex árum, rétt fyrir efnahagshrun. „Við vorum að byrja þessa starfsemi þegar kreppan skall á en höfðum áður unnið mikið undirbúningsstarf og búið var að útvega hús undir starfseminu og kosta miklu til. Staðan var því eiginlega þannig að við gátum ekki bakka út úr þessu,“ segir Gerða.

Starfsemin hefur smám saman byggst upp og nú eru þátttakendur í rekstrinum allmargir og skiptast menn á að standa vaktina, en opið



Fjölbreytt og fallegt handverk er til sölu í Álfagalleríinu og kennir þar margra grasa.



Þorgerður Jónsdóttir, Gerða í Teigi, og Sigríður Jónsdóttir í Álfagalleríinu.

Myndir / MPP

er alla daga yfir sumartímann frá kl. 11 til 18. Í boði er fjölbreytt og fallegt handverk, leir- og glervörur, handmálað postulín, málaðir steinkarlar og konur, vélútsaumur og kerti með ljósmyndum úr sveitinni. Þá er einnig í boði dömu- og barnafatnaður, ýmist saumaður, heklaður eða prjónaður, sem og ullarvörur og lopapeysur, skartgripir og skrautmunir.

Álfar myndaðir í gríð og erg

Í brekku ofan við húsið gefur að líta fjölda álfa, en sérstaða Gallerísins felst einmitt í álfalandinu við Teig og af því dregur það nafn sitt. Hún segir þá jafnan vekja mikla athygli gesta, margir gangi um svæðið og taki myndir og hafi gaman af.

Fjöldi fólks er á ferðinni um Eyjafjarðarsveit að sumarlagi og er



Einkennisálfur Gallerísins í sveitinni tekur á móti gestum.

ýmislegt í boði fyrir ferðalanga sem þangað leggja leið sína. „Hingað koma einkum Íslendingar, margir

dvelja í sumarbústöðum í nágrenninu og gera sér ferð í sveitina og líta þá inn til okkar. Útlendingar eiga líka



Karlar og kerlingar máluð á steina eru meðal þess sem til sölu er.

aðeins leið um, aðallega þeir sem eru að ferðast á eigin vegum. Gestum okkar líst vel á það handverk sem hér er í boði og ekki hægt að segja annað en að þetta gangi bara vel hjá okkur,“ segir Gerða.

Hænur og grísir vekja athygli

Nú í sumar stendur til að bjóða upp á nokkra markaðsdaga, fólk getur þá komið með þann varning sem það hefur til sölu, handverk, matvæli eða annað og komið sér fyrir í sölubásnum á grundinni neðan við galleríið. „Við vonum að það skapist góð stemmning og menn verði ánægðir með framtíkið,“ segir,“ segir Gerða, en það er Svanborg Svanbergsdóttir í sími 8203492 sem tekur við óskum þeirra sem vilja vera með.

Til að auka á stemmninguna bjóða Gerða og félagar gestum að fylgjast með nokkrum hænum sem vappa á grundinni neðan við galleríið og eins eru þar grísir sem vekja mikla athygli. „Börnin hafa óskaplega gaman af því að skoða dýrin og fylgjast með þeim,“ segir Gerða. /MPP

Háprýstipvottadælur

Háprýstipvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com
Aflgjafar: Rafmagn / Honda bensín / Yanmar dísil / Aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bör.



Hákonarson ehf. s. 892-4163, netfang: hak@hak.is vefsíða: www.hak.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

Mikið úrval
aukahluta

Þrýstikanna Þrýstikútur Bakúðadæla Rafhlöðu-bakúðadæla

BIRCHMEIER

STREYMI
heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544

Made in Switzerland

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

GERÐISGRINDUR OG STAURAR

HAGKVÆMUR KOSTUR

Til í tveimur stærðum
3,36 og 4,27m

Gerum tilboð eftir teikningum

VBL
LANDBÚNAÐUR ehf.
VBL Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Vélavagnar

2,6-3.5 tonna



Topplausnir - www.topplausnir.is

Smiðjuvegi 40 - Kópavogi - Sími 517-7718

Bændur athugið!

Takmarkað magn KRONE hevvinnuvéla fyrirbyggjandi.
Getum afgreitt strax eða á næstu dögum eftirfarandi vélar:




Disksláttuvélar

AM 323 S - Disksláttuvél. 8 diska. Vinnslubreidd 3,20 m.
EasyCut 320 - Disksláttuvél, miðjuhengd. 7 diska. Vinnslubreidd 3,14 m.
EasyCut 360 - Disksláttuvél, miðjuhengd. 8 diska. Vinnslubreidd 3,57 m.
EasyCut 320 CV-Q - Disksláttuvél með stáltindaknosara. 7 diska. Vbr. 3,14 m.



Heyþyrlur

KW 5.52/4x7 - Snúningsvél. Lyftutengd. 4ra stjörnu, 7 arma. Vbr. 5,50 m.
KW 5.52/4x7T - Snúningsvél. Dragtengd. 4ra stjörnu, 7 arma. Vbr. 5,50 m.
KW 7.82/6x7 - Snúningsvél. Lyftutengd. 6 stjörnu, 7 arma. Vbr. 7,8 m.



Rakstrarvélar

Swadro 38 - Einnar stjörnu rakstrarvél, lyftutengd. Vbr. 3,80 m.
Swadro 46T - Einnar stjörnu rakstrarvél, dragtengd. Vbr. 4,60 m.
Swadro 800 - Tveggja stjörnu rakstrarvél með miðjumúg. Vbr. 6,80 - 7,60 m.



Rúlluvélar og samstæður

Bellima F130 - Klassíska KRONE rúllubindivél sem endist og endist.
Comprima F125 XC17 - Lauskjarnarúllubindivél með neti og skurðarbúnaði
Comprima V150 XC17 - Fastkjarna rúllubindivél með neti og skurðarbúnaði
Comprima CV XC17 - Fastkjarna rúllusamstæða með 17 hnífa skurðarbúnaði



ÞÓR HF | Reykjavík: Krókhálsi 16 | Akureyri: Lónsbakka | Sími: 568-1500 | www.thor.is



Vélar í heyskapinn
... til afgreiðslu strax



Hlynur Jónasson er mjög ánægður með hvernig fyrirtæki og bændur hafa brugðist við erindi hans um aðstoð við starfsendurhæfingu ungs fólks með geðraskanir.

Mynd / HKr.

Virk – starfsendurhæfingarsjóður virkjar ungt fólk með geðraskanir til þátttöku í atvinnulífinu:

„Það hefur komið mér skemmtilega á óvart hversu vel fyrirtækin hafa tekið undir erindi okkar“

– segir Hlynur Jónasson sem telur afar mikilvægt að öllum sé gefið tækifæri til að vera virkir þjóðfélagsþegnar

Hlynur Jónasson hjá Virk – starfsendurhæfingarsjóði segir að ótrúlega vel hafi gengið að fá fyrirtæki og bændur í samstarf við að virkja atvinnulaust fólk með geðraskanir til þátttöku í atvinnulífinu. Það tengist einnig verkefni Hlutverkaseturs sem greint var frá í Bændablaðinu í september 2013 og gengið hefur út á starfsendurhæfingu, en þar var Hlynur einmitt verkefnisstjóri. Stór þáttur í þessu er einnig samstarf við Geðsvið Landspítala – háskólasjúkrahúss þar sem unnið er samkvæmt norrænu IPS (Individual Placement and Support) verkefni fyrir geðfötluað

ungmenni. Öll Norðurlandarákin starfa eftir því kerfi.

Fyrirtæki og bændur til mikillar fyrirmyndar

„Það hefur komið mér skemmtilega á óvart hversu fyrirtækin hafa tekið vel okkar undir erindi og hvað þau framkvæma þetta síðan af miklum myndarskap,“ segir Hlynur. Þó tölur á hinum Norðurlöndunum sýni að þar sé starfsþátttaka ungmenna með geðraskanir talsvert meiri en hér á landi, þá segir hann þetta samt allt miða í rétta átt. Þá hafi garðyrkjubændur og aðrir bændur víða um land tekið vel í

þetta verkefni með mjög góðum árangri.

„Hér á landi hafa skapast mörg störf í tengslum við verkefni Virk og mér finnst starfsmannastefna margra fyrirtækja á Íslandi í dag vera til mjög mikillar fyrirmyndar. Fyrirtækin eru líka lykillinn að því að verkefnið gangi vel. Þau hafa tekið ótrúlega vel á móti okkur. Ég gæti nefnt mörg dæmi um fyrirtæki sem hafa gert þetta af svo miklum myndarskap að vert væri að geta þess sérstaklega. Þar eru stjórnendur og starfsfólk að sýna málinu mikinn skilning og taka einstaklega vel á móti skjólstæðingum okkar. Það er

síðan lykillinn að því að þessu fólki fer að líða betur, verður virkari þátttakendur í lífinu og nær betri tengslum við fjölskyldur sínar.“

Hlynur vildi þó ekki nafngreina einstök fyrirtæki, en sagði að hjá þeim fyrirtækjum sem hann hafi átt samskipti við störfuð algjörar perlur. Þar hafi menn verið að sýna ótrúlega nærgætni og velvild gagnvart ungu fólki sem sjaldan hafi fengið tækifæri í lífinu vegna sinna veikinda og hafi jafnvel alist upp við afar slæmar aðstæður. Þarna hafi fyrirtækin og þeirra starfsmenn tekið þessu fólki opnum örmum sem sé ómetanlegt fyrir allt samfélagið. „Þetta snýst allt um

vilja og að sýna þessu veika unga fólki skilning.“

Hlynur segir að aðkoma sín að fyrirtækjum vegna verkefna á vegum Virk sé í raun tvískipt. Annarsvegar snúist þetta um starfsendurhæfingu almennt og hinsvegar um ungt fólk með þyngri geðraskanir sem er það svið sem hann aðstoðar við áður nefnt IPS. Um sex þúsund manns hafa sótt um starf í gegnum Virk starfsendurmenntun síðan 2009, en þar eru forsendur svolítið aðrar en hvað varðar starfsendurhæfingu þeirra sem eiga við geðraskanir að stríða. Þessar tölur sýna hins vegar ljóslega að þörfin er mikil.



Landsvirkjun

Það er allt í lagi að það blási svolítið

Í Búrfellsstöð við Þjórsá er gagnvirk orkusýning og skammt norður af stöðinni eru fyrstu vindmyllur Landsvirkjunar. Þeim er ætlað að veita vísbendingar um framtíðarmöguleika í beislun íslenska roksins. Við vonum auðvitað að sumarið verði gott en okkur finnst líka allt í lagi þó það blási hressilega í 50 metra hæð yfir hraunsléttunni fyrir norðan Búrfell.

Velkomin í heimsókn í sumar!

Búrfellsstöð

Gagnvirk orkusýning er opin alla daga kl. 10–17, frá 1. júní.

Starfsfólk tekur á móti gestum við vindmyllurnar

alla laugardaga í júlí kl. 13–17.

www.landsvirkjun.is/heimsoknir

Aðalatriðið að einstaklingurinn fái hlutverk

„Mín skooun er sú að þetta unga fólk verði að fá hlutverk í fyrirtækjunum, alveg sama í hvaða prósentuhlutfalli það er. Það má vera 10%, 40% eða 60% starf. Öll tengsi við atvinnulíf á skipta miklu máli fyrir þetta fólk, jafnvel þó starfsgetan sé ekki mikil. Aðalatriðið er að einstaklingarnir fái hlutverk og eitthvað til að stefna að á morgun. Þannig skiptast möguleikarnir á að þeir eignist vart líf og verði partur af samfélaginu.“

Stofnað 2009

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun sem var upphaflega stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í maí 2008. Í janúar 2009 var síðan undirrituð ný stofnskrá sjóðsins með aðkomu stéttarfélaga og atvinnurekenda á opinberum vinnumarkaði. Sjóðurinn byggir á samkomulagi um nýtt fyrirkomulag starfsendurhæfingar í kjarasamningum á vinnumarkaði á árinu 2008. Stofnaðilar Starfsendurhæfingarsjóðs voru Alþýðusamband Ísland, Samtök atvinnulífsins, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna, Kennarasamband Íslands, Fjármálaráðherra, Reykjavíkurborg og Launanefnd sveitarfélaga.

Farið eftir áhugasviði hvers og eins

„Þó að fyrirtæki greiði 0,13% gjald af hverjum starfsmanni í Virk – starfsendurhæfingarsjóð eru þau alls ekki skyldug að taka þátt í þessu verkefni með okkur að öðru leyti. Við reynum að sækja til þeirra fyrirtækja eða í þær greinar sem ungmenning sjálf hafa lýst áhuga sínum á að starfa við. Þá nefna ungmenning sérstaklega þau fyrirtæki sem þau gætu hugsað sér að starfa hjá. Fyrirtækin sem við höfum leitað til hafa undantekningalaust gott starfsfólk og auðvitað sína sögu af að hafa glímt við veikindi starfsfólks,“ segir Hlynur.

„Þar þarf að nálgastr fyrirtekin með svölitið öðrum hætti en hvað varðar almenna starfsendurhæfingu. Þetta er verkefni þar sem fyrirtekin eru sjálfviljug þátttakendur í við að taka til sín starfsmenn með skerta starfsgetu og hlúa að þeim. Strax eftir að ungt fólk hefur greinst með geðhvörf eða geðrof eru það mest móttækilegt og á þeim tímupunkti er mjög mikilvægt að það fái stað til að starfa á og vera þannig þátttakandi í samfélaginu. Þannig getur þetta fólk fengið hlutverk og öðlast mannssæmindi líf. Mikilvægt er að hjálpa þessu fólk strax því það dregur úr þessum hæfileikum eftir því sem árin verða fleiri án þátttöku í samfélaginu. Þá verður líka hætt á að fólk einangri sig og lokist inni í eigin heimi.“

Hlynur bendir á einn neikvæðan þátt sem geti virkað sem hemill á að þeir sem eru á annað borð vilji leita eftir atvinnu leggi í að sækja um störf – þar sem verið er að óska eftir einhvers konar ofurmanneskjum sem í raun eru ekki til.

„Ég held að það væri hollt fyrir stjórnendur fyrirtækja að endurskoða hvernig að starfsauglýsingum er staðið.“

Miklir þjóðfélagslegir hagsmunir

„Það er gríðarlega mikils virði fyrir þjóðfélagið að þessu umfangi fólki séu gefin tækifæri. Það eru yfir 40 milljarðar sem fara í örorkubætur á hverju ári og þar af um 16 milljarðar í geðörorku. Ef við getum virkjað eitthvað af þessu fólki til einhvernna þátttöku í samfélaginu, þá erum við að taka um milljarða króna þjóðfélagslegan ávinning. Auk þess er sá ávinningur sem næst með betri líðan þessa hóps. Þarna eru því miklir hagsmunir í húfi,“ segir Hlynur.

***Til að bregðast við
langvarandi atvinnuleysi***

„Við höfum átt því láni að fagna lengst af hér á landi að Íslendingar þekkja ekki langtíma atvinnuleysi að því marki sem þekkist víða í nágrannalöndum okkar.

Starfsendurhæfing hefur verið rekin í Bretlandi og á Norðurlöndunum í áratugi, en hér var byrjað með þetta 2009. Þar nýtum við okkur reynslu nágrannaríkjanna. Við erum samt vonandi ekki að horfast í augu við mikið langtíma atvinnuleysi með jafnvel þrem kynslóðum fólks sem aldrei hafa unnið. Trúlega erum við samt að upplifa eitthvað hærra prósentutölur atvinnuleysis að jafnaði en við gerðum áður. Ég held að það sé okkur því afar mikilvægt að hafa komið á fót starfsendurhæfingu til að koma því fólki aftur út á vinnumarkaðinn.“

Ofurkröfur í starfsauglýsingum geta virkað letjandi

Hlynur bendir á einn neikvæðan þátt sem geti virkað sem hemill á að þeir sem eru á annað borð vilji leita eftir atvinnu leggi í að sækja um störf. Þar er um að ræða starfsauglýsingar sem æ algengara er að sjá í blöðum þar sem verið er að óska eftir einhvers konar ofurmanneskjum sem í raun eru ekki til. Þar sé jafnvel krafist meiri menntunar en starfið gefi tilefni til, að fólk sé alltaf í góðu skapi, búi yfir ofurdugnaði sem eigi sér helst endur taktörk og verði aldrei veiktt eða misstígi sig á nokkurn hátt.

Telur hann líklegt að tilurð slíkra auglýsinga þar sem krafist er gríðarlegrar menntunar og persónulegra hæfileika á öllum sviðum sé runnin undan rifjum fagfólks í því augnamiði að vinsa úr mögulegum umsakjendahópi strax í upphafi. Kröfurnar á stjórndur fyrirtækja verði líka stöðugt meiri um að þeir skili betri árangri í rekstri. Þær kröfur skili sér síðan gjarnan inn í starfsauglýsingarnar. Ekkert samasemmerki sé þó við að allar þær ofurkröfur sem oft séu gerðar

í slíkum auglýsingum skili endilega hæfileikaríkasta fólkinu eða bestu starfskröftunum. Þær geti hinsvegar komið í veg fyrir að þeir sem hafi ekki sérlega sterka sjálfsmynd leggi í að sækja um störfin þó þeir hafi þar fullt erindi. Þetta fólk geti síðan hæglega farið í baklás og dregið sig inn í skel sem erfitt geti verið að brjótast út úr.

„Ég held að það væri hollt fyrir stjórnendur fyrirtækja að endurskoða hvornig að starfsauglýsingum er staðið. Spurningin getur líka verið hvort það fólk sem ráðið er eftir slíkum auglýsingum standi undir öllum þessum kröfum þegar á reynir. Er þetta til þess falíð að menn nái því besta út úr þeim einstaklingi sem

verið er að ráða? – Ég er ekki svo viss.

Ef menn hafa orðið fyrir áfalli eða eru að standa upp úr veikindum af einhverjum toga þá sækir það fólk ekki um störf sem þannig eru auglýst, því það þarf oft aðstoð til að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Það stekkur heldur enginn fullmótaður inn í nýtt starf. Öll þurfum við að aðlagast nýrri vinnu, sama hversu sterk við erum andlega," segir Hlynur.

Ef fólk vill komast í samband við Hlyn og kynna sér þessi mál nánar, þá segir hann því vera velkomið að senda sér tölvupóst á netfangið hlynurjonasson@simnet.is

 $/HKr.$


Kerra óskast

Öflug jeppakerra óskast.

Parf að bera 2 tonn
og vera á 38" dekkjum.

Vinsamlegast hafið samband
við Þórhall Ólafsson hjá
Neyðarlínunni ohf.

Í síma 893-8535 eða á
netfangið thorhallur@112.is



Glófi framleiðir ullarvörur undir vörumerkinu VARMA:

Ullarvörur velta hundruðum milljóna

Í stóru iðnaðarhúsnæði í Ármúlanum eru höfuðstöðvar Glófa ehf., stærsta framleiðanda landsins á vörum úr íslensku ull, sem markaðssettar eru undir vörumerkinu VARMA. Þegar komið er inn er augljóst að hér er verið að skapa úr íslensku hráefni, húfur, vetlingar, peysur og annar ullarvarningur er upp um vegg og á borðum. Það má segja að manni verði hlýtt bara við að koma inn í húsið.

Veltan aukist ár frá ári

Páll Kr. Pálsson, framkvæmdastjóri og stærsti eigandi fyrirtækisins, tekur á móti blaðamanni og sýnir salarkynni og útskýrir framleiðslu. „Við erum með framleiðslu á Akureyri, í Reykjavík og á Hvolsvelli, um það bil 15 manns á hverjum stað,“ segir Páll. Velta Glófa á þessu ári er áætluð um 400 milljónir króna og hefur veltan aukist ár frá ári.

Fyrirtækið var stofnað á Akureyri árið 1982 og framleiddi í upphafi eingöngu þrjónavettlinga. Fljótlega var var starfsemin aukin og ýmsar aðrar vörur framleiddar. Í byrjun árs keyptu Páll og Logi A. Guðjónsson fyrirtækið og í framhaldi af því keypti Glófi fjögur önnur fyrirtæki sem sérhæfðu sig í framleiðslu, markaðssetningu og sölu á ýmis konar ullarvörum.

„Reksturinn hefur á síðustu tveimur árum verið eflur með vöruþróun og markaðssókn. Markmið fyrirtækisins er að sérhæfa sig enn frekar í framleiðslu á íslenskum ullarvörum,“ segir Páll.

Meginuppistaðan íslensk ull

Undirstaðan í starfsemi Glófa er framleiðsla úr íslensku ull sem keypt er frá Ístex. Allar vörur VARMA eru íslensk hönnun og framleiddar á Íslandi. Þó er ýmislegt einnig unnið úr innfluttri ull og leggur fyrirtækið að sögn Páls mikla áherslu á að upprunamerkingar á vörum þess séu skýrar og neytendum sé ljóst hvort um innlend hráefni sé að ræða eða ekki. Þá framleiðir fyrirtækið einnig mokaðvörur úr íslensku lambsskinni. Hjá Glófa eru framleiddar flestar hefðbundnar ullarvörur, svo sem húfur, vetlingar, sjöl, teppi, peysur og fleira að sögn Páls. „Við framleiðum ríflega 80 vörutegundir undir eigin vörumerki og einhverja tugi fyrir aðra.“ Eins og Páll nefnir framleiðir Glófi einnig vörur fyrir aðra aðila. Má þar nefna fyrirtæki á borð við Cintamani, Farmers Market, Geysir Stores og fleiri.

Finna mikinn meðbyr

Vörur Glófa sem framleiddar eru undir vörumerkinu VARMA eru



Birgir Einarsson þrjónameistari og Páll Kr. Pálsson kanna gæðin á ullarteppi sem verið er að þrjóna.

Mynd / fr.



Saumaskapur. Alls vinna um 45 manns hjá Glófa í Reykjavík, á Akureyri og á Hvolsvelli.

Mynd / fr.



Sníðavinna. Vörur Glófa eru íslensk hönnun og eru unnar að fullu hér á landi.

Mynd / fr.



Pollapönk. Strákarnir í Pollapönki fengu þrjónaðar ullarpeysur frá VARMA til að spóka sig í við undirbúning fyrir Eurovision-söngvakeppnina.

Mynd / Þuríður Jónasdóttir.

einkum seldar á innanlandsmarkaði en þó er eitthvað flutt út, einkum til Þýskalands og Norðurlandarákanna.

„Enn sem komið er eru þó stærstu viðskiptahópar okkar Íslendingar og erlendir ferðamenn á Íslandi. Samkeppnin um viðskipti

ferðamanna er hörð, en þrátt fyrir það eru framtíðarhorfurnar góðar. Aukinn fjöldi ferðamanna sækir Ísland heim á hverju ári, auk þess sem tískustraumar liggja í átt til náttúrulegra afurða. Við höfum fundið mikinn meðbyr

með aðgerðum fyrirtækisins á markaðinum og stefnum að því að efla og bæta samstarfið við viðskiptavinum og neytendum enn frekar, og fjölga þeim verulega á næstu misserum,“ segir Páll.

/fr

Sigurfinnur Sigurðsson sýnir á Selfossi á níraðisaldri:

Smíðaði líkan af Birtingaholtshúsinu sem var eitt stærsta hús í sveit á Íslandi

Sigurfinnur Sigurðsson frá Birtingaholti í Hrunamannahreppi, búsettur á Selfossi, sýnir nú hvað dunda má sér við til afþreyingar eftir að komið er á efri ár, en hann sýnir nú tréútskurð í Listagjanni í bókasafninu á Selfossi.

Sigurfinnur, sem er komin á níraðisaldur byrjaði að skera út fyrir fjórum árum. Á sýningunni er líkan af bænum í Birtingaholti, sem Sigurfinnur útbjó en húsið var byggt 1896 og var þá eitt stærsta hús, sem hefur verið byggt í sveit á Íslandi. Húsið var í fyrstu 10 x 14 álnir að stærð en síðar var byggt við húsið

á þrjá vegu og varð útlit þess þá að mestu eins og sést á líkani Sigurfinns, járnklætt timburhús, hvítmálað með rauðu þaki. Árið 1951 kom upp eldur í Birtingaholti og brann íbúðarhúsið til kaldra kola á skammri stundu. Í Birtingaholti eru nú sex íbúðarhús á jörðinni og það sjöunda í byggingu. Sýning Sigurfinns er opin á opnunartímasafnsins 10-18 virka daga og 11-14 á laugardögum.

/MHH



Sigurfinnur á sýningunni á Selfossi og hér má sjá líkan hans af íbúðarhúsinu í Birtingaholti, sem var glæsilegt í alla staði. Hægt er að taka þakið af og þá sést herbergisskipan hússins.

Myndir / MHH



Engi í Laugarási í Biskupstungum: Lífrænn markaður, hænur og völdunarhús

„Við seljum grænmeti úr eigin ræktun, þ.e. úr gróðurhúsum og garðlöndum. Þá er hægt að skoða völdunarhúsið og virða fyrir sér íslenskar hænur sem ganga lausar og börnin geta leikið sér.

Um næstu helgi tínun við kirsuber og jarðarber, auk þess sem við erum með mjög fjölbreytt úrval af grænmeti, salati og kryddjurtum, allt

lífrænt,“ segir Ingólfur Guðnason, garðyrkjubóndi í Engi í Laugarási í Bláskógabyggð, þegar hann er beðinn um að lýsa því hvað sé í boði á lífræna markaðnum allar helgar í sumar. Opið er frá 12.00 til 18.00 föstudaga, laugardaga og sunnudaga.

Á myndinni hér til hægri má sjá völdunarhúsið á góða á Engi, sem þykir mjög skemmtilegt að reyna að rata í gegnum. /MHH



YANMAR

GRÖFUR OG BELTAVAGNAR

Yanmar Vi038U

- 3,95 tonn
- Steelwrist rótortilt
- 3 Skóflur
- Ný frá framleiðanda

TIL Á LAGER



Merkúr er umboðsaðili Yanmar á Íslandi



Hýsi - Merkúr hf. / Völuteigi 7 / 270 Mosfellsbær / Sími 534 6050 / merkur@merkur.is / www.merkur.is

Teiknistofa bænda

Við höfum um árabíl hannað landbúnaðarbyggingar af öllum stærðum og gerðum, bæði nýbyggingar og breytingar.

Við hönnum einnig íbúðarhús, gerum kostnaðaráætlanir og deiliskipuleggjum svæði undir frístundabyggingir. Einnig leiðbeinum við bændum varðandi vatnsveitur.

Til að fá nánari upplýsingar, endilega sendið okkur póst á netfangið tso@simnet.is eða hafið samband í síma 553-3700 og 899-7864, Sæmundur eða Atli.




Tækniþjónusta ehf.



VARMA & VÉLAVERK EHF.

Vandað og varanlegt

**VIÐ ERUM GÓÐIR Í
FRÁVEITUHREINSUN**



Biorock ódýrar lífrænar hreinsistöðvar fyrir fráveituvatn

- Hreinsieiningar fyrir íbúðarhús og húsabyrpingar
- Lífræn hreinsun, ekkert rafmagn. Geta verið eftirlitslausar í langan tíma
- Henta vel fyrir hótél í sveit, bóndabæi, tjaldstæði, sumarhús og fjallaskála
- Tengjast við rotþró, einfaldar í uppsetningu, stuttur gangsetningartími



VARMA & VÉLAVERK EHF.

Vandað og varanlegt

Knarrarvogi 4 104 Rvk. Sími 585 1070 vov@vov.is www.vov.is



Askur frá Akranesi IS2010135046



Bygging: 8,28 - Hæfileikar: 7,85 - Aðaleikunn: 8,02
F: Aðall frá Nýjabæ - M: Katla frá Krossanesi.

Askur getur bætt á sig hryssum í sumar.

Verð á folatolli 50.000 kr. með sónarskoðun.

Upplýsingar gefur Snorri í síma 897-5162
og Benni í síma 896-1581.

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

RAFGIRÐINGAREFNI

Hér er lítið sýnishorn – Sjá nánar í vefverslun okkar **VBL.is**



www.VBL.is

LANDBÚNAÐUR ehf.

NB Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Landbúnaðartækjaframleiðandinn LELY:

Selur 44 Astronaut-mjaltapjóna á 2.500 kúa bú í Þýskalandi

LELY hefur náð samningi um sölu á 44 LELY A4 mjaltapjónum á eitt mjólkurbú í eigu fyrirtækisins Osterland Agrar GmbH í Frohburg í austurhluta Þýskalands. Uppsetning hefst í október og lýkur um mitt ár 2015. Eftir uppsetningu verður þetta mjólkurbú stærsta mjólkurbú í heimi með sjálfvirkar mjaltir með mjaltapjónum. Vegna þessarar nýju tækni verður nú loksins hægt að fylgjast með hverri kú fyrir sig þrátt fyrir að heildarfjöldinn telji 2.500 mjólkurkúr á þessu eina mjólkurbú.

Í fréttatilkynningu frá LELY segir að stærri mjólkurbú horfi nú meira og meira til þess að ná árangri með því að fylgjast með hverri kú sem einstaklingi en ekki hjörðinni í heild eins og



A4 LELY mjaltapjónn.

tilhneiging hefur verið til á stærri mjólkurbúum. LELY-tæknin í A4-mjaltapjóninum gerir þetta mögulegt, en slíkt hefur ekki verið hægt í hefðbundnum mjaltakerfum. Stjórnendur stærri mjólkurbúa eru í ríkari mæli að gera sér grein fyrir því að vinnan á kúabúinu minnkar ef einbeitingin er á þær kúr sem A4 LELY-mjaltapjóninn bendir á að þarfnist sérstakrar athygli. Af þeim sökum er sjálfvirka mjaltatæknin nú tekin fram yfir hefðbundna mjaltatækni.

Fjárfesting í LELY-mjaltapjóni skilar sér því betur með lægri launakostnaði.

Meginástæða Osterland Agrar fyrir þessum stóru kaupum er góð reynsla fyrirtækisins af LELY-mjaltapjónum. Þessir 44 LELY A4-mjaltapjónar verða í sex nýjum fjósum.

Fyrir utan þessi kaup er þegar á svæðinu eitt fjós með 16 LELY mjaltapjónum fyrir 1.000 kúr og annað fjós með 21 LELY mjaltapjóni.

Gunnar Althoff, framkvæmdastjóri Lely Center í Saxlandi, segir að þessi nýi samningur staðfesting á því að LELY A4 mjaltapjónar hafi náð afburðaforystu á stærri kúabúum í Saxlandi.

„Þrír af fjórum stærstu mjaltapjónaframleiðendum heims eru með sölustöðvar í þessu héraði. Með því að LELY eru fremstir í nýjungum í sjálfvirkri mjaltatækni, með mjaltapjón á hagstæðu verði, er LELY A4 mjaltapjóninn nú búinn að sýna sig sem mjög hagkvæman kost í stað hefðbundinna hringekja sem að mest hafa verið notaðar á þessum stærri mjólkurbúum í heiminum, hingað til,“ segir Althoff.

Er kvótakerfið að eyðileggja mjólkuriðnaðinn?

Kvótakerfið í landbúnaði hefur haldist óbreytt meira og minna síðan 1995 en kerfið hefur skapað mikið öryggi fyrir mjólkurframleiðendur. Bændur hafa getað gengið að því visu að rekstartekjur miðað við framleiðslumagn sé tryggðar. Kerfið hefur á sama tíma tryggt þeim sem fara út úr kerfinu háar greiðslur við sölu á kvótanum. Þetta hefur leitt af sér að sífellt stærra hlutfall tekna búa hefur farið í að greiða niður lán vegna kaupa á framleiðslurétti á mjólk.

Lengi vel gátu bændur gengið að því visu að geta selt kvótann á sambærilegu verði og þeir keyptu á, en nú er skyndilega kominn ný staða, verð á kvóta fer hratt lækkanði. Eignir bænda sem voru verulegar eru nú gufaðar upp eins og gjarnan gerist eftir bólur á mörkuðum. Verð á kvóta síðasta áratug hefur í sjálfa sér ekki verið tengt raunveruleikanum heldur trú á því að einhver annar muni geta keypt kvótann á sama eða sambærilegu verði og hann var keyptur á.

Í síðasta uppboði með kvóta fór kvótaverð úr 320 krónum niður í 260 kr. en það voru mjög lítil viðskipti. Ástæðan er sú að þeir sem höfðu áhuga á að kaupa sáu ekki ástæðu til að bjóða hátt þar sem menn voru



Jón Þór Helgason

búnir að gera sér grein fyrir að greitt yrði fyrir alla umframmjólk minnsta kosti árið 2014. Nú er búið að tilkynna að líka verður greitt fyrir alla umframmjólk árið 2015 þannig að líklegt er að áhugi á að kaupa kvóta verður enn minni.

Það er ákveðið sjokk fyrir þá sem ætla að selja kvóta að setta sig við lækkað verð. Fyrstu viðbrögð eru þau að menn hætta við að selja eða þá setja verðmiðann á kvótanum í kvótauppboði mjög hátt og vonast



eftir að verð stígi upp.

Kvótakerfið hefur virkað ágætlega fyrir neytendur á meðan vöxtur mjólkurneyslu hefur verið nokkuð eðlilegur. Þá geta bændur bætt við sig kvóta þó að verð hans sé langt yfir því sem hægt er að reikna út að arðsemi sé fyrir. Rekstrarlega gekk það upp á meðan menn voru að auka framleiðsluna hlutfallslega lítið, af því að fasti kostnaður búanna breyttist ekkert á meðan bændur þurftu ekki að fjárfesta. Smám saman hætta bændur að geta bætt við sig framleiðslu án fjárfestingar.

Næsta áratuginn mun bændum halda áfram að fækka og framleiðslan þjappast enn meira saman. Þessi framleiðsluaukning mun leiða af sér að bændur munu þurfa að fjárfesta

í bæði kvóta og fastafjármunum. Meðalfjosið stækki verulega til að standa undir þessum breytingum.

Það er dýrt að byggja fjós en sú fjárfesting er varanleg, annað með kvótann sem er einungis réttur til að fá beingreiðslur og fullt afurðastöðvar verð. Tökum dæmi aðila sem ætlar að byggja 350 þús lítra fjós. Kvótinn kostar um það bil 93 milljónir miðað við verð í síðasta uppboði. Miðað við 8,5% vexti á láni mun bóndinn sem kaupir þennan kvóta þurfa að borga kvótann niður með 9,5 ára beingreiðslum! Kvótaverð þarf að lækka verulega, hægt er að færa rök fyrir því að eðlilegt kvótaverð eigi að vera innan við 100 krónur á lítra.

Að reka bú og að fá einungis afurðarstöðvarverð gengur engan veginn upp til lengri tíma, sérstaklega ef það þarf að borga niður fjárfestingu. Eins og þau bú sem ég þekki munu þau ekki geta staðið undir sér nema að beingreiðslur komi til. Síðan er enginn trygging fyrir því að alltaf verði greitt fyrir umframmjólk. Með þessu áframhaldi mun kvótakerfið draga úr vaxtamöguleikum búa og um leið koma í veg fyrir hagræðingu í greininni. Afleiðingin verður sú að bændur geta ekki lengur framleitt nóg til að uppfylla þarfir markaðarins, og flytja þarf inn landbúnaðarafurðir. Tjón samfélagsins verður að

dýrmætur gjaldeyrir tapast. Að auki eru erlendar mjólkurafurðir ekki ódýrari en innlendar. Tjón bænda verður að tekjur þeirra til langframa lækka vegna þess að þeir geta ekki framleitt nóg.

Kvótakerfið er komið í alvarlega klemmu og það er fyrir löngu byrjað að koma í veg fyrir hagræðingu í greininni. Hrunið og skuldaleiðrétting bankana hefur falið áhrif af allt of háu verði kvótans á árunum fyrir hrun þar sem bankarnir hafa stillt af skuldir búanna eftir hrun miðað við greiðslugetu og eignir. Lánin sem bankarnir settu á búinn voru til 30-40 ára. Hætt er við að tekjur bænda af hverjum lítra muni lækka í framtíðinni og til að viðhalda rekstri þarf að fjárfesta í fjósum og kvóta. Því munu þessi bú sem fóru í gegnum skuldaaðlögun vera föst í klemmu sem ekki er auðvelt að komast úr.

Hætt er við að á næstu misserum þurfi bankarnir að afskrifa enn meira af lánum til bænda vegna lækkanar á kvótaverði. Bankarnir hafa því verulega hagsmuni af því að halda kvótaverðinu uppi sem er algjörlega í andstöðu við þarfir neytenda og mjólkurframleiðanda.

Jón Þór Helgason
burekstur.blog.is

Rekstrarvörur:

Bjóða nýjar og endurbættar lausnir fyrir bændur

Ásbjörn Þór Ásbjörnsson og Stefán Ingi Óskarsson, sölu- og þjónusturáðgjafar hjá Olís Rekstrarlandi, hafa sérhæft sig í sölu á rekstrarvörum til bænda og matvælageirans. Hvort sem það snýr að hreinlæti, vinnufatnaði eða rafgeymum og smurolíum hafa þeir lausnina og veita viðskiptavinum ráðgjöf í hverju tilfelli fyrir sig.

„Evans-hreinlætisvörur hafa verið á boðstólum hér á landi síðan 1996 og ég hef verið að þjónusta kaupendur síðan þá, en framleiðendur þeirra eru leiðandi í Bretlandi í landbúnaðar- og matvælageiranum. Við erum með sóthreinsilausnir fyrir sauðfjár-, mjólkur-, svína-, og kjúklingabú. Ein einfaldasta sóttvörnin er svokallaðar sóthreinsimottur, þar sem sóttvarnarefni er blandað í motturnar og þær settar við innganga í húsin. Þar minnka smitleiðir á milli búa umtalsvert. Einnig erum við með strímlamæla sem mæla styrkleika efnisins í mottunum svo hægt sé að fylgjast með hvort bæta þarf í eða ekki. Hér eru lausnir fyrir allar tegundir matvælavinnslu ásamt hreinlætisáætlunum og gæðahandbókum. Með gæðahandbókinni er hægt að skrá inn þrepaskipta



Ásbjörn Þór Ásbjörnsson og Stefán Ingi Óskarsson eru sölu- og þjónusturáðgjafar hjá Olís Rekstrarlandi með sérstaka áherslu á landbúnað.

verklýsingu og hafa þar gátlista. Við erum að fara á vinnustaði hvort sem það er hjá bónda eða í kjötvinnslur meðal annars til að kynna okkur aðstöður og setjum okkur inn í þær á hverjum stað fyrir sig. Þannig bjóðum við upp á mjög persónulega þjónustu þar sem við bendum bændum á ýmsa hluti til

að ná árangri því hagrur bóndans er okkar hagrur,“ útskýrir Stefán Ingi og segir jafnframt:

„Við bjóðum upp á svokallaðar ATP-mælingar sem eru prótín-mælingar sem mæla lífverur á yfirborði og gefa til kynna hvort búið sé að þrifa nógu vel á einungis 15 sekúndum. Inni í þessum mælingum

höfum við einnig búnað til að mæla rörakerfi í mjaltakerfum og þar geta menn komist að því á stuttum tíma hvort mjólkurkerfið og tankurinn sé orðið nægileg hreint. Þannig er hægt að leysa vanda, ef um hann er að ræða, fljótt með mælingum og bóndinn getur fylgst með alla leið.“

Greina vandann og finna lausnir

Ásbjörn hefur unnið hjá Olís í sex ár og sérhæfir sig nú í lausnum sem tengjast landbúnaði. Rekstrarland er byggt á fyrrverandi rekstrarvörudeild Olís. Fyrir um ári opnaði Olís Rekstrarland í Skeifunni 11, verslun sem er lifandi og skemmtileg. Meðal annars vegna óska viðskiptavina. Þar inni kennir ýmissa grasa og geta fyrirtæki, heimili og stofnanir fengið allt sem viðkemur rekstri þeirra.

„Við erum í rauninni með allt hér frá A-Ö sem tengist bóndanum, til dæmis erum við með breiða línu af Dickies-vinnufatnaði og skó fyrir öll störf. Við leggjum okkur í líma við að vera með hágæðavörur sem duga og þola álagið og erum einnig með Elka-regnfatnað, sem er sterkur, vatnsheldur og umfram

allt öruggur. Vaxandi krafa er um öryggisfatnað, það er að segja sýnileikafatnað, hvort sem þú ert að smala á fjöllum eða í verktaðinu, og höfum við breitt úrval í þeim efnum,“ segir Ásbjörn og bætir við:

„Einnig erum við með alla flóruna í Fiskars-garðverkfærum og inni í því eru landbúnaðartengd handverkfæri eins og kústar, gafflar, járnkarlar og fleira. Á tækjasviði erum við með rafgeyma og smurolíur fyrir flestöll tæki og ef menn lenda í erfiðleikum með tækin sín erum við tilbúnir að aðstoða hvort sem er í gegnum þjónustuborð okkar, þar sem við erum með sérfræðinga á hverju sviði og yfir 100 ára „Olís-reynslu“, eða í sölu- og dreifikerfi okkar sem er eitt það besta á landinu í dag. Umboðsmenn um land allt sem eru boðnir og búnir að leysa verkefnið sem upp koma. Við lendum afar sjaldan á gati gagnvart fyrirspurnum. Við greinum hvert vandamál fyrir sig og finnum lausnir og erum mjög stolt af þessu úrvali af vörum hjá okkur. Okkar markmið er að búa til langtímasamband við viðskiptavininn og vinna með þeim.“

Mikið um skordýraskemmdir á trjágróðri

Víða um land ber töluvert á skordýraskemmdum á trjágróðri, til dæmis eftir birkikembu sem hefur herjað á höfuðborgarsvæðinu og sums staðar á Suðurlandi. Að undanfögnu hafa komið í ljós miklar skordýraskemmdir á alaskavíðibeltum við Gunnarsholt. Skjólbelti sem nær frá Þjóðveginum upp að Gunnarsholti er laufflitið og víða nær lauflaust. Þetta kemur fram á vef Landgræðslunnar.

Sömu sögu er að segja víðar, til dæmi á Reyðarvatni skammt austan við Gunnarsholt. Alls er þarna um að ræða allnokkra tugi kílómetra af skjólbeltum. Alaskavíðirinn er ein



Haustfeti.

röð af þremur tegundum, en það sér hinum röðunum. Orsakavaldurinn er lirfa haustfeta.

Lirfa haustfetans á ferðinni fyrri hluta sumars

Athuganir á skemmdu laufi hafa sýnt að þar eru nær einvörðungu haustfetalirfur en sáralítið hefur fundist af öðrum tegundum sem sækja í víði, til dæmis víðifeta. Lirfa haustfetans er á ferli fyrri hluta sumars og nú eru lirfurnar nær fullvaxta og eru

að fara að púpa sig. Fiðrildin skriða svo úr púpu að haustinu og verpa. Þessi sömu skjólbelti skemmdust einnig mikið í fyrra og þá fundust einnig haustfetalirfur í laufi. Sá víðir sem skemmdist mest í fyrra laufgaðist illa í vor og sumar plöntur alls ekki. Hætta er á að plöntur sem verða fyrir svona faraldri ár eftir ár kali illa og jafnvel drepist.

FÁST UM LAND ALLT

ÍSLENSKAR ÞVOTTASNÚRUR
Sem þola íslenska veðráttu

Vélsmíðja Ingvars Guðna ehf.
Sími: 486-1810 vig@vig.is
www.vig.is

VIG

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

JOHN DEERE

John Deere 6125 M
125 hestöfl
Árgerð 2014

Ný model af John Deere dráttarvélum með ýmsum nýjungum

Verð frá kr. 12.880.000 + vsk.

NB
LANDBÚNAÐUR ehf.
NB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

VANTAR ÞIG HÚSNÆÐI?

Þetta vandaða hjólhýsi skiptist í svefnherbergi með hjónarúmi, setustofu með svefnsofa, herbergi með tveimur kojum, vel útbúið eldhús og baðherbergi með sturtu og litlu baðkari. Hjólhýsið er 25 m², 9,75 metra langt og 2,55 m breitt, árgerð 2004 og nánast ónotað.

Verð: 3.900.000 kr. Nánari upplýsingar í síma 893 0366

Vetrarafbrigði í úrvali

Hjá Líflandi færðu vetrarafbrigðin af hveiti, rúgi, olíurepju og nepju.

Söluráðgjafar Líflands eru við símann og ráða þér heilt um val á sáðvörunni

Áratuga reynsla, skilvirk dreifing og örugg afhending

Pantanir hjá sölumönnum Líflands í síma 540-1138 eða á sadvara@lifland.is

Kynntu þér breitt sáðvöruúrval Líflands. Skoðaðu sáðvöruulistann á www.lifland.is

Lifland skrifstofur
540 1100

Brúarvogi 1-3, Reykjavík
www.lifland.is

Lónsbakka, Akureyri
540 1150

Efstubraut, Blönduósi
540 1155

BÝÐUR EINHVER BETUR?

Verð frá **kr. 275.000.-** án. vsk

Búvís
Akureyri

Samasz sláttuvélar
góð reynsla - góð kaup

Búvís ehf. : Akureyri : Sími 465 1332 www.buv.is

Skógur í Skyndidal fallinn að hluta

– Maðkafaröldrum kennt um en líka beit hreindýra og sauðfjár

Vart hefur orðið mikils skógardauða í óbyggðum dal í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu. Dalurinn heitir Skyndidalur og er neðan Lambatungnajökuls í Vatnajökli. Skriflegar heimildir eru um skóg í dalnum langt aftur í aldir.

Friðþór Sófus Sigurmundsson, landfræðingur og doktorsnemi við Háskóla Íslands, var á ferð í Skyndidal 25. maí ásamt Höskuldi Þorbjarnarsyni, meistaranema í landfræði. Friðþór Sófus segir í samtali á vef Skógræktar ríkisins, skogur.is að það hafi verið sláandi að sjá stóran hluta af þessum myndarlega birkiskógi sem virtist nýlega fallinn. Ýmis ummerki eru um of mikla beit í dalnum sem gæti hafa valdið því að elsti hluti skógarins féll. Samkvæmt kjarnasýnum sem þeir félagar tóku úr stærstu trjánum reyndust mörg þeirra vera 80-90 ára gömul.

Friðþór Sófus vinnur nú að doktorsverkefni í landfræði við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Verkefnið kallast Þróun landgæða og byggðar í Austur-Skaftafellssýslu frá landnámi. Það hefur hlotið styrki úr Orkurannsóknarsjóði Landsvirkjunar, Kvískerjasjóði og hlaut nú í vor styrk úr Rannsóknarsjóði HÍ. Sömu leiðis hafa Vinir Vatnajökuls styrkt þetta rannsóknarstarf. Leiðbeinandi Friðþórs í doktorsverkefninu er Guðrún Gísladóttir, prófessor í landfræði.

Eðli og ástæður umhverfisbreytinga síðastliðin 100 ár

Hluti verkefnisins er að skoða



Þekkt er að þrálátir maðkafaraldrar geti farið mjög illa með birkiskóg á stuttum tíma, drepið gömul tré, haldið um leið niðri nýgræðingi og komið þannig í veg fyrir endurnýjun skógarins.

gömul skógaritök sem getið er í ritheimildum í Austur-Skaftafellssýslu, kortleggja þau og meta ástand þeirra nú. Nýnæmi rannsóknar Friðþórs Sófusar felst í því að beina sjónum að ákveðnu svæði til að draga fram á sem ítarlegastan hátt eðli og ástæður umhverfisbreytinga síðastliðin 1.100 ár á mun viðameiri hátt en áður hefur verið gert á Íslandi. Markmiðið er að skýra hver áhrif landnotkunar, eldvirkni og loftslagsbreytinga hafa verið á byggða- og gróðurþróun í Austur-Skaftafellssýslu frá landnámi.

Stór hluti elsta skógarins fallinn

Friðþór Sófus segir að það hafi komið nokkuð á óvart hversu hávaxin trén í Skyndidal voru.

Skógurinn náði yfir 140 ha svæði árið 2003 þar sem hann óx í gróðurtungum en var rofinn af skriðum. Í skriðunum milli gróðurtungnanna er nú að vaxa upp nýr birkiskógur af fræi, en stór hluti elsta skógarins er nú fallinn og aðeins stöku tré uppistandandi. Samkvæmt Friðþóri Sófusi hefur skógarþekjan minnkað um 2/3 frá því fyrir 10 árum. Birkiskógurinn sé þó ekki að hverfa úr dalnum, einkum vegna náttúrulegrar framvindu í skriðunum, en Friðþóri þykir ljóst að þarna þurfi að huga að verndun fornra skógarleifa.

Yfir 100 hreindýr í dalnum og nokkrar kindur

Margt bendir til þess að hreindýr



Þekkt er að þrálátir maðkafaraldrar geta farið illa með birkiskóg á stuttum tíma, drepið gömul tré, haldið um leið niðri nýgræðingi og komið þannig í veg fyrir endurnýjun skógarins. Myndir: Friðþór Sófus Sigurmundsson

hafi verið á beit í skóginum, að mati Friðþórs. Einnig lítur út fyrir að dýrin hafi jagast á trjánum og felld þau. Hreindýr éta skófir á veturna en geta líka lagst á börk trjáa þegar fátt annað er að hafa. Bændur höfðu tekið eftir falli skógarins í Skyndidal fyrir nokkrum árum þegar maður lagðist á skóga þar eystra. Þegar þeir Friðþór Sófus og Höskuldur voru þarna á ferð 25. maí voru yfir 100 hreindýr í dalnum og sjö kindur.

Þekkt að þrálátir maðkafaraldrar geta farið illa með birkiskóg

Arnór Snorrason, skógfræðingur á Rannsóknastöð skógræktar, Mógilsá, segir við vef skógaræktarinnar að víðar á Austurlandi sé að finna dæmi um gamla skóga sem orðið hafi hart úti í maðkafaröldrum. Hann vill

ekkt fullyrða að svo stöddu um orsakir skógardauðans í Skyndidal en segir að hvorki hreindýr né sauðfé geti drepið skóg skyndilega þótt langvarandi ofbeit eyði skógi. Hins vegar sé þekkt að þrálátir maðkafaraldrar geti farið mjög illa með birkiskóg á stuttum tíma, drepið gömul tré, haldið um leið niðri nýgræðingi og komið þannig í veg fyrir endurnýjun skógarins. Ekki ósvipaðar skemmdir hafa til dæmis sést á birkiskógum í Hofsdal í Hamarsfirði og víðar á suðausturhorni landsins. Miklar skemmdir urðu þar víða á maðkaárunum á síðasta áratug og dæmi um bletti þar sem trén drápuð alveg. Með frekari athugunum á kjarnasýnunum úr gömlu trjánum í Skyndidal væri hægt að sjá betur hvenær þau drápuð og bera saman við maðkaárin.

/MPÞ

Komum í veg fyrir bruna í heybindivélum

Undanfarin ár hefur kviknað í þó nokkrum heybindivélum og dráttarvélum hjá bændum. Þegar þessi tjón verða er oft langt í bjargir og fátt hægt að gera til að bjarga verðmætunum. Það má því spyrja hvort ekki ætti að vera lögboðið að hafa slökkvibúnað í vélunum til að draga úr tjóni? Vélarnar verða helst eldi að bráð á mesta álagstímanum svo að skaði bóndans getur verið umtalsvert meiri en sem nemur andvirði véla og tækja.

Það er gott að hafa slökkvitæki við höndina til að bregðast við eldi, en enn mikilvægara er að huga að forvörnum og fyrirbyggja tjón. Hrafn Sverrisson skoðunarmaður í ökutækjatjónum hjá VÍS segir flest bera að sama brunni. „Þau brunatjón sem ég hef komið



að í rúllubindivélum tengjast öll eldi við keðjudrifið eða legum við keflin. Yfirleitt gefa legurnar sig og hitna, sem virðist kveikja í heinu. Smurólían magnar svo brunann. Ég sé engan mun á milli tegunda svo það er spurning hvort umgengni sé ábótavant og hreinsa þurfi reglulega frá keflunum eða hvort skipta þurfi legunum reglulega út?“



Um hábjargræðistímann er oft mikið undir og hætt við að kapp geti orðið meira en forsjá. En með reglubundnu viðhaldi og góðri umhirðu bæði fyrir og eftir notkun má koma í veg fyrir tjón. Ef tækin eru í notkun allan sólarhringinn, eins og stundum vill verkast í búskapnum, er mikilvægt að gefa sér tíma inni á milli til að dytta að

vélunum og fjarlægja óhreinindi.

Þá er brýnt að einungis þeir sem hafa réttindi og þjálfun í meðferð þessara tækja stjórni þeim. Sérstaklega skal huga að börnum og unglingum við notkun vélanna og tryggja að tækin séu aldrei skilin eftir í gangi umsjónarlaust.

/Forvarnadeild VÍS

16 18 26

Bændablaðið

19. Stofudagur 2013 • Fimmtudagur 3. október • Stofn nr. 404 • 13. árg. • Útgáfa 31.000

45% FÓLKS Á LANDSBYGGÐINNI LES BÆNDABLAÐIÐ

HEIMILD: PRENTMIÐLAKÖNNUN CAPACENT. KÖNNUNARTÍMI OKT.-DES. 2013.

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 31. ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI.

HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?

SÍMI 563-0300 | BBL.IS

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

QUICK

TIL SÖLU JOHN DEERE 6930

Með Zuidberg frambúnaði og Alö Q75 ámoksturtækjum, árgærd 2009, notkun 4,400 vinnustundir

Verð kr. 9.990.000 + vsk.

VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600



DÆLUR FYRIR FRÁVEITUR,
VERKTAKA OG FISKIÐNAÐ

TIL Á LAGER



Hýsi - Merkúr hf. / Völuteigi 7 / 270 Mosfellsbær / Sími 534 6050 / merkur@merkur.is / www.merkur.is

Belgagri

Twenty-One flugnaeitur

Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt.

- Asamepífos er hraðvirkasta efnið á markaðnum
- Eina fáanlega flugnaeitrið sem má bæði úða og pensla
- Virkni í allt að 12 vikur
- Laðar skordýr að með ferómóni og löðunarefni
- Eina fáanlega efnið sem drepur við inntöku og snertingu



Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544



ÍSLENSKUR ÆÐARDÚNN

Æðarbændur

Erum byrjuð að taka á móti og hreinsa dún.
Greiðum flutningskostnað fyrir allan dún
hvaðan sem er af landinu sem berst til okkar
land- eða sjóveg í hreinsun og sölu.
Gerum upp strax að hreinsun lokinni.

Allar nánari upplýsingar veitir:

Erla Friðriksdóttir í síma 899 8369

& erla@kingeider.is

ÍSLENSKUR ÆÐARDÚNN

Dúnhreinsun Nesvegi 13 Stykkishólmi



STYRKUR

TRAUST

REYNSLA

ÚTSJÓNARSEMI

KUNNÁTTA


TRYGGÐ

ÚRRÆÐI

RAUNSÆI



Vantar þig yleiningar,
límtre eða
stálgrindarhús?



Strúktur ehf. · www.struktur.is · struktur@struktur.is
Hraðastöðum IV, 271 Mosfellsbæ · sími: 860 0264

Tæki og tól á flottu verði

Zipper trésmíðavélar,
öflugar og hagkvæmar

Heflar, standborvélar, hjólsagir, bútsagir,
loftpressur, sogkerfi og margt fleira.



Súluborvél
13 mm patróna
17.382 kr.

Hefill/afréttari
210 mm breidd
50.110 kr.



Sambyggð vél
5 stöðvar
178.448 kr.



Loftpressa
200 l/50 l kútur
32.335 kr.

Sýningarvélar á staðnum.

Einnig lamir, höldur, lím og
aðrar vörur fyrir smíðar.



Pokasög
100 mm barki
29.026 kr.



Borðsög
250 mm blað
31.776 kr.



Bútsög
210 mm blað
28.091 kr.



IDN VÉLAR ehf. | Smíðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is



Korkur og vín, þeirra ær og kýr

Þó svo að ferðapjónusta í Portúgal sé vissulega umsvifamikil, enda einn af vinsælustu áfangastöðum fyrir sólarlandaferðir. Norður-Evrópubúa, er einnig starfræktur töluverður landbúnaður í landinu. Flest bú flokkast sem lítil eða meðalstór fjölskyldubú en þó eru til í landinu allt upp í gríðarlega stór landbúnaðarfyritæki sem starfrækja margar bújarðir og mjög umsvifamikla framleiðslu.

Heldur minna en Ísland

Portúgal er 92 þúsund ferkílómetrar að stærð eða lítið eitt minna en Ísland en með heldur fleiri íbúa en alls búa um 10,5 milljónir í landinu. Þegar horft er til landbúnaðarlands verður samanburðurinn einnig ójafn, enda er stór hluti landsins nýtanlegur fyrir landbúnaðarframleiðslu. Þannig eru 36 þúsund ferkílómetrar af skógi og kjarri, 5 þúsund ferkílómetrar flokkaðir sem beitarnland og 28 þúsund ferkílómetrar eru ræktanlegir í dag, þar af eru um 7 þúsund ferkílómetrar með fjölæru grasi en afgangurinn nýttur fyrir aðra ræktun. Annað land flokkast óræktanlegt eða skilgreint fyrir þéttbýli og samgöngumannvirki.

Margar búgreinar

Alls starfa um 140 þúsund manns í landbúnaði í Portúgal en langflestir þó í hlutastarfi með annarri vinnu. Skýringin felst í því að margar bújarðirnar eru afar litlar og bjóða því alls ekki upp á nógu stóran búskap svo af því sé hægt að lifa. Portúgal og portúgalskir bændur lentu illa í efnahagshruninu sem varð 2008 en eftir mörg erfið ár stefnir nú margt í rétta átt. Ein af leiðum þarlendrar bænda út úr erfiðleikunum hefur verið að veðja á samvinnufélög framleiðenda, sem hafa getað staðið uppi í hárinu á stórum innkaupakeðjum og stórverslunum og haldið verði á afurðum bænda uppi. Með samstöðunni hafa bændur landsins jafnt og þétt bætt stöðu sína þó enn sé alllangt í land. Síðasta ár nam heildarframleiðsla landbúnaðarins 3,9% af þjóðarframleiðslu Portúgal (GDP) og byggir landbúnaðurinn á fjölmörgum stöðum ólíkra búgreina en portúgalskir bændur starfa ekki allir í því sem við Íslendingar þekkjum sem hefðbundinn landbúnað eins og grænmetis-, kjöt eða mjólkurframleiðslu. Aðrar búgreinar eru t.d. hrísgrjóna-, olífu-, hnetu- og kirsuberjaframleiðsla. Þá er töluvert um ávaxtaframleiðslu þar sem epli, perur og appelsínur vega þyngst. Auk þessa má svo nefna hinar eftirtektarverðu búgreinar framleiðslu á korki og svo vínberjarækt og vínaframleiðslu, en báðar þessar búgreinar eru töluvert stórar í landinu.

Til þess að setja framleiðsluna í samhengi má t.d. geta þess að árleg framleiðsla á perum er um 110-120 þúsund tonn, 180-190 þúsund tonn af appelsínunum og rúmlega 600 þúsund tonn af olífum! Þá er landið fjórði stærsti framleiðandi í heimi á tómötum en alls nemur árlega framleiðsla um 1,4 milljónum tonna!

Þrjú landbúnaðarsvæði

Þegar rætt er um landbúnað í Portúgal er oftast fjallað um landbúnaðinn eftir því hvernig ræktunar- og veðurfarsskilyrðin eru. Gróflega má flokka landið í þrennt þegar horft er til veðurfars og landgæða.

Til svokallaðs suðursvæðis heyra nágrannahéruðin Alentejo og hið þekkta Algarve, þar sem margir



Douro-dalurinn, sem er á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna fyrir sína einstöku fegurð, er mesta vínræktarsvæði Portúgals.



Flestir tengja hrísgrjónaframleiðslu við lönd í Asíu en hrísgrjón eru einnig framleidd í löndunum í suðurhluta Evrópu, svo sem Portúgal, Spáni, Ítalíu og Grikklandi.

Íslendingar hafa dvalið í frítíma sínum. Veðurfar í þessum héruðum er reyndar svolítið ólíkt en í Alentejo er oft bæði hlýtt og þurr og í þessu héraði er stærstur hluti hveitis Portúgals framleitt. Héraðið er einnig þekkt sem „brauðkarfa Portúgals“ vegna mikillar hveitiframleiðslu. Þá eru í héraðinu stór svæði þar sem korkur er tekinn af trjáum, auk þess sem olífuræktun er allstór hluti landbúnaðarins auk sauðfjárræktar. Á Algarve, þar sem heldur meiri raki er en þó hlýtt allt árið, er hins vegar ekki veigamikill landbúnaður en þó er svolítið um búfjárhald í smáum stíl, ávaxtaframleiðslu og vínberjaframleiðslu og vingerð.

Til miðsvæðis heyra svo nokkur héruð sem liggja um miðbik landsins en landgæði svæðisins er allbreytilegt allt frá fjallahéruðum sem henta helst til skógræktar, þurra og ill ræktanlegra svæða niður í frjósama árbakka meðfram ánni Tejo, sem skiptir Portúgal í tvennt og á upptök sín á Spáni. Flestir bændur miðsvæðisins byggja afkomu sína á vökvun akranna en helsta framleiðsla er hveiti, máis, olíufrae og hrísgrjón.

Norðursvæði tilheyrir svo, eins og nafnið ber með sér, nyrsti

hluti landsins en þar er meira um fjalllendi og úrkomu og jafnframt töluvert kaldara en í hinum svæðunum tveimur. Á þessu svæði er mikill fjöldi búa og töluvert mikil landbúnaðarframleiðsla. Þá tilheyrir Douro dalurinn þessu landsvæði, en hann er á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna enda einstök náttúruperla. Í þessum dal fer fram langmesta vínberjaræktin í Portúgal.

Framleiða einnig kjöt og mjólk

Eins og við er að búast eru einnig í Portúgal bæði kúabú og allar helstu gerðir kjötframleiðslubúgreina. Helsta búgreinin er þó annars vegar mjólkurframleiðslan en samkvæmt yfirliti hagdeildar Evrópusambandsins voru árið 2010 í landinu 278 þúsund nautgripir og meðalbústærð kúabúa rétt um 27 kýr, þ.e. kúabú landsins voru þá um 10.000 talsins. Sama ár voru að jafnaði 38 svín á búum landsins en til samanburðar má geta þess að meðalbústærð svínabúa í Danmörku var á sama tíma 2.600 svín! En þó svo að svínabú landsins séu ef til vill ekki með þeim stærstu eða mikilvægustu í Evrópu skiptir sauðfjárrækt landsins heldur meira



Eftir að berkinum hefur verið flett af trénu lítur það hálfilla út, en það jafnar sig fljótt og er hægt að uppskera börk af sama trénu á tæplega 10 ára fresti.

máli. Alls voru í Portúgal í árslok 2011 tæplega 2,2 milljónir sauðfjár eða rétt um 2,6% af heildarfjölda sauðfjár hinna 27 landa Evrópusambandsins. Enn stærra hlutfall geita var í Portúgal á sama tíma eða um 413 þúsund geitur, en það svaraði þá til um 3,2% af heildarfjölda geita í löndum Evrópusambandsins. Að síðustu má svo nefna alífuglaframleiðslu, en bæði kjúklingakjöt og eggjaframleiðsla hefur verið allmikil í landinu en um 15 milljónir fugla eru í framleiðslu á hverjum tíma.

Korkframleiðsla

Þess má geta að Portúgal er umsvifamest í framleiðslu á korki í heiminum en um 60% alls korks sem notaður er, kemur frá landinu. Korkur er í raun bara börkur af ákveðinni eikartegund, korkeik (Quercus suber) sem vex í suðvesturhluta Evrópu og norðvestur hluta Afríku. Eik þessi byggir upp þykkt barkarlag og er hinum dauða hluta barkarins flett af á 10-15 ára fresti. Það sem merkilegt er, er að tréð þolir vel að börkurinn sé fjarlægður í heilu lagi en flest tré drepast sé það gert. Barkarflettingin er gerð af fagmönnum, enda ekki til

vélar sem leysa hið góða handverk af hólmi þar sem vandasamt er að fletta af berkinum án þess að valda skaða á hinum lifandi hluta trésins.

Ekki bara þúrt- og rósavín

Margir tengja annaðhvort þúrtvín eða rósavín við Portúgal enda er þúrtvín nefnt eftir borginni Porto og hefur verið framleitt í landinu frá miðri 15. öld. Þá er hið heimfræga rósavín Mateus einnig frá Portúgal, sem skýrir þessi tengsl í hugum margra. Staðreyndin er þó sú að í landinu er framleitt mikið magn af léttvíni, enda þykir loftslag og milt veðurfar landsins henta afar vel til vínberjaframleiðslu. Alls fer framleiðsla á vínberjum fram á um 400 þúsund hekturum og framleiðslutölurnar tala einnig sínu máli, árið 2013 var Portúgal tíundi umsvifamesti framleiðandi á léttvíni í heiminum.

Snorri Sigurðsson
sns@vfl.dk
Nautgriparæktarsviði
Þekkingarsetri landbúnaðarins
í Danmörku.

Alþjóðabankinn gefur út lykiltölur sem lýsa sjálfbærri þróun

Í fyrsta skipti hefur Alþjóða-bankinn nú lagt talnalegt mat á hvernig þjóðum heims gengur að takast á við að reka hagkerfi sín í samræmi við sjálfbæra þróun, þannig að ekki sé gengið á auðlegð þjóðarinnar. Auðlegð er hér skilgreind nánar sem fjármunalegar eignir, m.a. tekið tillit til fjárfestingar í menntun landsmanna, afskrifað til samræmis við nýtingu eyðanlegra náttúruauðæva tekið tillit til mannfjöldapróunar og sparnaðar. Niðurstöðurnar ásamt þessum bakgrunnsupplýsingum

voru birtar á alþjóðlega umhverfisdaginn, 5. júní sl., í „The little green data book 2014“ eða „Litlu grænu gagnabókinni“.


Með því að greina breytingu á auðlegð þjóðar þannig mældri reynir Alþjóðabankinn að leggja tölfræðilegt mat á félagslega og vistfræðilega sjálfbærni. Hefðbundinn mælikvarði á þjóðarframleiðslu mælir aðeins tekjur en nær ekki að leggja mat á hvernig fjármagnið sem liggur þar grundvallar, þróast. Alls eru 136 lönd í heiminum metin með þessum hætti. Flest lönd koma út með jákvæða þróun að þessu leyti

fyrir árið 2010. Þó eru 45% landanna sem sýna neikvæða stöðu og er Ísland þar á meðal. Þessi lönd sýna sig að vera með hagvöxt en byggja hann á að ganga á möguleika sína án þess að byggja samhliða upp nýja. Haldi slík þróun áfram metur Alþjóðabankinn stöðuna svo að hagvöxtur muni minnka og verða á endanum neikvæður. Ástandið er verst í fátækari hlutum heimsins, með Afríku sunnan Sahara á botninum þar sem 88% landanna eru með neikvæðar breytingar á auðlegð. Best er ástandið hins vegar í Suður-Asíu, þar sem þannig er komið fyrir aðeins

17% landanna. Þessu samhengi má á sama hátt lýsa þannig að lönd með lágar tekjur á íbúa koma illa út en þau ríkustu best.

Ísland kemur neikvætt út í þessari úttekt, auðlegð á íbúa er talin hafa minnkað um \$ 1.366 á árinu. Til samanburðar jókst auðlegð á íbúa í öðrum löndum með háar tekjur á íbúa um \$ 2.210. Fleiri athyglisverðar samanburðartölur er einnig að finna fyrir Ísland. Framleiðni á starfsmann í landbúnaði mæld sem verðmæti á starfsmann var hátt í þrefalt meiri en öðrum löndum með háar þjóðartekjur á íbúa. Orkunotkun á

íbúa er að sama skapi rösklega þrefalt meiri. CO₂-losun er hins vegar rösklega helmingur af meðallosun á íbúa í samanburðarlöndunum, 6,2 tonn á móti 11,6. Sértök úttekt er á líffræðilegum fjölbreytileika. Þar kemur fram að sex búfjárkyn og ein fuglategund væru í útrýmingarhættu. Þá má að lokum nefna að hlutfall íbúa sem búa í þéttbýli hér á landi er vel yfir meðaltali annarra landa með sambærilegar þjóðartekjur á íbúa, 93,8% landsmanna búa í þéttbýli samanborið við að 80,2% íbúa í öðrum löndum með háar meðaltekjur. /EB



Kornrækt í Svíþjóð: Búist við met-uppskeru

Búist er við gríðarlegri kornuppskeru í Svíþjóð í sumar að því er fram kemur á vefsíðu Lantmännenn. Reiknað er með að uppskeran skili að minnsta kosti 5,75 milljónum tonna af korni. Mun þetta þýða verulega aukinn útflutning á korni frá Svíþjóð og að hann muni aukast úr 900 þúsund tonnum í 1,3 milljónir tonna.

Helstu kaupendur á sænsku hveiti og öðru korni eru í Norður-Evrópu og Norður-Afríku. Búist er við að hveitiuppskeran verði meiri en nokkru sinni áður og að hún aukist um 40% frá 2013.

Þykir ástandið í sænskum landbúnaði nokkuð sérstakt, þar sem mikil spretta nú einskorðast ekki við einstök landsvæði heldur allt landið frá lengst í norðri til syðsta hluta Svíþjóðar. Mest er aukningin þó í Mälardalen. Eins og fyrr segir er búist við að uppskeran nemi 5,75 milljónum tonna, en hún nam rúnum 5,43 milljónum tonna í fyrra. Síðast var met slegið árið 2009, en þá var uppskeran 5,58 milljónir tonna.

Evrópusambandið: Valið á Juncker veldur titringi

Þýski fjármálaráðherrann Wolfgang Schäuble hefur heitið því að reyna að halda Bretum í Evrópusambandinu, en mikill titringur er nú kominn upp innan sambandsins um að andstöðubylgja við Evrópusambandið kunni nú að rísa í Bretlandi.

Töluvert hefur verið fjallað um málið í breskum og þýskum fjölmiðlum að undanfögnu en ástæðan er valið á Jean-Claude Juncker í forsetastól framkvæmdastjórnar ESB.

David Cameron, forsætisráðherra Breta, sagði eftir að úrslitin voru kunngerð að hann gæti vel ímyndað sér að Bretland segði sig úr Evrópusambandinu, sem það gerðist aðili að árið 1973.

„Það er allt hugsanlegt hvað varðar framtíð Bretlands. Við stjórnnum okkar eigin örlögum, við getum valið hvað sem við viljum,“ en tók þó fram um leið að úrganga úr sambandinu væri ekki forgangsmál af hans hálfu.



PÖTTINGER HEYVINNUTÆKI

Hreinna fóður - heilbrigðari gripir



SAMSETT OG TIL AFGREIÐSLU STRAX!





Austurvegur 69 - 800 Selfoss

Lónsbakki - 601 Akureyri

700 - Egilsstaðir

Sími 480 0400

jotunn@jotunn.is

www.jotunn.is



Rabarbarinn rifjaður upp

Rabarbari er ef ættkvíslinni rheum sem aftur er af súruætt (Polygonaceae). Innan ættkvíslarinnar rheum eru um 60 tegundir plantna. Þar á meðal er skrautrabarbari og aðrar tegundir rabarbarar sem vaxa villtir í Evrópu og víðar. Fyrir tveimur árum var fjallað um rabarbara hér í Bændablaðinu hér er sú grein rifjuð upp með breytingum.

Rabarbarinn sem verður fjalla um hér og er sá sem við þekkjum úr gördum og bóndabýlum um allt land kallast á latínu Rheum x cultorum eða Rheum x hybridum. Hann finnst ekki villtur í náttúrunni enda ræktunarafrigði.

Annars er latneska nafnagjöfin ansi á reiki og oft erfitt að átta sig á tegundum eða kvæmum og uppruna þeirra samkvæmt henni enda gekk rabarbarinn lengi undir alþýðu- eða verslunarheitum eins og rússneskur, indverskur hollenskur, kínverskur eða tyrkneskur rabarbari eða bara rabarbararót.

Heitið rabarbari er komið úr grísku rha barbaron. Rha er gamalt nafn á fljótinu Volgu, sem er lengsta á í Evrópu, en barbaron þýðir erlendur, siðlaus eða einfaldlega barbari. Rabarbarinn er því planta hinna óþekktu eða villimannanna.

Formóður garðarabarbarans er að öllum líkindum tegund sem kallast Rheum palmatum og er upprunnin í Mongólíu og Kína og þekkt lækningajurt þar með ríflega 5.000 ára sögu og þar með ein af elstu lækningajurtum sem vitað er um.

Rabarbararætur frá löndunum við og handan við Silkileiðina voru eftirsóttar í Evrópu til lækninga þar sem rabarbarategundir sem vaxa villtar í Evrópu þóttu ekki eins kraftmiklar og góðar til lækninga. Austrænn rabarbari var eftirsóttur meðal Grikkja og Rómverja. Þurrkaðar rætur og rótarduft urðu því snemma dýr verslunarvara sem var flutt eftir Silkileiðinni frá Asíu til landanna við Miðjarðarhaf.

Úr rót og rótardufti rabarbarans var unnið lyf eða tiktúra sem þótti allt í senn í hreinsandi, niðurdrífandi og uppbyggjandi.

Marco Polo, sem var uppi á þrettánda öld, segir frá rabarbaraplöntum í frásögn um ferðalag sitt til Kína sem stóð í þrjú ár. Þrátt fyrir einbeittan vilja tókst honum ekki að komast yfir lifandi rabarbaraplöntu og flytja til Feneyja eins og hann ætlaði sér. Svo mikið var eftirlitið með plöntunum.

Lengi vel þekktu Evrópumenn kínverska rabarbarann ekki nema sem þurrkaðar rætur eða duft sem unnið var úr rótinni. Margsinnis var komið með rætur úr fjalllendi Litlu-Asíu og frá Rússlandi og því haldið fram að um hinn eina sanna lækningarabarbara væri að ræða. Fullyrðingarnar reyndust lengi orðið tóm. Það að plantan væri óþekkt og af austrænum uppruna jók á leyndardóminn í kringum hana og gerði hana enn eftirsóknarverðari og verðmeiri. Um leið jókst trúin á undraverðan lækningarmátt hennar.

Duft rótarinnar var um tíma tíu sinnum dýrara en kanilduft og þrisvar sinnu dýrara en sama þyngd af ópíum.

Tyrkir og Rússar voru stórtækir í flutningi á þurruðum rabarbararótum til Evrópu á síðmiðöldum. Um tíma var verslun með rabarbara stjórnað frá skrifstofu í Kiakhta, sem er borg á landamærum Mongólíu og Síberíu.



Ungur og ferskur.

Skrifstofunni var lokað árið 1782 vegna minnkandi eftirspurnar í kjölfar þess að Evrópumenn komust yfir lifandi rót sem var smyglað til Evrópu.

Ekki er vitað hvernig rabarbari frá Asíu barst til Evrópu en fyrst er getið um ræktun á kínverskum rabarbara á Ítalíu árið 1608.

Í kjölfar þess hófst ræktun á rabarbara í stórum stíl og breiddist plantan hratt út um álfuna sem lækningajurt eftir það.

Teikningar af konunglega grasagarðinum í Edinborg, sem var lækningajurtagarður á þeim tíma, sýna að árið 1777 var stór hluti garðsins notaður til rabarbararæktunnar.

Rabarbari á Íslandi

Elstu heimildir um notkun rabarbara í Danmörku eru frá því um 1700 en það er ekki fyrr en 1840 nýting hans er orðin almenn á Norðurlöndunum að Íslandi undanskildu.

Elsta heimild sem ég heyrð um þar sem minnst er á rabarbara hér á landi er frá 1883, en þar talað um plöntu sem hefur verið í ræktun í nokkur ár og dafnar vel.

Samkvæmt því má gera ráð fyrir að rabarbari hafi borist hingað skömmu fyrir 1880 eða á seinni hluta 19. aldar og plantan því tengd sögu og menningu þjóðarinnar í rúm 130 ár. Einnig má leiða að því líkur að rabarbarinn hafi borist hingað með dönskum embættismönnum eins og svo margt annað gott á þeim tíma.

Hugsanlegt er að Björn Jónsson, sem fyrstur manna var skipaður lyfsali hér á landi 1772, hafi ræktað rabarbara í lækningajurtagarðinum í Nesi við Seltjörn á Seltjarnarnesi á sínum tíma. Slíkt er þó ósennilegt, þar sem rabarbaraplöntur og -fræ voru vandfengin á þeim tíma og engar heimildir styðja ræktun hans hér. Þrátt fyrir það er rabarbara getið í lyfjaskrá urtagarðsins á Nesi frá 1772 en þá er líklegt að um rótarduft hafi verið að ræða.

Í Garðyrkjukveri Schierbeck landlæknis, eins af stofnendum Garðyrkjufélags Íslands, frá 1891 segir höfundur frá ræktun og nýtingu á rabarbara. Schierbeck talar um tvær tegundir rabarbara, sem hann kallar reyndar rhabarber upp á dönsku. Tegundirnar eða yrkin sem hann nefnir eru Linnæus og Queen Victoria og reynast þau bæði vel að hans sögn.

Yrkið Queen Victoria er upphaflega frá Bretlandi og kom á markað 1837, árið sem Viktoría, dóttir hertogans af Kent, var krýnd



Miðaldra og súr.

drottning, og kennt við hana.

Yrkið er stórvaxið með græna stöngla og gefur mikla uppskeru en þykir súrt. Linnæus er einnig harðgert og snemmsprottið yrki. Bæði þessi yrki eru í ræktun í dag enda mun Schierbeck hafa verið duglegur við að dreifa þeim um landið.

Einar Helgason garðyrkjumaður gaf út þrjár bækur um garðyrkju og ræktun á árunum 1914 til 1926. Bækurnar heita hver annarri fallegri nöfnum, Bjarkir, Rósir og Hvannir. Í Hvönnum segir Einar frá rabarbara og kallar hann tröllasúru

en segir það nafn fremur eiga við skrautrabarbara en að rabarbara-nafnið eigi við matrabarbara. Hann segir einnig að Englendingar hafi fyrstir manna farið að nýta leggina til matar skömmu eftir aldamótin 1800 og að Danir hafi fylgt fast á eftir.

Einar nefnir þrjú yrki í ræktun, Viktoríu og Linnæus eins og Schierbeck en bætir Early Red við sem er oft kallaður vínrabarbari. Þar á eftir fylgir allnákvæm lýsing á því hvernig á að rækta rabarbara. Viktoría og Linnæus þykja fremur súr en Early Red sætari.



Gamall og stirðnaður.

Rabarbararækt

- Auðveld planta í ræktun og eftir að hún hefur komið sér fyrir á annað borð vex hún án þess að mikið sé haft fyrir henni. Launargóða umhirdu ríkulega með aukinni uppskeru.
- Hægt að fjölga með fræjum eða skiptingu. Sáning er vandasamari og ekki nokkur leið að vita til um gæði plantna sem koma upp af fræi og það geta liði þrjú til fimm ár þar til plönturnar fara að gefa góða uppskeru.
- Þeir sem vilja koma sér upp rabarbara ættu fá hnaus af rót sem gefur góða uppskeru og bragð sem þeim líkar við. Auðvelt er að skipta ratarhnausum hvort sem er að hausti eða vori.
- Pegar hnaus er skipt skal gæta þess að hafa tvö til þrjú brum á hverjum hluta sem á að gróðursetja.
- Plássfrek planta og því hæfileg að gróðursetja ratarhlutana með 70 til 100 sentímetra millibili allt eftir grófleika viðkomandi yrkis.
- Kýs feitan, kalkríkan og þokkalega þurrar jarðveg og því gott að gróðursetja hann í halla sé þess kostur.
- Grafa skal um það bil 50 sentímetra djúpa holu og hafa hana um og 30 sentímetra í þvermál. Í botn holunnar skal setja tvær til fjórar skóflur af húsdýraáburði og moldarlag sem hylur skítinn. Hæfileg dýpt fyrir hnausinn er þannig að brumin séu rétt undir jarðvegsgyfirborðinu. Að lokum skal þjappa lauslega að hnausnum og vökva vel.
- Leyfa verður rótinni að jafna sig fyrsta sumarið eftir gróðursetningu og ekki ætti taka stílka af henni fyrir en á öðru ári.
- Gráðug planta sem vex hratt og mikið og því gott að gefa henni húsdýraáburð tvisvar á ári, vor og haust.
- Gömlum rabarbara hættir til að blómstra snemma á sumrin og tréna því fyrr en ungar plöntur. Til að fá hámarks uppskeru ætti því að endurnýja ræturnar á sjö til tíu ára fresti.
- Best er að nýta rabarbara á meðan hann er ungur og ferskur því að miðaldra verður hann súr og svo tréna hann með aldrinum.

Það sem Einar kallar skrautrabarbara gæti verið skrautsúra, sem er stundum nefnd skrautrabarbari og náskyld þeim rabarbara sem er ræktaður í grauta og sultu. Afbrigðið tangutica er með rauð blóm á háum stönglum, blöðin eru djúpflipótt, stór og skrautleg. Skrautsúra þarf djúpan og frjóan jarðveg og áburð árlega. Dafnar best á sólríku stað þar sem plantan fær að standa óhreyfð árum saman.

Skömmu fyrir 1940 og á árum Seinni heimsstyrjaldarinnar var haldið uppi nokkrum áróðri sem hafði það að markmiði að fá Íslendinga til að auka rabarbararækt og helst áttu allir að eiga hnaus í garðinum.

Í grein sem birtist í tímaritinu Búfræðingurinn á þessum árum og er eftir Vigfús nokkurn Helgason segir: „Það er enginn vafi á því, að á rabarbaraframleiðslunni má byggja upp allverulegan niðursuðuiðnað og konfektíðnað, einkum ef innflutningshömlur verða áfram á erlendum ávöxtum og öðrum niðursuðuvörum úr ávöxtum. Leggjum því sérstaklega alúð við rabarbararæktina strax á komandi vori.“

Þrátt fyrir þessa hvatningu fara vinsældir rabarbarans dvínandi eftir 1950 og hann sagður óhollur vegna mikils innihalds af oxalsýru. Sjálfur man ég eftir að hafa verið varaður við að borða mikið af rabarbara skömmu fyrir 1970 vegna sýrunnar sem átti að éta upp glerunginn á tönnunum.

Líklega hefur þetta þó verið sagt vegna þess að ég rændi svo miklu af rabarbara úr matjurtagarði nággranna býlisins þar sem ég var í sveit.

Óli Valur Hansson, fyrrverandi garðyrkjuráðunautur, ferðaðist um landið undir lok níunda áratugar síðustu aldar og safnaði rabarbarayrkjum. Plöntunum var komið fyrir á Korpu, þar sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins var til húsa á þeim tíma.

Eftir því sem ég hef best komist voru í safninu fjögur íslensk yrki, eitt grænlenst og tólf erlend. Líklega er þó réttara að tala um staðbrigði í stað yrkja.

Væri nafn yrkjanna ekki þekkt voru þau kennd við staðinn þar sem þeim var safnað og heita þau nöfnum eins og Minni-Mástunga, Svínafell, Mývetningur, Vatnaskot, Bjarnadalur og Hveravellir. Eitt heitið sker sig þó úr en það kallast Ráðherrafrú og er kennt við Evu Jónsdóttur, eiginkonu Ingólfs Jónssonar, fyrrverandi landbúnaðarráðgjafa frá Hellu.

Árið 2000 var hluti safnsins fluttur frá Korpu í Grasagarðinn í Reykjavík til varðveislu fyrir Norræna genabankann. Þetta eru yrkin Early Red eða vínrabarbari, Hveravellir, Mývetningur, Ráðherrafrú og Svínafell.

Séu plönturnar í grasagarðinum skoðaðar sést vel hversu ólík yrkin eru að blaðstærð og lit og grófleika stílka. Án efa bragðast þau líka mismunandi.

Víða um land, í bakgördum, við bóndabæi og jafnvel á eyðibýlum, er að finna gamla og gróskumikla rabarbarahnausa sem margir hverjir eiga sér án efa áhugaverða sögu sem gaman væri að grennslast fyrir um.

Áhugi á gömlum nytjaplöntum fer vaxandi og þrátt fyrir að íslensk ræktunarsaga sé ekki löng finnst hér á landi yrki af rófum, kartöflum og rabarbara sem vert er að varðveita.

Viltu bónus? – 2. hluti

Nú verður fjallað um líftölu í mjólk frá bændum og helstu atriði sem þurfa að vera í lagi ef mjólkurframleiðandinn er að slægjast eftir bónusgreiðslu og vill halda líftöluinni í skefjum.

Líftala í mjólk eins og hún er mæld í dag telur gerlafjölda í einum millilítra mjólkur og gefur nokkuð skýra mynd hvað varðar þessa hlið mjólkurgæðanna. Þarna á talan að vera sem lægst, hún er gefin upp í þúsundum, t.d. 12 þýðir 12 þúsund í millilítra mjólkur. Það á enginn mjólkurframleiðandi að þurfa að vera ofan við 20 í líftölu ef sæmilega er vandað til verka og búnaður í lagi. Séu bændur að staðaldri yfir þeim mörkum er örugglega eitthvað sem betur má fara. Oftast er hægt að greina orsakir hækkunar á líftölu við nákvæma skoðun á viðkomandi bæjum.

Líftalan hækkar

Líftöluhopp s.k. og stígandi hækkun líftölu eru oft af ólíkum ástæðum, óvænt hopp er oftast vankæling, bráðajúgurbólga, (oft að undirlagi E. coli) í þriðja lagi verulega slæmur drullugangur við mjaltir, í fjórða lagi kerfi eða mjólkurtank skortir þvottaefni. Stígandi hækkun er oftast að kenna vanþrifum þ.e. lélegum kerfisþrifum vegna lélegs þvottakerfis eða þvottur er of kaldur, þvottaefni skortir eða hentar ekki, vatnsgæðum og hitastigi. Svo hefur hirðing gripa, júgurþvottur, þrif fjóss og loftræsting einnig áhrif í stöðugu háu líftöluinnihaldi, og ekki má gleyma götöttum og gömlum spenagúmmíum. Mjólkurdælan, þ.e. sem dælir mjólkinni í mjólkurtankinn frá mjaltakerfinu, er mjög oft sökudólgur í hækkun líftölu og verður að taka sundur dæluhúsið reglulega og skoða þrif, einnig verður að skipta um áspéttingar dælnnar svo hún sé ætíð þétt og píski ekki lofti.Þá er einnig algengt að spenagúmmí eru gerð allt of gömul og jafnvel orðin götött á legg, en gömul slitin spenagúmmí valda hækkun líftölu og einnig hækkun á FFS auk þess að orsaka óbeint hækkun frumutölu og júgurbólgu. Það er því áriðandi að fá þjónustufulltrúa í forvarnarvinnu árlega a.m.k. og yfirfara og skoða hvað er komið á tíma s.s. spengúmmí, mjólkurslóngur, kranapakkningsar og mjólkurdælubéttingar. Auk þess mælir hann alla áhrifaþætti s.s. soghæð og sogskipta. Bóndinn þarf svo að skipta sjálfur um spenagúmmí í millitíðinni eða eftir 6 mánuði í hefðbundnum mjaltakerfum, annað gildir um mjaltapjóna enda eru þeir þjónustaðir 3–4 sinnum á ári.

Þvotturinn

Hér áður fyrr þegar flestir voru með rörmjaltakerfi eða kútakerfi í gryfjum var þvottur kerfanna lélegur þ.e.a.s. flestar kerfisþvottavélar þvoðu og skoluðu illa, lágur vatnshiti víðast hvar og skolun venjulega afar lítil og ófullnægjandi. Í dag eru þvottakerfin flest með rafmagnshitun á þvottavatnið og hægt að forrita vélarnar eins og mönnum listir. Hiti sápuþvottar ætti að vera 80–82 °C í byrjun, vatnið kólnar mjög fljótt í hringrásinni í kerfinu og því ófullnægjandi að byrja með 70–72 °C eins og sumir vilja hafa það. Við herra hitastigið má segja að kerfið gerilsneyðist algjörlega. Þvottatíminn á að vera 8–10 mín. og sápuþvottinum á að ljúka áður en vatnshitinn fer niður fyrir 40 °C svo óhreinindin ásamt fitu og próteini fari ekki að setjast inni kerfið aftur. Þetta er áriðandi og magn hreinsiefna þarf að vera u.þ.b. 0,4–0,7% upplausn, fer eftir gerðum og fjölda mjaltatækja ásamt gerð hreinsiefnis.

Súrt skal það vera

Ekki má gleyma súrum þvotti einu sinni til tvisvar í viku því hann



MS á Akureyri.

hindrar steinmyndun sem erfitt er að uppræta ef byrjar að setjast í kerfið. (Notið ekki saltþétursýru, henni ætti að vera búið að útrýma úr mjólkuriðnaði vegna hugsanlegrar nítrat-nítrít mengunar í mjólkina.) Sýruþvotturinn á að vera heitur, gamlar sögusagnir um kaldann sýruþvott eru kenningar sem ekki eiga við lengur. Þá og ef um er að ræða hreinsun röra sem í langflestum tilfellum er raunin jafnvel í róbótafjósum, þarf hraði þvottavatsins bæði sápu og síru að vera mikill, helst 7–10 m/sek. ef árangur á að vera góður. Of mikið vatnsmagn hefur áhrif á hraða þvottavatsins, betra að hafa minna vatn og meiri hraða heldur en mikið vatn og lítinn hraða. Aldrei á að forrita þvottakerfi þannig að þau bíði með sápurestar óskuluð fram að næstu mjöltum, slíkt er firra og fjarri allri skynsemi auk þess að minnka líftíma pakkninga og spenagúmmía. Vitað er að þetta er gert sums staðar erlendis þar sem vatnsgæði eru óviðunandi.

Mjólkurtankurinn oftast sökudólgur

Þegar bændum verður á í messunni er oft um að ræða mjólkurtankinn, oft er óþvottur eða kominn í hann mjólkursteinn eða útfellingar úr vatni t.d. kísill úr hitaveituvatni. Það er mjög algengt að bændur taki ekki eftir steinmyndun í mjólkurtönkum jafnvel þó þeir telji sig sýruþvo reglulega. Það er til gott ráð til að sjá þetta; skolið tankinn innan með heitu vatni eftir þvott og látið tankinn þorna og þá ef það er steinmyndum inni í tanknum eða mikil steinlegin svæði sjást þau greinilega, oftast sem grámi og/ eða þunn skán sem rispast ef skafið er í hana með nøglinni. Blautur tankur eftir þvott sýnist ævinlega hreinn en er oft steinlagður á stórum svæðum. Ef tankurinn er opinn gerð þ.e. ekki með sjálfvirkum þvottakerfi og mannopi eingöngu þá þarf að láta súra efnið liggja í tanknum og bursta það uppá gafla og hliðar mörgu sinnum og láta það standa á stálinu í 4–5 klst. og láta sýruna vinna sjálf, því það er ógjörningur að ná miklum steini með því að bursta í nokkrar mínútur eingöngu. Það þarf að hafa sýrulögunina mjög sterka 5–7% og mín reynsla er að súlfamín sýruduft, t.d. Mjöll/Frigg, vinnur best í steinhreinsun stáls. Varðandi lokuðu mjólkurtankana verður að segjast að þar eru bændur of oft að lenda í óþarfa verðskerðingu vegna þess að þeir treysta í blindni á sjálfvirka þvottakerfið og kíkja ekki ofan í tankinn tóman fyrr en allt er komið í háaloft og mjólkureftirlitsmaðurinn heima á hlaði. Ástæðan er oft biluð sápu eða sýrudæla, tómur sápu- eða sýrubrúsi eða kalt þvottavatn. Því miður gerist þetta of oft og er verulega gremjulegt fyrir bóndann sem vill vel. Þá má ekki gleyma því að tankur sem er lengi að kæla veldur hækkun líftölu og er það algengur orsakavaldur hárrar líftölu. Mjólkurtankurinn lengir kælitímann til muna þegar hlýnar í veðri og kuldakærum gerlum fjölgar hraðar en ella og hífa upp heildargerlatöluna. Þess vegna þarf að hreinsa kælistristina (kondensinn)



Muller-kælitankur.

og loftræsta eins vel og unnt er að tanknum. Bilanir á mjólkurtönkum eru tíðastar á vorin þegar hlýnar og skýrist það að langmestu leyti á þessum atriðum þ.e. of þéttri kælistrist vegna óhreininda. Þarna eru þó undanþegnir nýir tankar með vatnskældri kælivél sem er hið mesta þarfapeng.

Sparibaukurinn/forkælirinn

Allir sem hafa nægilegt kalt vatn ættu að vera með vatnsforkælingu á mjólkinni áður en hún fer í mjólkurtankinn, það hefur sýnt sig að mjólkurgæði eru mun betri þar sem forkælt er og bóndinn verður fyrir minna áfalli tekjulega séð ef mjólkurtankurinn bilar því eftir góða forkælingu er mjólkinn u.þ.b. 15–18 °C kaldari en ef ekki væri forkælt. Þá hefur forkæling áhrif til lækkunar frírra fitusýra (FFS) þar sem heit mjólk er óæskilegri til blöndunar við kalda mjólk í mjólkurtanknum. Snögg hækkun líftölu er mjög oft kælirof, t.d. bilun, rafmagnsleysi, gleymt að setja kælinguna á í fyrsta mál en þá er mjólkinn í tanknum nær undantekningarlaust ónýt sé hitastig hennar yfir 10 °C í 8 klst. eða meira, fer nokkuð eftir upphafinu þ.e. gæðum og líftölu mjólkurinnar í byrjun þ.e. eftir mjaltir.

Dýrkeyptur séns!

Verst er þegar bændur „taka sénsinn“ og senda vankælda mjólk frá sér (örugglega oftast í góðri trú og vegna vanmats) án þess að hafa samband við mjólkureftirlitsmann áður og fá hans álit, því svona kælislys geta eyðilagt tugi þúsunda lítra af góðri mjólk annarra innleggjenda í mjólkurbílum, í sílótank í afurðastöðinni og það sem verra er getur þetta í versta falli olíið miklu tjóni á þeirri framleiðsluvöru sem unnin er úr hinu skemmda hráefni komist það í vinnsluferli í afurðastöðinni. Aldrei skyldi gangsetja kælingu að morgni hafi gleymst að gangsetja eftir fyrstu mjaltir kvöldið áður, mjólkinn er ónýt og ber að farga, en margir hafa gert þau mistök að dæma vankælda mjólk söluhæfa eftir smökkun en slík aðferð til ákvörðunar gæða mjólkur er algjörlega ómarktæk og blekkir smakkandann, það er ekki fyrr en 1–2 sólarhringum síðar sem óbragð fer að finnast af vankældri mjólk, veit um mörg tilfelli og get t.d. nefnt eitt þar sem framleiðandinn sagðist ekki hafa fundið neitt óbragð af mjólkinni sem reynist við mælingu vera 3,5 millj. í líftölu og 4. flokks mjólk. Verið ætíð vakandi fyrir breytingu á kælitíma mjólkurtanksins og látið vita ef þið eruð í minnsta vafa, mjólkureftirlitsmennirnir eru ykkar ráðgjafar og hjálparhellur sem eiga að aðstoða ykkur við að ná rétttri lendingu í vafamálum.



Minicart.

Og blessaðir róbótarnir

Varðandi líftölu mjaltapjónafjósar er ljóst að hún er mjög misjöfn og þar steytir ekki á þvotti kerfisins heldur þrifum kúnna, ef passað er upp á sápuskömmtnun og sápubrúsana (muna eftir að sparka í þá reglulega til að kanna stöðu þeirra) og halda góðum þrifum fjóss og nánasta umhverfi róbótans. Þá er verulegur ávinningur í því að klippa kýrnar, sér í lagi júgur, læri og kvið vegna nándarinnar við mjaltabúnaðinn og einnig vegna þess að mjaltapjóninn er mun öruggari við ásetu

mjaltahyllkjanna, þ.e. leysigeislinn sér spenana miklu betur ef ekki eru hábrúskar og drullukleprar að móast fyrir. Það er reynsla mín að róbótafjós með lága líftölu eiga það sameiginlegt að þar eru bástar þurrir og borið í þá daglega, kýr eru hreinar og nær alltaf reynt að halda mjaltaklefanum eins hreinum og unnt er, þ.e. spúlað er frá honum oft á dag og vel skafnar gönguleiðir kúnna. Kenningin er einföld, bóndinn þarf að tryggja róbótanum þrífalegt vinnuumhverfi og hreinar kýr og þá gengur þetta ágætlega. Ef menn nenna því ekki þá einfaldlega gengur þetta ekki upp. Aldrei verður nægilega á það bent að slæm eða léleg loftræsting í fjósum hefur neikvæð áhrif á alla gæðaþætti, t.d. hækkar líftala og batna vaxtarskilyrði alls kyns sýkla, grómyndandi gerla, sveppa og þess háttar ófagnaðar við herra rakastig og heitara umhverfi. Svo ekki sé nú minnst ákjósanleg skilyrði fyrir myndun flugnaplágu sem er hreinasta sóðaplága og er skaðleg bæði mjólkurgæðum og heilsufari gripa í fjósinu.

Samantekt

Vendipunktarnir sem hafa mest vægi í líftölu eru hreinlæti við mjaltir, hirðing kúa, þvottur og þrif mjaltakerfis og mjólkurtanks og síðast en ekki síst kælitími mjólkurinnar niður í 3,5 °C. Hreint loft – góð þrif – hreinar kýr – hröð kæling – engar flugur = líftölulág mjólk, líkleg bónusgreiðsla og aukabónus að mjólkureftirlitsmaðurinn sést aldrei.

Kristján Gunnarsson
Ráðgjafi hjá Bústólpa ehf

SKJÓLVEGGIR MEÐ GLERI



Gott **útsýni** af svölum
úr pottinum af pallinum

ALLT Í GLERI
SÍÐAN 1969

Íspan
GLER OG SPEGLAR

Smíðjuvegi 7 Kópavogi • Sími 54 54 300 • [ispan .is](http://ispan.is)

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

TINDAR Í FLESTAR GERÐIR HEYVINNUVÉLA



VBL
LANDBÚNAÐUR ehf.
NB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Af helstu niðurstöðum nýs kynbótamats í júní:

Erfðaframfarir eru miklar

Nú í júní var keyrt nýtt kynbótamat í nautgriparæktinni og hefur það þegar verið lesið inn í nautgriparæktarkerfið Huppu. Niðurstöður þess eru því aðgengilegar notendum Huppu en hér verður stiklað á stóru um þau naut sem hafa verið og koma ný í dreifingu.

Erfðaframfarir



Niðurstöður kynbótamatsins sýna svo ekki verður um villst að erfðaframfarir eru miklar og vaxandi í íslenska kúastofninum. Þannig er miklar framfarir í afurðagetu, jógur- og spenagerð auk þess sem framfarir í mjóltum hafa vaxið mikið á undanförunum árum. Þar erum við án efa farin að njóta ávaxtanna af rafrænum mælingum á mjólkurflæði og þeim breytingum sem gerðar voru á dómum fyrir mjaltir þegar teyg var verulega á skalanum. Þá sýna tölur okkur að skapgerð fer batnandi miðað við það mat sem á þeim eiginleika er. Sá eiginleiki sem hafa þarf áhyggjur af og ekki sýnir framfarir er frjósemi. Bæði niðurstöður kynbótamatsins og tölur úr skýrsluhaldi nautgriparæktarinnar sýna okkur að þessum eiginleika þarf að gefa meiri gaum. Í undirbúningi er að breyta útreikningum á kynbótamati fyrir frjósemi sem hingað til hefur eingöngu byggt á bili milli burða. Vonir standa til að það mat geti verið tilbúið strax á næsta ári.

Fagræði í nautgriparækt tók á fundi sínum þann 24. júní s.l. ákvörðun um það hvaða naut verða í almennri dreifingu næstu mánuði. Áfram verða 18 reynd naut í dreifingu eða í nautaskrá. Nokkrar breytingar voru þó gerðar og þannig koma fimm naut fædd 2008 nú til dreifingar að lokinni afkvæmaprófun. Einnig hverfa jafnmörg naut sem voru í dreifingu af sjónarsviðinu og þá ýmist vegna þess að sæði úr þeim er búið, þeir búnir að vera lengi í notkun eða áhugi á þeim mjög takmarkaður.

Ný naut í notkun

Þau naut sem koma ný inn í nautskrá eru Þáttur 08021, Flekkur 08029, Klettur 08030, Góí 08037 og Bambi 08049. Hér verður gerð nánari grein fyrir þeim.

Þáttur 08021 er frá Berjanesi í V-Landeyjum, faðir er Laski 00010 og móðir Snúra 254 undan heimanautinu Roða 96978 sem aftur var sonur Holta 88017. Snúra hefur enst með fádæmum vel, er



fædd í apríl 1999 og er enn að, bar síðast í mars sl. Dætur Þáttar eru meðalkýr hvað mjólkurlagni varðar en hlutföll verðefna í mjólk eru gríðarhá. Þetta eru í góðu meðallagi stórar og háfættar kýr með aðeins veika yfirlínu. Þær eru bolgrunnar og útlögulitlar. Malir eru grannar, beinar og þaklaga. Fótstaða er sterkleg en eilítið nán. Jógurgerð þessara kúa er góð, þau eru vel löguð, gríðarvel borin með prýðilega festu og sterkt jógurband. Spenagerð er góð, þeir eru stuttir og grannir og ákaflega vel settir. Dætur Þáttar eru mjög góðar í mjóltum og skapið er mjög gott. Undan þætti geta komið hyrndir afkvæmi. Heildareinkunn Þáttar er 110.

Flekkur 08029 er frá Sauðhúsvelli undir Eyjafjöllum og er hann undan Náttfara 00035 og Flekku 190 Kaðalsdóttur 94017. Dætur Flekks eru miklar mjólkurkýr en hlutföll verðefna í mjólk eru nokkuð undir meðallagi, einkum fitan. Þetta eru meðalstórar og í meðallagi háfættar kýr. Þær eru fremur bolgrunnar og útlögulitlar en yfirlínan er sterk. Malir eru grannar, aðeins hallandi og fremur flatar. Fótstaða er góð og sterkleg. Jógurgerð þessara kúa er góð, þau eru vel löguð, vel borin með mjög góða festu og meðalsterkt jógurband. Spenagerð er úrvalsgóð,




þeir eru stuttir, hæfilega grannir og ákaflega vel settir. Dætur Flekks eru meðalgóðar í mjóltum en skapið í tæpu meðallagi. Undan Flekk geta komið hyrndir gripir. Flekkur kemur til notkunar sem nautsfaðir og er með heildareinkunn upp á 113.

Klettur 08030 er frá Grjóta í Fljótshlíð, faðir er Laski 00010 og móðir Viðja 135 Fróðadóttir 96028. Dætur Kletts eru miklar afurðakýr og hlutföll verðefna í mjólk eru um meðallag. Þetta eru stórar og háfættar kýr. Þær eru boldjúpar og útlögumiklar en yfirlínan er veik. Malir eru breiðar, hallandi og aðeins þaklaga. Fótstaða er góð og mjög sterkleg. Jógurgerð þessara kúa er góð, þau eru vel löguð, mjög vel borin með mikla festu og sterkt jógurband. Spenagerð er góð, þeir eru stuttir, hæfilega grannir og vel settir. Dætur Kletts eru úrvalsgóðar í mjóltum og skapi. Undan Kletti geta komið hyrndir afkvæmi. Klettur kemur til notkunar sem nautsfaðir og er með heildareinkunnina 117.

Góí 08037 er frá Skálpastöðum í Lundarreykjadal. Faðir hans er Þrasi 98052 og móðir hans Krúna 834 Punktadóttir 94032. Enn eru aðeins 22 dætur Góa komnar með afurðaupplýsingar en rétt þótti að setja hann í notkun vegna ætternis. Þetta eru miklar mjólkurkýr og hlutfall fitu í mjólk er hátt en hlutfall próteins í tæpu meðallagi. Þetta eru meðalstórar og í góðu meðallagi háfættar kýr. Þær eru meðalkýr hvað snertir boldýpt og útlögur og yfirlínan er fremur sterk. Malir eru frekar grannar, beinar og aðeins þaklaga. Fótstaða er góð og sterkleg. Jógurgerð dætra Góa er góð, þau eru vel löguð, vel borin með mikla festu og ákaflega sterkt jógurband. Spenagerð er góð, þeir eru stuttir, aðeins grannir og sérlega vel settir. Dætur Góa eru meðalkýr í mjóltum og skapi. Ekki er þekkt að undan Góa komi hyrndir gripir. Góí er með heildareinkunn upp á 107.

Bambi 08049 er frá Dæli í Fnjóskadal, faðir Laski 00010 og móðir Stáss 319 Kaðalsdóttir



94017. Dætur Bamba eru prýðilegar mjólkurkýr og hlutfall verðefna í mjólk er hátt. Þetta eru fremur smáar en í góðu meðallagi háfættar kýr. Þær eru meðalkýr hvað snertir boldýpt en útlögur eru miklar og yfirlínan er eilítið veik. Malir eru í meðallagi breiðar, hallandi en fremur flatar. Fótstaða er mjög sterkleg og góð. Jógurgerð dætra Bamba er úrvalsgóð, þau eru vel löguð, gríðarvel borin með geysimikla festu og sérlega sterkt jógurband. Spenagerð er góð, þeir eru stuttir, grannir og mjög vel settir. Dætur Bamba eru frábærar í mjóltum og skapi. Undan Bamba geta komið hyrndir gripir. Heildareinkunn Bamba er 118.

Naut sem áfram verða í notkun

Þau naut sem áfram verða í notkun eru: Logi 06019, Dynjandi 06024, Hjarði 06029, Víðkunnur 06034, Sandur 07014, Rjómi 07017, Húni 07041, Toppur 07046, Lögur 07047, Keipur 07054, Blámi 07058, Laufás 08003 og Blómi 08017. Alls verða því 18 reynd naut í dreifingu í sumar og fram á haustið eins og áður sagði.

Ef við lítum aðeins nánar á þau naut sem voru í dreifingu heldur Logi 06019 sína fyrra mati og er með 111 í heildareinkunn. Logi hefur óverðskuldað fengið litla notkun því þetta er naut sem gefur miklar mjólkurkýr og hátt próteinhlutfall í mjólk. Þá er dætur hans skapgóðar og í raun er Logi hvergi slakur nema hvað að helst vantar aðeins upp á að fituhlutfall í mjólk sé nógu hátt.

Dynjandi 06024 heldur sinni stöðu, lækkar um eitt stig í heildareinkunn og er áfram meðal hæstu nauta. Dynjandi gefur kýr með mikla afurðagetu, bæði hvað varðar magn og verðefni. Jógur- og spenagerð dætra hans er góð og mjaltirnar sömuleiðis.

Hjarði 06029 lækkar um eitt stig í heildareinkunn, stendur í 113 og hefur því dalað aðeins frá sínu fyrsta mati. Hann er þó áfram meðal hæstu nauta í mati. Hjarði gefur afurðasamar kýr, mjólkurlagnar með góð verðefnahlutföll. Hans sterkasti þáttur er jógurhreystin en í mati fyrir frumutölu stendur hann í 146. Jógur- og spenagerð er mjög góð en mjaltir í slöku meðallagi.

Víðkunnur 06034 lækkar um eitt stig og stendur nú í 108 í heildareinkunn. Dætur hans eru mjólkurlagnar en próteinhlutfall er nokkuð lágt. Taka þarf tillit til þess við notkun hans. Styrkur hans liggur í frábærri jógurgerð dætra og þá er spenagerð þeirra góð. Mjaltir og skap eru í góðu meðallagi.

Sandur 07014 styrkir sína stöðu verulega, er nú með 113 í heildareinkunn og er þar með kominn í hóp hæstu nauta. Sandur er tiltölulega lítt skyldur þeim nautum sem mest hafa verið undanfarin ár sem gerir hann góðan valkost m.t.t. þess. Dætur hans eru mjólkurlagnar með góð verðefnahlutföll. Sterkustu þættir

Guðmundur Jóhannesson
Ábyrgðarmaður í
nautgriparækt hjá RML
mundi@rml.is



Sands liggja í jógurgerð og í mjóltum en þar ber hann áfram föðurarfinn frá Glanna til dætra sinna.

Rjómi 07017 lækkar um eitt stig í heildareinkunn og er með 108. Dætur hans eru gríðarmiklar mjólkurkýr en hlutföll verðefna eru heldur undir meðallagi. Styrkleikar hans liggja að öðru leyti í mjög góðri jógur- og spenagerð og afbragðsgóðum mjóltum. Veiki hlekkurinn er hins vegar lágt mat fyrir skap en þollur, faðir hans, dregur hann verulega niður. Þrátt fyrir það raðast dætur hans hátt í gæðaröð sem segir að bændum líkar almennt vel við þessa gripi.

Húni 07041 heldur áfram að styrkja sína stöðu, lækkar um eitt stig í heildareinkunn eða upp í 114. Hann er því með allra hæstu nautum í heildareinkunn. Húni gefur mjólkurlagnar kýr með úrvalsgóða jógurgerð, gott skap og góðar mjaltir. Fituhlutfall í mjólk er í tæpu meðallagi.

Toppur 07046 lækkar um eitt stig í heildareinkunn eftir að hafa hækkað um tvö við síðustu kynbótamatskeyrslu og stendur nú í 111. Hann heldur því sinni stöðu. Styrkur Topps felst í mjólkurlagni dætra og mjög háum verðefnahlutföllum í mjólk þeirra. Þær eru jafnframt mjög skapgóðar og jógurhreystin mikil en mjaltir eru í tæpu meðallagi og kippir þeim þar í kynið, sonardætur Hersis.

Lögur 07047 stendur í stað í mati, með 112 í heildareinkunn. Styrkur Lagar liggur í byggingunni þar sem hann gefur kýr með afbragðsgóða jógur- og spenagerð auk mjög góðra mjalta og frábærs skaps. Hvað varðar mjólkurafköst dætra þá halda þær áfram að sækja í sig veðrið og mat hans hækkað hvað þann þátt varðar.

Keipur 07054 heldur sinni stöðu með 109 í heildareinkunn. Hann gefur miklar mjólkurkýr með góða jógurgerð og mjaltir auk þess skrokkbyggingin er gríðarlega öflug. Veikleikar eru fáir nema þá helst skapið en þar er föðurarfurinn hinum ekki til framdráttar. Þessar kýr koma hins vegar vel út í gæðaröð.

Blámi 07058 lækkar um tvö stig í heildareinkunn og stendur nú í 110. Blámi gefur miklar mjólkurkýr með með mjög góða jógur- og spenagerð og öfluga skrokkbyggingu. Dætur hans hafa ekki galla svo orð sé á gerandi.

Laufás 08003 lækkar um eitt stig í heildareinkunn en stendur þrátt fyrir það meðal alhæstu nauta með 113. Laufás hefur verið vinsælastur nauta í vetur enda dætur hans miklar og skapgóðar mjólkurkýr með góða jógur- og spenagerð. Laufás kemur nú inn sem nautsfaðir og mun skila nautkálfum á stöð er hausta tekur.

Blómi 08017 lækkar um eitt stig í heildareinkunn og stendur nú í 107. Hans helsti styrkleikar liggja í jógurhreystinni auk jógur- og spenagerðar. Mat hans fyrir frumutölu er 134 og hann er með 140 fyrir spena svo dæmi



21% FÓLKS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU LES BÆNDABLAÐIÐ

HEIMILD: PRENTMIÐLAKÖNNUN CAPACENT. KÖNNUNARTÍMI OKT.-DES. 2013.

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 31 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI.

HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?

SÍMI 563-0300 | BBL.IS



sé tekið. Veikleikarnir liggja í efnahlutföllum sem eru undir meðallagi auk mjalta sem eru í tæpu meðallagi. Þarna líkist hann föður sínum, Náttfara 00035.

Nautsfeður

Nautsfeður til notkunar næstu mánuði verða Sandur 07014, Laufás 08003, Flekkur 08029, Klettur 08030 og Bambi 08049. Áfram er óskað eftir að látið verði vita um nautkálfa undan nautsmæðrum og efnilegum kvígum sem fengu við Húna 07041, Toppi 07046, Legi 07047 og Bláma 07058.

Væntanleg naut

Við næstu keyrslu kynbótamats verður vonandi hægt að ljúka afkvæmadómi árgangs 2008 en á þessum tímapunkti voru ekki öll þeirra komin með nægilegan fjölda dætra með afurðaupplýsingar þannig að væri hægt. Væri hins vegar burðaraldur 1. kálfs kvígna ekki jafn hár að meðaltali og raun ber vitni hefði tekist að ljúka afkvæmadómi þessa árgangs og jafnvel taka fyrstu naut úr 2009 árgangnum til notkunar. Þannig seinkar hár burðaraldur í raun erfðaframförum í kúastofninum.

Ef við víkjum að þeim nautum sem vonandi koma úr afkvæmaprófun við næstu keyrslu kynbótamats þá eru það naut fædd 2008 og 2009. Í þessum hópi er einkum um að ræða syni Náttfara 00035, Snotra 01027, Spotta 01028 og Skurðs 02012. Reynslan hingað til sýnir okkur að synir Náttfara eru breytilegir og eru það einkum hlutföll verðefna í mjólk og mjaltir sem brugðið getur til beggja vona með. Því miður eru ekki miklar líkur til að fleiri Náttfarasynir komi til notkunar sem reynd naut en þó er ekki hægt að útiloka það að svo stöddu. Snotri 01027 og Spotti 01028 hafa báðir fallið í mati frá því þeir voru valdir sem nautsfaðir sem gerir sonum þeirra erfðara fyrir. Í hópi þeirra eru þrátt fyrir það vonarneistar sem tíminn mun leiða í ljós hvernig reynast. Synir þeirra í 2008 og 2009 árgöngum sem gætu komið til notkunar næst eru Snúður 08048, Pollur 08054, Vegbúi 08058, Kraki 09002, Silfri 09004, Bolti 09021 og Háls 09029. Þeir synir Skurðar 02012 sem gætu komið úr afkvæmadómi við næstu kynbótamatskeyrslu eru Merkúr 09009, Síll 09028 og Rauðgrani 09034. Skurður sjálfur stendur með gott mat eða 108 í heildareinkunn. Hans sterkustu kostir liggja í mjólkurlagni, efnahlutföllum og júgur- og spenagerð en veikleikana er að finna í júgurhreysti og mjóltum þar sem hann liggur í tæpu meðaltali.

Takmarkanir á dreifingu þriggja nauta

Ljóst er að mikil ásókn verður í þá nautsfeður sem koma nýir til notkunar (Flekkur 08029, Klettur 08030 og Bambi 08049) að þessu sinni og til þess að nýta erfðaefni þeirra sem best og jafna framboð nautkálfa undan þeim á nautastöðina ákvað fagráð að dreifing þeirra verði ekki frjáls og óháð. Þannig munu þeir eingöngu standa bændum í skýrsluhaldi til boða auk þess sem fjöldi skammta sem hver og einn fær til nota verður miðaður við fjölda árskúa í maí sl. Ég vil biðja bændur að sýna þessari ákvörðun skilning og vinna með okkur og frjótæknum að framkvæmd hennar. Frjótæknar fá fyrirmæli um að dreifa ekki fleiri skömmtum á hvert bú en tiltekið verður og ekki við þá að sakast ef menn eru ósáttir við þessa ákvörðun fagráðs sem tekin er með heildarhagsmunum í huga. Texti með töflu: Kynbótamat reyndra nauta í dreifingu sumar/haust

Opnað hefur verið fyrir lyfjaskráningu í Huppu

Tölvudeild Bændasamtakanna hefur í samvinnu og góðu samstarfi við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Matvælastofnun þróað rafrænar skráningar í búfjárhaldi, nú nýlega varðandi sjúkdóma- og lyfjaskráningar fyrir nautgripi. Teningar hafa verið virkjaðar milli gagnagrunnanna og tölvukerfanna Heilsu og Huppu til að einfalda skráningar og losa bændur, dýralækna, ráðunauta o.fl. við skráningar á pappír með tilheyrandi póstsendingum og bréfaskriftum. Með þessum breytingum verður allt utanumhald auðveldara og pappírsvinnan hverfur auk þess sem dýralæknir og bóndi hafa betri yfirsýn yfir afhendingar og notkun lyfja, þ.m.t. sýklalyfja, í nautgripi. Jafnframt veitir þetta meira öryggi við afhendingu gripa í sláturhús, en upplýsingar um slátur- og mjólkurbann berast daglega til sláturhúsa vegna lyfjaleifa.

Skráningarkerfin Heilsa og Huppa

Heilsa er skráningarkerfi Matvæla-

stofnunar sem dýralæknar skrá í sjúkdómsgreiningar og lyfja-meðhöndlunir á búfé. Í þessum mánuði var komið á tengingu Heilsu við nautgriparæktargagnagrunninn Huppu en síðasta vor (2013) var sams konar tengingu komið á milli Heilsu og LAMBS, nýs skýrsluhaldskerfis fyrir sauðfjárbændur. Með þessari tengingu geta dýralæknar skráð vitjanir á nautgripi og sauðfé og uppfyllt þar með skilyrði í gæðastýringu. Í október 2013 var opnað fyrir „heilsukortshluta“ í LAMBi og þar með gátu sauðfjárbændur í fyrsta skipti skráð rafrænt lyfjagjafir sem þeir framkvæma sjálfir. Nú hefur hið sama verið gert í Huppu og því geta kúa- og nautgripabændur skráð sínar lyfjagjafir rafrænt. Skráning lyfjanotkunar bænda er framkvæmd þannig að dýralæknir skráir vitjun og/eða lyf í lyfjaskáp bónda og skráir lyfið í viðkomandi gripi. Bændur geta einnig skráð ákveðin lyf sjálfir í lyfjaskáp sinn, s.s. ormalyf og bætiefni. Dýralæknir skráir fyrstu lyfjagjöf í tölvukerfi MAST, Búfjárheilsu, t.d. ef um er

að ræða sýklalyf, ásamt fyrirmælum um framhaldsmeðhöndlun. Það er svo bónda að ljúka lyfjagjöfinni með skráningu í Huppu. Ef um er að ræða lyf/bætiefni sem bændur geta keypt án lyfjaávisunar frá dýralækni geta þeir sjálfir skráð þau viðkomandi lyf/bætiefni í lyfjaskáp sinn. Þegar að lyfja- eða bætiefnagjöf kemur velur bóndi viðkomandi lyf/bætiefni og þá gripi sem meðhöndlaðir voru ásamt dagsetningu og skammtastærð og vistar skráninguna. Huppa heldur utan það magn lyfja sem tiltækt er á búinu og dregur frá því magni jafnóðum og lyfið er notað. Jafnframt heldur kerfið utan um fyrningardagsetningar og fyrirmæli dýralækna um hvenær lyf skuli notað í síðasta lagi og gerir viðkomandi lyf óvirkt að þeirri dagsetningu liðinni. Allar upplýsingar um þetta má finna í lyfjaskáp búsins. Jafnframt eru allar upplýsingar um sjúkdóma- og lyfjaskráningu aðgengilegar á svokölluðu heilsukorti fyrir hvern einstakling. Mjög brýnt er að vanda til allra skráninga og skal þar sérstaklega bent á tegundir, magn, skammta og dagsetningar.

Lyfjagjafir hafa áhrif á hvort nýta megi afurðir viðkomandi gripa og hvenær. Huppa heldur utan um þessa fresti og má m.a. benda á að sláturhús sjá hvort gripur er í sláturbanni eður ei við uppflettingu. Það er því ákaflega brýnt að rétt lyf sé valið og réttar dagsetningar skráðar. Sjúkdóma- og lyfjaskráningar eru þannig orðnar mikilvægur þáttur í skýrsluhaldi og opinberu eftirliti, sem bændur eru hvattir til að kynna sér vel og vandlega. Með samtengingu og samræmingu tölvukerfa og gagnagrunna í góðri samvinnu BL, MAST og RML þá hefur tekist að koma á rafrænni og skilvirkri skráningu dýralækna og bænda til að uppfylla kröfur stjórnvalda, en ekki síður til að leggja grunn að enn öflugra skýrsluhaldi til nota í ræktunarstarfi bænda.

Guðmundur Jóhannesson, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins Jón Baldur Lorange, Tölvudeild Bændasamtaka Íslands



Hjörtur L. Jónsson

liklegur@internet.is

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Írskar forvarnir í landbúnaði

Í þessum stuttu pistlum hef ég farið yfir það í stuttu máli hvernig unnið er að forvörnum er lúta að landbúnaðarstörfum í hinum ýmsu löndum. Í þessum pistli verður stiklað á stóru um forvarnarmál hjá írskum bændum, sem eru nálægt 100.000. Forvarnir gegn slysum við landbúnaðarstörf byrjuðu út frá rannsóknum á árunum 1980 til 1990, en þá voru að jafnaði um 20-23 banaslys árlega við landbúnaðarstörf. Þá urðu alls um 5.000 slys árlega við landbúnaðarstörf, eða um 5% bænda sem slösuðust, en til samanburðar úr íslensku könnuninni sem gerð var árið 2005 voru af þeim sem svöruðu 18,3 % íslenskra bænda frá vinnu í 14 daga eða meira vegna slyss.

Um 1994 var gert mikið átak í forvörnum á Írlandi og gerður var listi (ekki ósvipaður áhættumatslista Vinnueftirlitsins) með spurningum sem bændur áttu að svara. Listanum var svo fylgt eftir með reglulegum heimsóknum til bænda og reynt að hjálpa upp á og vinna samkvæmt listanum. Þessi listi átti síðan eftir að breytast nokkrum sinnum.

Árangurinn kom strax í ljós

Eftir mikla vinnu var árangurinn sá að banaslysum hafði fækkað niður í nálægt 18 banaslys og öðrum slysum úr 5.000 niður í um 2.000 eftir forvarnar átak á árunum frá 1994 til 1996. Þarna héldu Írar að nú mætti slaka á og kominn væri stöðugleiki í forvarnarmálin. Lítið



var unnið að forvörnum á árunum frá átakinu til 2001, en við þessa slökun jukust slysin aftur töluvert og fóru upp í 3.000. Aftur var tekið hressilega á forvörnum með heimsóknum með bættum gátlista og sem dæmi var sérstök áhersla lögð á bændur sem voru yfir 65 ára. Árið 2006 var met í fækkun slysa, en þá voru slys í írskum landbúnaði 1.815 og banaslysin ekki nema 15. Aftur var slakað á og fyrir vikið fjölgaði slysum um 35% og fóru upp í 2459. Megnið af þessum rannsóknum og kostnaður kom frá Írskum heilbrigðisyrfirvöldum HSA, en þessar tölur og gátlistann má finna á vefsíðu Írsku heilbrigðisstofnunarinnar (HSA) á slóðinni www.hsa.ie .

Forvarnir eru vinna sem allir græða á

Þessar sveiflur í velgengni Íra sýndu berlega að aldrei má slaka á í forvarnarvinnu. Í viðtali við Hilmar Snorrason, skólastjóra Slysavarnarskóla sjómanna, hér í einum af þessum pistlum nefndi hann mikilvægi forvarna og gildi þeirra.

Í öðrum pistli var farið lauslega

yfir tilraun sem gerð var m.a. af BÍ á 30 mismunandi býlum með alls um 70 ársverk var að mestu unnið eftir írsku kerfinu með gátlista og heimsóknum sviðað og á Írlandi. Árangurinn var úr því verkefni

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfíð
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringas ehf.

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

HJÁ OKKUR FÆRÐU VARAHLUTINA

Starfsmenn VB Landbúnaðar hafa yfir **100 ára** samanlagða starfsreynslu í afgreiðslu á varahlutum í landbúnaðartæki

Leitið þangað sem reynslan er mest!

VB
LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600



Rafmagnsbílar verða stöðugt álitlegri kostur í samkeppni við bensín- og dísilbíla:

Nissan Leaf kostar aðeins tæpar fjórar og hálfa milljón

– Kraftmikill bíll með drægni upp á 130 til 160 kílómetra og hleðslustöðvum fjölgar ört

Nokkrir lesendur Bændablaðsins hafa komið að máli við mig og fundist ég ekki vera nógu duglegur að prófa rafmagnsbíla. Ástæðan er einföld, ég hef alltaf horft til rafmagnsbíla sem borgarbíla og litið svo á að þeir séu enn sem komið er ekki hentugir fyrir landsbyggðina og ekki haft álit á þeim sem valkost fyrir landsbyggðina. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér eru komnar og að koma hraðhleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla á nokkra staði á landsbyggðinni.

Nissan Leaf valinn bíll ársins 2012

Nissan Leaf er nú auglýstur á sérstöku tilboði og í júní fylgdi með fyrir nýja kaupendur heimahleðslustöð sem kaupuki að verðmæti 250.000. Vegna góðra samninga sem BL náði við framleiðendur hefur Leaf lækkað í verði niður í 4.490.000 (var 4.990.000 fyrir stuttu). Miðað við kautilboðið í júní er þetta tilboð verulega freistandi (verst að nú er kominn júlí og reynir á samningatækni um hvort hægt sé að vitna til lesturs Bændablaðsins sem skrifaði full seint um þetta tilboð og ná út júnítilboði eftir lestur blaðsins).

Orkuveitan hefur sett upp nokkrar hraðhleðslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu; við Kringluna, Smáralind og höfuðstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur, og hægt er að nálgast lykil að Orkupóstinum í afgreiðslu Orkuveitu Reykjavíkur við Bæjarháls. Hef ég heimildir fyrir að á næstunni verði settar upp hraðhleðslustöðvar á nokkrum stöðum utan höfuðborgarsvæðisins.

Stundum þarf maður að éta ofan í sig fullyrðingar en í þetta sinn með ánægju

Að sitja inni í rafmagnsbíl sem heyrir ekkert í nema hvinurinn í dekkjunum er sérstök tilfinning. Í prufuakstrinum sem ég tók dagpart í Reykjavík fannst vel munurinn á veghljóði þar sem gamalt gróft malbik var og hins vegar nýmalbikuð gata sem ég ók. Ástæða munarins er aðallega gróft malbik sem notað er á Íslandi (mun grófara en erlendis, mér var sagt að það stæðist ekki alheimsstaðla hvað grófleika varðar). Krafturinn í Nissan Leaf er hreint ótrúlegur ef maður er ekki með stillt á að fara sem best með rafmagnið. Mér tókst á þurru malbiki



Nissan Leaf.



18.000 króna verslunarferð í Bónus hafði það rúmt í farangursgeymslunni á leiðinni heim.

að setja spólvörnina á og viðbragðið úr kyrrstöðu er ekki síðra en á þokkalegum kvartmílublíl og tíminn sem mældur hefur verið á honum í kvartmílukeppni er 17,38 sek. Eftir



Svona heimahleðslustöð var kaupuki með Leaf í júní. Nú reynir á samningatækni lesanda Bændablaðsins að framlengja tilboðið fram í júlí.

að hafa séð þessa tölu verð að éta ofan í mig þau sögðu orð að rafmagnsbílar séu kraftlausar druslur.

Hlýtur að vera draumabíll þess sem hlustar mikið á góða tónlist

Ég var yfir mig hrifinn af bílnum í hljóðlausum akstrinum en það eina sem heyrðist var veghljóðið í hjólbörðunum. Því mæli ég með því fyrir eigendur Leaf þegar kemur að vali á hjólbörðum að velja hljóðlátustu dekkinn sem fánleg eru. Að hlusta á útvarpið getur ekki verið tærara hljóð og er hreinn unaður, mundi halda að þetta væri draumabíll þeirra sem hlusta mikið á klassíska og vandaða tónlist. Það eina sem ég gat fundið að bílnum í innanbæjarakstrinum var



Útsýni í 45 gráðu horni til hægri takmarkast töluvert við stærð glugga-póstsins.

hversu stórir og breiðir póstarnir á framrúðuhornum bílsins eru. Í 45 gráðu horni til hægri skyggir pósturinn óþægilega mikið á útsýni þegar komið er að gatnamótum (hins vegar er þetta öryggispóstur til varnar veltu og áreksturs farþegum til öryggis).

Tekur 20 mín. að ná 80% hleðslu á hraðhleðslustöðvum

Nissan Leaf er rúmgóður að innan fyrir bæði farþega í aftursætum og framsætum. Í farangursgeymslunni er ágætis pláss (með aftursæti uppi er rýmið 370 lítrar). Nissan Leaf er fyrsti

bíllinn sem ég man eftir að hafa keyrt sem er með sætishitara fyrir farþega í aftursætum og svo er í honum upphitað stýri, sem ætti að vera mikill kostur yfir vetrarmánuðina. Útsýni í afturspegli er gott en hliðarspeglarnir mættu vera stærri. Drægni á hverri hleðslu er nálægt 130 til 160 km og með því að koma bílnum í samband á hraðhleðslustöð tekur ekki nema 20 mín. að ná 80% hleðslu. Ég mæli hiklaust með þessum bíl, sérstaklega fyrir þá sem fara sjaldan lengra frá heimili en 50–80 km en þurfa að keyra mikið. Hægt er að nálgast meiri upplýsingar um Nissan Leaf á vefsíðunni www.bl.is.



Útsýni ökumanns er gott á alla stjórnTakka og mæla.

Kjúklingur á hvers manns disk!

Í júníhefti Neytendablaðsins 2014 skrifar Anne Maria Sparf grein um kjúklingarækt. Í yfirskrift greinarinnar er spurt hvort lesanda langi í kjúkling. Drepið er á ýmislegt sem greinarhöfundur telur búgreininni til vansa og er greinin afar gagnrýnin en eins og kunnugt er þá er gagnrýni af hinu góða sé hún málefnaleg og markviss.

Fyrsti kafli greinarinnar, „Iðnaðarvædd framleiðsla með erlendu fóðri“, gefur tóninn að því sem á eftir kemur og í niðurlagi þess kafla kemst ritari að þeirri niðurstöðu að ekki sé um að ræða landbúnaðarframleiðslu heldur iðnaðarframleiðslu. Fyrir því færir hann þau rök að greinin sé háð erlendu fóðri og því sé búgreinin ekki sjálfbær, auk þess sem fuglafjöldi í húsum sé mikill og mun það, að mati höfundar, valda því að ekki sé um landbúnað að ræða.

Vegna þessara orða er rétt að benda á að nær allar búgreinar á Íslandi eru háðar erlendum aðföngum og gætu ekki þrífist án þeirra í núverandi mynd og ættu samkvæmt röksemdarfærslu af þessu tagi því ekki að eiga rétt á sér. Greinarhöfundur kys að líta framhjá því að kjúklingar eru afar smá dýr í samanburði við til dæmis nautgripi, svín og kindur. Kjúklingar eru á fyrsta degi um 40 grömm og á þeim síðasta um 2 kíló. Nautgripur getur hæglega vegið 100 sinnum meira og oftast mun meira. Þó ekki væri nú nema af þessari ástæðu má ljóst vera að kjúklingar í eldi verða, eðli málsins samkvæmt, margir. Annað sem fer fyrir brjóstið á höfundur er að notuð sé nútíma tækni við búskapinn. Ekkert sérstakt er við það í kjúklingarækt og mætti greinarhöfundur kynna sér aðrar búgreinar til samanburðar.

Í næsta kafla greinarinnar „19 kjúklingar á fermetra“, er komið víða við. Eftir að hafa fjallað nokkuð um lífshætti villihænsna, sem að mati greinarhöfundar hafa það frekar gott, er ýmislegt tínt til sem á að sýna fram á slæm lífsskilyrði alihænsna. Fuglarnir séu aldir upp í „skúrum“, án möguleika til „eðlislægrar hegðunar“, í „ammoníakmengun“ lofti, þjakaðir af stressi og „stöðugu aðkastri sterkari einstaklinga“. Þá er vitnað í lýsingar „starfsmanna“ til vitnis um „hryllilegar aðferðir [við] tínslu og klykkt út með að „stoðkerfisvandamál(um) [valdi því að þeir geti] varla staðið í lappimar“. Hér er af nokkru að taka!

Leiði menn hugann að því að ungi sem er ekki nema um 40 grömm og komst fyrir í venjulegu hænueggi fer í rými sem er 1 fm ásamt 18 einstaklingum sömu stærðar mun flestum vera ljóst að ekki er um þrengsli að ræða, alla vega á því stigi. Fuglinn vex síðan upp í plássið og að lokum er svo komið að líkja má ástandinu við það sem er í réttunum að hausti, þegar fénu er smalað saman og dregið síðan í dilka.

Skúrarnir, sem höfundur kallar svo, eru vandaðar og vel einangraðar byggingar með loftræsti- og hitunarbúnaði til þess gerðar að búa fuglunum sem best skilyrði til lífs. Það vita þeir sem til þekkja að fuglunum líður vel í þessum byggingum og geta vel stundað þá hegðun sem greinarhöfundur er svo hugleiðin. Sé ammoníakmengun í þessum húsum er meira en lítið að (loftræstikerfi rangstíllt eða biluð?), því eins og kunnugt er finnst vel fyrir ammoníaki við 0,05% styrkleika og það verður óbærilegt upp úr því.

Að fuglarnir séu þjakaðir af stressi og verði fyrir stöðugu aðkastu eru staðlausir stafir og tilvitnanir í flökkusögur sem ekki finnast rök fyrir og eru að engu hafandi. Það er síðan áhugavert að

hugsa til þess hvernig það á að geta gengið upp að fugl sem, samkvæmt greinarhöfundur, er svo þjakaður af stoðkerfisvandamálum að hann getur ekki borið sig um og þá væntanlega ekki nærst á fóðri né vatni, hefur eftir sem áður getu til að sýna af sér þá hegðun sem áður var nefnd.

Næsti kafli, „Afstaða kjúklingaframleiðenda“, gengur út á að kvarta yfir að lítið hafi heyrst frá „kjúklingabændum í umræðunni“, vitnað er samt í undirritaðan, svo eitthvað hefur þó þrátt fyrir allt komið fram frá bændum. Einnig er kvartað undan því að gestir og gangandi fái ekki að valsa um að vild á búunum og þar tilgreint sérstaklega fjölmiðlafólk og fyrirbrigðið „Velbú“.

Varðandi þetta er það að segja að reynt hefur verið að svara svo sem unnt hefur verið ýmsu sem fram hefur komið, hvort það hefur verið nóg er svo álitamál og eflaust má

gera betur í því efni. Um frjálsan aðgang að búunum er hins vegar af ofureðlilegum ástæðum ekki að ræða. Bú bænda eru einfaldlega ekki húsdýragarðar, þeir eru hins vegar til og vilji fólk fá að horfa á dýrin er best að gera það þar. Kjúklingabú eru starfsleyfissskyld, umgangur óviðkomandi er bannaður um þau vegna smithættu og MAST fer með opinbert eftirlit með búunum. Sjálfskipaðir aðilar úr samfélaginu geta ekki reiknað með að fá að gegna því hlutverki. Þótt einhverjum kunni að þykja það merkilegt má einnig nefna það að bændur þurfa sinn vinnufrið líkt og aðrar stéttir.

